ANNA KAREN ELLERTSDÓTTIR

Finnur bæði flott föt og skó í Kolaportinu

• tíska

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

TÓMSTUNDIR

Hot-jóga, fararstjórn, prjón og Pro golf

Sérblað um tómstundir og námskeið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR

Sýnir á Kjarvalsstöðum

Fágæt hönnun til sýnis

FÓLK 36

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. september 2009 — 214. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Aldrei fleiri gistinætur

Bandalag farfugla varð sjötíu ára í ár. Allt stefnir í að gistinætur í ár verði 150 þúsund.

TÍMAMÓT 28

Lúxusferð

Ólafur Jóhannesson fer á flotta kvikmyndahátíð á Indlandi.

FÓLK 38

Hvað næst?

„Aðkoma AGS að Íslandi var nauðsynleg, þar eð íslenzk stjórnvöld stóðu ráðþrota frammi fyrir hruninu," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 18

Góður sigur hjá Íslandi

Ísland vann 3-1 sigur gegn Georgíu í vináttulandsleik á Laugardalsvelli í gærkvöldi.

ÍÞRÓTTIR 42

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING Á LEIÐINNI Í fyrstu verður hæg suðaustlæg átt en hvessir af suðvestri með kvöldinu, fyrst sunnan til. Rigning um og eftir hádegi á suðurhelmingi landsins en allvíða í kvöld, síst eystra. Milt.

VEÐUR 4

Sykurskattur hækkar íbúðalán um milljarða

Skattahækkanir sem Alþingi samþykkti í sumar hækka höfuðstól verðtryggðra íbúðalána um átta og hálfan milljarð. Höggið þungt fyrir mörg heimili.

EFNAHAGSMÁL Þær hækkanir á óbeinum sköttum, sem Alþingi hefur samþykkt í sumar, hækka höfuðstól verðtryggðra íbúðalána heimilanna um 0,7 prósent, um átta og hálfan milljarð króna.

Greiðslubyrðin hækkar sem þessu nemur, sem hefur í för með sér 700 króna hækkun á mánuði, 8.400 króna hækkun á ári, fyrir fjölskyldu sem greiðir 100.000 krónur á mánuði af verðtryggðu láni.

Hækkun opinberra gjalda á áfengi, tóbak og eldsneyti, sem samþykkt var í maí á að skila ríkissjóði fjórum milljörðum í tekjur á ári. Með hækkun vörugjalda á sælgæti og ýmsar matvörur, sem gengu í gildi 1. september, var ætlunin að auka tekjur ríkissjóðs um 2,7 milljarða á ári. Vísitöluáhrif þessara skattahækkana eru samtals um 0,7 prósent, samkvæmt útreikningum Jóns Bjarka Bentssonar, hagfræðings hjá Íslandsbanka.

„Þetta kemur með tvöföldum þunga á þau heimili sem eru með verðtryggð lán," segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. Hagstæðara sé fyrir heimilin að ríkissjóður hækki beina skatta eins og tekjuskatt og tryggingargjald, frekar en óbeina skatta eins og virðisaukaskatt og vörugjöld.

Ríkisstjórnin ætlar að auka skattheimtu um 28 til 30 milljarða króna á næsta ári, auk þess sem skorið verður niður í ríkisrekstri um 33 til 35 milljarða. Fram til 2013 þarf ríkissjóður að skapa sér 179 milljarða króna svigrúm til að greiða afborganir og vexti af erlendum lánum.

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, segir að allar tegundir skattahækkana komi til skoðunar. Um málflutning Neytendasamtakanna segir hann að sá kostnaðarauki sem fylgi beinum sköttum skili sér inn í verðlag og vísitölur þótt það gerist ekki jafnhratt og þegar óbeinir skattar séu hækkaðir.

- pg / sjá síðu 12

FUNDAÐ Í LUNDINUM Menntaráð heimsótti Norðlingaskóla í gær og að lokinni kynningu var haldinn fundur í Björnslundi. Í lundinum fá nemendur að kynnast náttúrunni og nýta hana í náminu. Norðlingaskóli er í bráðabirgðahúsnæði og hefur starfsfólk á orði að Björnslundur sé eina varanlega kennslustofan. Kjartan Magnússon, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, Anna Margrét Ólafsdóttir, Oddný Sturludóttir, Sigríður Pétursdóttir, Ólafur Mathiesen og Kjartan Eggertsson létu smá regn ekki á sig fá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á VELLINUM Flugræningjarnir slepptu öllum farþegunum úr vélinni.

Fyrsta flugráni í 37 ár:

Farþegavél var rænt í Mexíkó

MEXÍKÓ Minnst átta eru í haldi eftir að farþegavél var rænt á flugvellinum í Cancun, vinsælum ferðamannastað í austurhluta landsins.

Í vélinni voru yfir hundrað farþegar, sem var hleypt úr vélinni áður en ræningjarnir voru handteknir.

Samkvæmt mexíkóskum miðlum er óvíst hvað ræningjunum gekk til, en þeir kröfðust að fá viðtal við forseta landsins. Þeir munu í upphafi hafa viljað að vélin flygi í hringi yfir Mexíkóborg.

Flugræningjarnir komust aldrei inn í flugstjórnarklefann og farþegarnir gerðu sér fæstir grein fyrir því að vélinni hefði verið rænt, fyrr en það var tilkynnt í hátalarakerfi. - kóþ

Íslandsmeistaramót í póker:

Stórlaxar spila upp á milljónir

FÓLK „Allir bestu pókerspilarar landsins verða þarna. Við erum með menn sem eru að taka inn fleiri fleiri milljónir á ári á netinu," segir Jóhann Ólafur Schröder, einn af skipuleggjendum Íslandsmeistaramótsins í póker.

Mótið fer fram á Hilton Hótel Nordica um næstu helgi og 180 spilarar eru skráðir til leiks. Færri komast að en vilja og 30 spilarar eru á biðlista, ef einhver skyldi forfallast. Heildarverðlaunafé er rúmar sex milljónir króna.

„Frá upphafi var ég alveg 100 prósent viss um að mótið myndi fyllast," segir Jóhann Ólafur.

- afb / sjá síðu 46

Ekki gengur enn að mynda nýjan meirihluta í bæjarstjórn Álftaness:

Bæjarstjóranum var sagt upp

ÁLFTANES Bæjarstjórn Álftaness samþykkti í gærkvöld, með fjórum atkvæðum gegn þremur, að segja upp ráðningarsamningi við Sigurð Magnússon bæjarstjóra. Kristín Fjóla Bergþórsdóttir sagði af sér sem forseti bæjarstjórnar og var Kristinn Guðlaugsson kjörinn í hennar stað. Hann kemur af lista Sjálfstæðisflokksins en hin tvö af Álftaneslistanum.

Meirihlutalaust hefur verið í bæjarfélaginu í einn og hálfan mánuð eftir endurkomu Kristjáns Sveinbjörnssonar í bæjarstjórn. Viðræður um myndun nýs meirihluta hafa ekki borið árangur.

Guðmundur G. Gunnarsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir nauðsynlegt að mynda nýjan meirihluta fyrir næsta bæjarstjórnarfund, sem verður að viku liðinni. Ástandið í fjármálunum sé þannig að menn verði að taka höndum saman til að leysa vandamálin.

Pálmi Másson skrifstofustjóri gegnir nú stöðu bæjarstjóra, en samkvæmt lögum er skrifstofustjóri staðgengill bæjarstjóra. - kóp

sbarro
18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum
1990 kr.
Risa pizza
Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

SPURNING DAGSINS

Ólafur Helgi, var troðið á rétti mannsins?

„Ja, að minnsta kosti tróðu þeir greinilega illsakir hvor við annan."

Lögreglunni á Selfossi hefur borist kæra frá manni sem segir að ekið hafi verið á sig á snjótroðara. Ólafur Helgi Kjartansson er sýslumaður á Selfossi.

Samfylking vill minnisvarða um Helga Hóseasson en Framsókn vill ekki borga:

Virðing borin fyrir Helga

STJÓRNMÁL „Þeir eru mjög margir sem hafa áhuga á þessu. Ég finn fyrir því í samfélaginu að þótt fólk sé ekki endilega sammála öllu sem Helgi sagði, þá ber það virðingu fyrir þeirri staðfestu sem hann sýndi í sinni áralöngu baráttu," segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar í borgarstjórn Reykjavíkur. Á borgarráðsfundi í dag leggur Samfylking fram þá tillögu að tekið verði frá svæði í borgarskipulaginu fyrir minnisvarða um Helga Hóseasson.

Dagur segir það ekki vera stjórnmálamanna að útfæra í smáatriðum hvernig minnisvarðinn verði: „Það skiptir mestu að finna minnisvarðanum stað í skipulaginu, þannig að gert sé ráð fyrir honum þar sem margir vilja sjá Helga minnst að verðleikum. Við teljum reyndar að rétti tíminn fyrir styttugerð sé ekki núna í miðri kreppu, þegar verið er að skera niður framlög til skóla og velferðar. En kannski koma fram einhverjar skemmtilegar hugmyndir sem kosta lítið eða jafnvel ekki neitt."

MÓTMÆLANDI Margir hafa lagt til að minnisvarði um Helga Hóseasson verði reistur á horni Langholtsvegar og Holtavegar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rúm tuttugu þúsund hafa skrifað upp á það á netinu að þau vilji minnisvarða gerðan um Helga.

Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknar, sagði í viðtali við Vísi í gær að það væri ekki borgarinnar að greiða fyrir þetta. Kannski væri kominn vísir að samtökum, þannig að hver og einn þessara þúsunda legði fram litla upphæð og gerði þetta fyrir eigin kostnað. - kg, kóþ

Akureyringur játar brot:

Barði lögregluþjón með belti

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur játað brot gegn valdstjórninni, en honum var gefið að sök að hafa veist að lögreglumanni á Akureyri í sumar. Samkvæmt ákæru réðst maðurinn að að tæplega þrítugum lögregluþjóninum, sem var við skyldustörf, í anddyri íbúðar á Akureyri og sló hann í andlitið með belti. Árásin átti sér stað aðfaranótt 22. júní síðastliðins.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær og vegna þess að játning mannsins lá fyrir var málið dómtekið þá þegar. - sh

Stjórnarformaður SPRON:

Segir Vilhjálm Bjarnason ljúga

VIÐSKIPTI Guðmundur Hauksson, stjórnarformaður SPRON, segir Vilhjálm Bjarnason hafa sagt ósatt þegar hann sagði að fólk tengt Guðmundi hefði selt stofnfjárhluti sumarið 2007. Vilhjálmur fullyrti svo á Vísi í gær.

GUÐMUNDUR HAUKSSON

Guðmundur staðhæfir einnig að stjórnendur sparisjóðsins hafi ekki búið yfir upplýsingum sem áhrif hefðu getað haft á stofnfjárverðið í júlí 2007. Hann vitnar til bréfs saksóknara efnahagsbrotadeildar, sent Samtökum fjárfesta í júní 2008. Vilhjálmur er formaður þeirra. Þar kemur fram að ekki teljist tilefni til að rannsaka grun um innherjaupplýsingar vegna viðskiptanna sumarið 2007. - kóp

FÆREYJAR

Unnið verði að upptöku evru

Frumvarp tveggja stjórnarandstöðuflokka, um að unnið verði að því að gera evruna að gjaldmiðli Færeyinga, hefur fengið góðan hljómgrunn í utanríkismálanefnd Lögþingsins. Búast má við að það verði samþykkt í breyttri mynd, segir í frétt Kringvarps Færeyja.

FORNLEIFAR

Tillögur um Alþingisreit

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur skipað átta manna vinnuhóp undir formennsku Kristínar H. Sigurðardóttur, forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, sem ætlað er að gera tillögur um hvaða stefnu taka skuli varðandi fornleifarannsóknir á Alþingisreit og í næsta nágrenni og um varðveislu og sýningu á þeim fornleifum sem þegar hafa fundist.

Fjöldahandtökur í kjölfar húsleitar

Húsleit lögreglunnar leiddi til þess að fimm menn voru handteknir. Þeir eru grunaðir um að tengjast innbrotaöldu sem skollið hefur á höfuðborginni að undanförnu. Mikið magn þýfis fannst. Í gær voru aðrir fjórir handteknir.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók fjóra menn í gær vegna rannsóknar á innbrotaöldu sem riðið hefur yfir höfuðborgarsvæðið að undanförnu. Í fyrradag voru fimm manns handteknir í kjölfar húsleitar lögreglu.

Mikið magn þýfis fannst við húsleitir í gær og fyrradag, að sögn Árna Þórs Sigmundssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns á svæðisstöðinni í Mosfellsbæ, sem þjónar svæðinu austan Elliðaáa.

Það var í kjölfar handtöku lögreglunnar á fjórum mönnum sem brutust inn í verslun nýverið og stálu þar miklu magni af sígarettum sem leiddi til þess að farið var í húsleit þar sem mennirnir fimm, sem teknir voru í fyrradag, voru fyrir. Lögreglan haldlagði einnig bíl sem talinn er tengjast innbrotum.

Lögreglan á hverfisstöðvum á höfuðborgarsvæðinu vann í gær af kappi við að rekja ýmsar vísbendingar. Þær leiddu til þess að mennirnir fjórir voru handteknir. Þýfið sem lögregla fann í þessum aðgerðum samanstendur einkum af skartgripum, sjónvörpum, þar á meðal var stór sjónvarpsskjár, auk mikils magns af sportfatnaði.

Árni Þór segir talið fullvíst að þýfið sem fannst sé í það minnsta úr fjórum innbrotum. Um er að ræða þrjú innbrot á heimili og eitt í fyrirtæki, þar sem sportfatnaðinum var stolið.

Fólkið sem handtekið var er allt af pólskum uppruna. Það sætti yfirheyrslum í gærkvöld, en þá var ekki ljóst hvort gerð yrði krafa um gæsluvarðhald yfir einhverjum hluta hópsins eða öllum. Hinir handteknu hafa sumir hverjir dvalið hér á landi um skeið, en aðrir eru nýkomnir.

SKARTGRIPIR Skartgripir eru áberandi í því þýfi sem lögreglan fann í gær og fyrradag, eins og í þýfi sem tekið hefur verið á undanförnum vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrir sitja í gæsluvarðhaldi sjö manns, einnig Pólverjar, vegna rannsóknar lögreglu á innbrotaöldunni. Þrír voru teknir við innbrot 12. ágúst. Aðrir þrír sitja inni eftir að hafa verið gómaðir með mikið magn af stolnum sígarettum í svörtum ruslapoka í bíl sínum. Gæsluvarðhald þeirra rennur út á morgun. Sá sjöundi var síðan tekinn í íbúð í austurborginni þar sem mikið magn fannst af þýfi, þar á meðal skartgripir, tölvur, myndavélar og fleiri munir, sem þjófarnir höfðu gripið með sér.

Handtökurnar og húsleitirnar voru samvinnuverkefni þriggja lögreglustöðva: stöðvar III, sem er í Kópavogi, stöðvar IV, sem er í Mosfellsbæ, og stöðvar V sem er í Vesturbæ. Umrædd innbrot höfðu átt sér stað á þjónustusvæðum viðkomandi stöðva.

jss@frettabladid.is

SKEMMT Klippt var á rör og leiðslur skornar á vinnuvélum í Vatnsmýrinni aðfaranótt þriðjudags. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skemmdarverk í Vatnsmýri:

Vinnuvélar stórskemmdar

LÖGREGLUMÁL Miklar skemmdir voru unnar á um tuttugu vinnuvélum í Vatnsmýrinni, þar sem verið er að vinna að byggingu Háskólans í Reykjavík, aðfaranótt miðvikudags. Vírar og slöngur voru klipptar og skorið var á dekk.

Verktakar þurftu að taka vélar á leigu til að geta haldið starfseminni áfram. Talið er að tjónið hlaupi á milljónum króna. Ljóst er að skemmdarvargarnir hafa tekið sér góðan tíma í verk sín; þykkar glussa- og smurslöngur voru klipptar og skorið á rafmagnsvíra. Ekki er enn vitað hverjir voru að verki, en lögreglan leitar þrjótanna. - kóp

Átökin á Geirsnefi:

Hundakona hefur kært

LÖGREGLUMÁL Eigandi hunds, sem varð til þess að átök brutust út á Geirsnefi fyrr í vikunni, hefur kært aðra konu til lögreglu vegna afskipta hennar af þjálfunaraðferðum sem beitt var við hundinn.

Konan sem kærð hefur verið taldi það ósæmilega þjálfunaraðferð að berja búr hundsins utan með glerskál. Hóf hún afskipti af málinu sem leiddu til þess að til átaka kom með henni annars vegar og eigandanum, móður hennar og bróður hins vegar.

Lögregla var kölluð á staðinn og ók hún konunni sem afskipti hafði af þjálfuninni á slysadeild. - jss

Staða gjaldeyrisreikninga fyrirtækja enn há samkvæmt upplýsingum Seðlabanka:

Eiga 154 milljarða í gjaldeyri

EFNAHAGSMÁL Innstæður íslenskra fyrirtækja á gjaldeyrisreikningum í íslenskum fjármálastofnunum voru heldur lægri í júní og júlí en þær voru síðustu tvo mánuði á undan. Innstæðurnar eru þó mun hærri en þær voru að meðaltali mánuðina fyrir hrun.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu nýverið telja sérfræðingar aukna uppsöfnun gjaldeyris á reikningum benda til þess að fyrirtæki skipti ekki gjaldeyri í krónur komist þau hjá því.

Íslensk fyrirtæki áttu andvirði samtals 154,4 milljarða króna á gjaldeyrisreikningum í júlí og 146,8 milljarða í júní. Það er nokkru lægra en í maí, þegar þau áttu 173,5 milljarða, en talsvert meira en í febrúar, þegar eignin stóð í 126,9 milljörðum króna.

Seðlabankinn hefur reiknað út stöðu á gjaldeyrisreikningum á föstu gengi janúar í 2007, til að kanna stöðuna á reikningunum án þess að sveiflur í gengi brengli myndina. Þar er þó ekki tekið tillit til vægi mismunandi gjaldmiðla heldur notast við gengisvísitölu.

Á föstu gengi áttu fyrirtækin að meðaltali 100,5 milljarða á reikningunum í hverjum mánuði fyrstu sex mánuði ársins 2009. Á sama tímabili 2008 áttu þau 119,8 milljarða, og árið 2007 að meðaltali 114,9 milljarða. Sveiflur á gengi krónunnar hafa því veruleg áhrif á stöðu reikninganna. - bj

GJALDEYRIR Sveiflur á gengi krónunnar hafa mikil áhrif á útreikninga á stöðu gjaldeyrisreikninga.

Frystikistur og skápar

FRÁBÆRT VERÐ
MIKIÐ ÚRVAL

Frigor

79.990

Frystiskápur
FHF 142-55
155 ltr, 142 x 58 x 55 sm
1805493

74.990

Frystikista
G215
197 ltr, 84 x 89,5 x 59 sm
1805482

89.990

Frystikista
272 ltr, 89,5 x 102 x 64,5 sm
1805487

Haustið er fallegur tími í Blómavali

Erikurnar eru komnar!
3 stk að eigin vali
1199 kr

Tilboð
Burkni, 50sm
1990 kr

Tilboð
Burkni, 25sm
899 kr

Haustlaukar
magnpakkning
1499 kr

HÚSASMIÐJAN x blómaval

Fráber saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavixl og eru háðar lagerstöðu.

GENGIÐ 09.09.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	124,21	124,81
Sterlingspund	205,03	206,03
Evra	179,99	180,99
Dönsk króna	24,177	24,319
Norsk króna	20,888	21,012
Sænsk króna	17,613	17,717
Japanskt jen	1,3424	1,3502
SDR	195,44	196,6

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 220,5111

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sérstakur saksóknari vísar kærum Fjármálaeftirlitsins á blaðamenn frá:

Hagsmunir að segja frá brotum

DÓMSMÁL Sérstakur saksóknari hefur vísað fimm kærumálum Fjármálaeftirlitsins (FME) á hendur blaðamönnum frá. Meðal þess sem vísað er til er lýðræðislegt hlutverk fjölmiðla og almannahagsmunir sem felast í að greina frá brotum.

Sex blaðamenn, þau Agnes Bragadóttir og Þorbjörn Þórðarson á Morgunblaðinu, Reynir Traustason og Ingi F. Vilhjálmsson á DV, Kristinn Hrafnsson, fyrrverandi fréttamaður á Stöð 2, og Egill Helgason hjá RÚV og Eyjunni, voru kærðir fyrir að brjóta lög um bankaleynd. Kærunum er vísað frá dómi á misjöfnum forsendum.

Í tilvikum Agnesar og Kristins er vísað til þess að kærufrestur FME hafi löngu verið liðinn þegar kært var. Egill er sagður hafa fjallað um málefni bankans, sem ekki ríki bankaleynd yfir, og vísað er til tjáningarfrelsis hans.

VÍSAÐ FRÁ Kæru á hendur Agnesi Bragadóttur var vísað frá líkt og hinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í tilvikum Inga og Reynis og Þorbjörns er viðurkennt að blaðamennirnir hafi haft upplýsingar úr lánabók Kaupþings er varða viðskipta- og einkamálefni viðskiptavina. Hins vegar segir að þeir hagsmunir vegist á við stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi blaðamannanna, lýðræðislegt hlutverk fjölmiðla að stuðla að upplýstri umræðu og þá almannahagsmuni að vekja athygli á rannsóknarverðum athöfnum.

Þá segir að þar sem leynd hafi verið rofin á gögnunum sé ekki hægt að endurvekja hana og umfjöllun blaðamannanna sé ekki brot á lögum um bankaleynd. - kóp

Samkeppniseftirlit funda:

Norðurlöndin sameina krafta

VIÐSKIPTI Samkeppniseftirlitið og systurstofnanir þess á Norðurlöndum halda sameiginlegan kynningarfund í Reykjavík í dag. Þar verða kynntar sameiginlegar áherslur sem þau hyggjast byggja á í starfi sínu á næstu misserum. Hvatinn að fundinum eru þeir efnahagsörðugleikar sem öll löndin búa við.

Kynnt verður ný skýrsla norrænu samkeppniseftirlitanna, „Competition Policy and Financial Crises – Lessons Learned and the Way Forward“.

Forstjórar allra samkeppniseftirlitanna á Norðurlöndum munu taka þátt í fundinum. - shá

STRÍÐIÐ Á GASA Bæði Ísraelar og Palestínumenn eru sagðir hafa framið stríðsglæpi í átökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelsk mannréttindasamtök:

Mannfallið á Gasa vanmetið

ÍSRAEL, AP Ísraelsku mannréttindasamtökin B'Tselem segja stjórnvöld og her vanmeta mjög í opinberum skýrslum mannfallið sem varð í þriggja vikna hernaði á Gasasvæðinu um síðustu áramót.

Ítarlegar rannsóknir samtakanna leiða í ljós að alls féllu nærri 1.400 íbúar á Gasa, þar af 773 almennir borgarar. Þessar tölur eru nokkurn veginn samhljóða fullyrðingum Palestínumanna, sem höfðu birt nöfn hinna látnu.

Ísraelsher hefur sagt að 1.166 Palestínumenn hafi fallið, þar af 295 almennir borgarar. Ísraelsher hélt því fram að 89 þeirra hefðu verið á barnsaldri, en B'Tselem segir 252 hafa verið yngri en sextán ára. - gb

ÍSAFJÖRÐUR

Vilja bæta sorpbrennslu

Íbúafundur sem haldinn var á Ísafirði á þriðjudag skoraði á bæjarstjórnina að byrja þá endurbyggingu sem þarf á sorpbrennslustöðinni Engidal. Undirskriftalistar þess efnis liggja frammi í bæjarfélaginu. Bæta þarf mengunarbúnað brennslunnar.

Skerðingar á móti hærri framfærslu

Draga verður úr kostnaði til að hægt sé að hækka grunnframfærslu LÍN í 120 þúsund krónur á mánuði. Aukin skerðing vegna tekna og réttur til bóta afnuminn. Námsmenn fagna hækkun en reikna með að skerðingar verði tímabundnar.

MENNTAMÁL Réttur námsmanna til atvinnuleysisbóta í sumarfríi verður afnuminn, skerðing á námslánum vegna tekna aukin og tekið verður harðar á námsmönnum sem þiggja atvinnuleysisbætur til að skera niður kostnað á móti fimmtungshækkun grunnframfærslu námslána.

Stjórnvöld tilkynntu í gær að grunnframfærsla námslána Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) skyldi hækka úr 100 þúsund krónum á mánuði í 120 þúsund krónur á mánuði, eins og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær. Framfærsla námsmanna sem búa í foreldrahúsum mun þó standa í stað, og verður 50 prósent af grunnframfærslu.

Kostnaðarauki LÍN við þessa breytingu er um einn milljarður króna á ári, segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra. Hún segir að með því að hækka tekjuskerðingarhlutfall úr 10 prósentum í 35 prósent, með 750 þúsunda króna frítekjumarki, megi lækka kostnað LÍN um 300 milljónir króna á móti þessum kostnaði.

Auk þess er reiknað með að kostnaður félags- og tryggingamálaráðuneytisins lækki um 700 til 900 milljónir króna, segir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra. Draga á úr kostnaði ráðuneytisins með því að afnema rétt námsmanna til atvinnuleysisbóta yfir sumartímann. Þá verður atvinnuleysisskrá samkeyrð við nemendaskrá háskólanna til að nemendur í lánshæfu námi þiggi ekki bætur.

Árni Páll segir mikilvægt á krepputímum að éta ekki útsæðið, og standa vörð um möguleika fólks til að mennta sig. Hækkun á námslánum muni vonandi leiða til þess að fleiri sæki í nám í stað þess að þiggja atvinnuleysisbætur. Í því skyni verði til að mynda frítekjumark vegna skerðingar á námslánum fimmfalt, 3.750 þúsund krónur, hjá þeim sem hafi verið á vinnumarkaði en vilji hefja nám á ný.

Breytingar á námslánum koma til framkvæmda strax, en þeir sem hafa sótt um lán fyrir haustönn þurfa að sækja aftur um ef þeir vilja njóta góðs af. brjann@frettabladid.is

BREYTINGAR Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra kynntu breytingar á fyrirkomulagi námslána í menntamálaráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HÆKKUN UMFRAM VERÐLAGSÞRÓUN

„Við erum ánægð með þessa hækkun, en finnst miður hversu tekjuskerðingin er há," segir Rakel Lind Hauksdóttir, fulltrúi Bandalags íslenskra námsmanna í stjórn LÍN, spurð um breytingar sem kynntar voru í gær.

Hún segir aukna tekjuskerðingu þó skiljanlega í því ástandi sem nú sé, og mikilvægt að þeir peningar sem renni í málaflokkinn fari til þeirra sem þurfi mest á þeim að halda.

„Þetta er fyrsta skrefið í að hækka lánin til jafns við atvinnuleysisbætur," segir Ingólfur Birgir Sigurgeirsson, fulltrúi Stúdentaráðs í stjórn LÍN. Hann segir námsmenn líta svo á að aukin skerðing vegna tekna sé tímabundin ráðstöfun sem muni ganga til baka þegar betur ári.

Bankastjóri Nýja Kaupþings:

Samdi lög sem banna gengislán

EFNAHAGSMÁL Bankastjóri Nýja Kaupþings átti þátt í að semja lög sem banna gengistryggð krónulán og þáttur hans í innheimtu þeirra er því sérlega ámælisverður, sagði Björn Þorri Viktorsson lögmaður í fréttum Stöðvar 2 í gær.

FINNUR SVEINBJÖRNSSON

Björn Þorri er lögmaður hjóna sem hafa kært bankann og bankastjórann til efnahagsbrotadeildar lögreglu. Þau tóku 23 milljóna króna lán árið 2007, sem nú stendur í 56 milljónum.

Lengi hefur því verið haldið fram að gengistryggðu lánin kunni að vera ólögleg. Gunnar Tómasson hagfræðingur tók undir það í Kastljósi RÚV á þriðjudag. - kóþ

Vinstri grænn í Reykjavík:

Sala HS Orku væri glapræði

STJÓRNMÁL Félagsfundur Vinstri grænna í Reykjavík fordæmir fyrirætlanir meirihluta borgarstjórnar um að selja hlut Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku.

Ályktun þess efnis var samþykkt á fundi á mánudag.

Er það skoðun fundarins að orkufyrirtæki eigi að vera í almannaeigu. Mikilvægt sé að standa vörð um auðlindir og glapræði að selja orkufyrirtæki til einkaaðila.

Er skorað á borgarstjórn að hafna samningi Magma Energy Sweden við Orkuveituna. - bþs

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA

-5 kr.

VIÐ FYRSTU NOTKUN Á ÓB-LYKLINUM OG SÍÐAN ALLTAF -2KR.

ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.

www.ob.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

VATNSVEÐUR
Í dag og á morgun verður úrkomusamt á landinu sunnanverðu. Raunar verður úrkomulítið með morgninum en um og eftir hádegi verður komin rigning á suðurhelmingi landsins og síðan siglir úrkoman yfir landið og má búast við úrkomu víða undir kvöld, síst þó reyndar á Austurlandi. Á morgun verður svo töluverð úrkoma sunnanlands og vestan.



HEIMURINN

Alicante	28°
Amsterdam	20°
Basel	25°
Berlín	24°
Billund	20°
Eindhoven	21°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	21°
Kaupmannahöfn	20°
Las Palmas	27°
London	22°
New York	18°
Orlando	31°
Osló	19°
París	22°
Róm	29°
Stokkhólmur	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán.
fylgir símatilboðum Nova.
Gildir í áskrift og frelsi.

0 kr. útborgun
Nokia 3120
Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.

3.900 kr. útborgun
Samsung U800
Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 27.900 kr.

0 kr. Nova í Nova
– einnig fyrir myndsímtöl!

Ertu mikið fyrir að borga lítið?

O kr. Nova í Nova fyrir símtöl, myndsímtöl, SMS og MMS til rúmlega fimmtíu þúsund viðskiptavina Nova – hvort sem þú þekkir þá eða ekki. Vertu velkomin(n) á stærsta skemmtistað í heimi!

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

DAGUR & STEINI

KJÖRKASSINN

Á að reisa minnisvarða um Helga Hóseasson á horni Langholtsvegar og Holtavegar?

Já	72,8
Nei	27,2

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætti að tengja húsnæðislán við launavísitölu?

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Halldór Halldórsson hættir sem bæjarstjóri á Ísafirði eftir tólf ár í starfi:

Ekki hættur í stjórnmálunum

STJÓRNMÁL Halldór Halldórsson hefur tilkynnt félögum sínum í Sjálfstæðisflokknum á Ísafirði að hann hyggist ekki gefa kost á sér til endurkjörs við sveitarstjórnarkosningarnar að ári. Halldór hefur verið bæjarstjóri Ísafjarðar í tólf ár og gegnir einnig stöðu formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga nú um stundir.

Halldór segir enn óráðið hvað hann taki sér fyrir hendur; hann sé ekki að hætta til að fara í ákveðið starf. „Ég hef verið þeirrar skoðunar að maður eigi ekki að vera mosavaxinn í starfi, það er bara mín persónulega skoðun. Þá eiga menn alls ekki að vera mosavaxnir sem kjörnir fulltrúar," segir Halldór, en frá árinu 2002 hefur hann verið oddviti Sjálfstæðisflokksins í bænum. Hann var ráðinn bæjarstjóri fjórum árum fyrr.

HÆTTIR Í VOR Halldór lætur af störfum bæjarstjóra Ísafjarðar í vor. Hann situr sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga til haustsins 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ýmsar vangaveltur hafa verið uppi um framhaldið og hefur verið nefnt að sjálfstæðismenn í Hafnarfirði hafi sóst eftir liðsinni hans. Halldór vill ekki staðfesta það, en segir þó þrjú sveitarfélög hafa haft samband við hann. Allt sé þó óráðið og fyrsti valkostur sé að búa áfram á Ísafirði.

Hann segist ekki hættur í stjórnmálum og vilja helst geta starfað áfram við eitthvað þeim tengt. Hann útilokar ekki framboð til Alþingis. Halldór segir óvíst hver taki við oddvitastöðunni en mörg nöfn hafi verið nefnd. - kóp

Ferðamenn á Íslandi:

Fleiri Bandaríkjamenn

FERÐAÞJÓNUSTA Fyrstu sex mánuði þessa árs höfðu sjö prósentum fleiri ferðast frá Bandaríkjunum til Íslands miðað við sama tíma árið áður. Á sama tímabili höfðu 9,5 prósentum færri ferðast frá Bandaríkjunum til Evrópu.

Pétur Þ. Óskarsson, formaður stjórnar verkefnisins Iceland Naturally, sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og einkafyrirtækja um kynningu Íslands vestanhafs, segir Bandaríkjamenn að mörgu leyti vera dýrmætari ferðamenn en aðrir. „Þeir koma flestir utan háannatíma og stoppa stutt við en eyða miklu fé," segir Pétur. - kg

Sameining sveitarfélaga:

Ráðherra setur fram nýja leið

SVEITARSTJÓRNARMÁL Kristján L. Möller, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, hefur kynnt stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þá hugmynd sína að kannaðir verði mögulegir sameiningarkostir í hverjum landshluta sem síðar yrðu lagðir fyrir Alþingi. Látið yrði í staðinn af fyrirætlunum um að hækka lágmarksíbúafjölda úr 50 í 1.000.

KRISTJÁN MÖLLER

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, mun kynna viðhorf ráðherrans í stjórn sambandsins og í framhaldinu fara fram frekari umræður um leiðir til sameiningar sem lið í eflingu sveitarstjórnarstigsins. - shá

FERÐAMENN Markvisst átak verður til að fjölga ferðamönnum frá október til desember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjölmargir í samstarfi:

Átak gert í ferðamálum

FERÐAMÁL Blásið hefur verið til átaks til að efla ferðaþjónustuna hér á landi. Það eru iðnaðarráðuneytið, Ferðamálastofa, Útflutningsráð og Reykjavíkurborg sem taka höndum saman um málið.

Auglýst hefur verið eftir tillögum frá íslenskum ferðaþjónustuaðilum að samstarfsverkefnum til að markaðssetja Ísland frá október til desember í ár. Umsækjendur þurfa að leggja fram mótframlag, að lágmarki helmingi hærra en framlag Ferðamálastofu. Gert er ráð fyrir fimmtíu milljónum króna af opinberu fé og 100 milljónum í mótframlag. Hámarksframlag til eins verkefnis er tíu milljónir, en fimm milljónir að lágmarki. - kóp

ÖSKUBUSKUSAGA

Leitað að vinstri skó

Einn gesta dansleiks á Reykhóladeginum um síðustu helgi varð fyrir því óláni að tapa vinstri skó sínum. Frá þessu segir á vef Reykhóla. Um forláta rauðan strigaskó var að ræða sem viðkomandi hafði átt í yfir tuttugu ár. Hans er því sárt saknað og finnendur eru beðnir að hafa sambandið við heimilisfólk á Gróustöðum.

SLYS

Bjargað úr sjálfheldu

Erlendum ferðamanni var bjargað úr sjálfheldu í Þverfelli í Engidal í Skutulsfirði í gær. Maðurinn var með farsíma og gat sjálfur hringt eftir aðstoð. Björgunarfélag Ísafjarðar bjargaði manninum, sem sat fastur í klettabelti.

Mállaus börnin vissu ekki hvar þau voru

Margir nemenda Heyrnleysingjaskólans misstu tengsl við fjölskyldur sínar. Þeir skildu ekki það sem fram fór í kennslustundum og telja sig hafa haft lítið gagn af náminu. Margir voru beittir líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi í skólanum.

FÉLAGSMÁL Kafli nýrrar skýrslu vistheimilanefndar um Heyrnleysingjaskólann er sláandi. Í honum lýsa nemendur skólagöngu sinni, og lífi sínu þar með, en lengi bjuggu flestir nemenda á vist skólans. Var sumum ekið í skólann að hausti og sóttir að vori.

Flestir þeirra sem voru í Heyrnleysingjaskólanum á árabilinu 1947-1968 hófu nám á fjórða eða fimmta aldursári. Í skýrslunni segir að flestir þeirra sem nefndin ræddi við hafi lýst að þeir hafi að litlu leyti haft hugmynd um hvert þeir væru komnir og hversu lengi þeir ættu að dvelja í skólanum.

Kona úr röðum viðmælenda lýsir að hún hafi grátið dögum saman og fundist hún mæta kulda frá starfsmönnum heimavistar. Hún er nú á sjötugsaldri og kveðst aldrei hafa sætt sig við að hafa verið send í skólann og skilin þar eftir í hópi ókunnugra.

Athyglisvert er að það er nánast samdómaálit viðmælenda vistheimilanefndar úr röðum nemenda við Heyrnleysingjaskólann að þeir skildu ekki það sem fram fór í kennslustundum og töldu sig hafa lítið gagn af náminu. Stóð það þó í mörg ár.

Á þessum tímum var svokölluð talmálsstefna kennd við skólann en hún miðaði að því að kenna heyrnarlausum börnum að tala með rödd og lesa af vörum. Notkun táknmáls í skólanum var illa séð, ef ekki hreinlega bönnuð.

STAKKHOLT Heyrnleysingjaskólinn var til húsa að Stakkholti í Reykjavík frá 1917 til 1971 þegar hann fluttist í Öskjuhlíð. Húsið sem skólinn var í við Stakkholtið hefur verið rifið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kennslustefnu skólans var breytt á níunda áratugnum.

Nefndin ræddi við sextíu nemendur Heyrnleysingjaskólans og hafði meira en helmingur þeirra sögu af ofbeldi að segja. Hafði fólkið ýmist orðið sjálft fyrir ofbeldi eða séð skólasystkin sín beitt ofbeldi.

Margar samhljóða sögur voru sagðar um illa meðferð eða ofbeldi af hendi skólastjórans og eins kennara. Báðir eru látnir og því ómögulegt að bera sögurnar undir þá.

Skólastjórinn var til að mynda sagður hafa átt til að taka í eyrun á nemendum, slá þá í fingurna og klípa þá í húðina undir hökunni. Enn fremur komu fram frásagnir um að hann hefði hýtt tiltekinn nemanda með belti.

Vöktu þessar athafnir skólastjórans og kennarans ótta í hugum nemenda, sem skildu oft ekki af hverju þær stöfuðu. Áttuðu þeir sig ekki á fyrir hvað verið var að refsa þeim.

Átján þeirra sem nefndin ræddi við greindu frá því að hafa sætt kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni eða hafa orðið vitni að slíku. Var það ýmist framið af öðrum nemendum, tilteknum kennurum eða utanaðkomandi einstaklingi. bjorn@frettabladid.is

LEITUÐU Í SKELFINGU AÐ FORELDRUNUM

- Tveir einstaklingar greindu meðal annars frá því að hafa mætt með foreldrum sínum í skólann og ekki áttað sig á því hvert þeir væru komnir. Hafi þeir síðan verið háttaðir ofan í rúm á heimavist skólans í svefnsal þar sem fjöldi barna svaf hlið við hlið en vaknað næsta morgun fullir skelfingu og reynt að leita að foreldrum sínum í byggingunni.
- Sumir viðmælenda nefndarinnar töldu sig hafa misst tengsl við fjölskyldur sínar og ekki hafa myndað aftur góð tengsl við þær og röktu það til þess að þeir hefðu ekki hitt fjölskyldu sína allt skólaárið, á um níu mánaða tímabili, einkum þeir sem hefðu átt langt heim að sækja. Langur aðskilnaður, þau ár sem einstaklingarnir dvöldu á heimavist, hefði haft þær afleiðingar að samskipti við fjölskyldur á fullorðinsárum hefðu ekki verið eðlileg.
- Fjórar frásagnir voru af því að börn hefðu stundum verið þvinguð til að neyta matar á matmálstímum sem þau vildu ekki borða. Það hefði verið gert með þeim hætti að haldið hefði verið um kinnar nemenda eða um höfuð og mat þvingað ofan í þá.
- Meirihluti starfsmanna varð var við vanlíðan hjá nemendum skólans og þá einkum meðal yngstu nemendanna þegar þeir komu til dvalar á heimavist um fjögurra ára aldur, en þó einnig hjá eldri nemendum skólans. Þeir töldu að sú staðreynd að heyrnarlaus og heyrnarskert börn hefðu verið send að heiman á barnsaldri hefði vissulega valdið þeim vanlíðan sem starfsfólk hefði almennt orðið vart við og verið meðvitað um.

Skyndileg flóð í Istanbúl vegna mestu úrkomu sem þar hefur orðið í áttatíu ár:

Borgarbúar áttu fótum fjör að launa

TYRKLAND, AP Að minnsta kosti tuttugu manns létu lífið vegna skyndiflóða í gær í Istanbúl. Alls hafa nærri þrjátíu manns farist í flóðum við norðvesturströnd Tyrklands nú í vikunni.

Vegfarendur á fjölfarinni hraðbraut áttu sér einskis ills von þegar vatnið streymdi skyndilega yfir veginn.

„Ég greip dóttur mína, fór úr bílnum og átti fótum mínum fjör að launa," sagði Mihat Demirata, einn ökumannanna. „Ég er viss um að mörgum tókst ekki að bjarga lífi sínu."

Flóðin stafa af gríðarlegu úrhelli, því mesta sem orðið hefur í áttatíu ár. Flóðin urðu til þess að tvær ár innan borgarmarkanna flæddu yfir bakka sína. Vatnið í ánum varð of mikið til þess að það kæmist eðlilega leið til sjávar.

Allt að tveggja metra djúpt vatn flæddi yfir Ikitelli-verslunarhverfið og hraðbraut sem liggur frá Istanbúl til Grikklands og Búlgaríu. Afleiðingin varð meðal annars sú að leiðin til Ataturk-flugvallarins lokaðist.

Á stæði fyrir flutningabifreiðar fundust sjö lík og bifreiðarnar lágu eins og hráviði um allt. Sjö önnur lík fundust í lítilli fólksflutningabifreið fyrir utan vefnaðarvöruverksmiðju í Ikitelli-hverfinu. Þar var um að ræða konur sem voru að mæta til vinnu í verksmiðjunni. - gb

FLUTNINGABÍLAR EINS OG HRÁVIÐI Sjö lík fundust á þessu bifreiðastæði í gær eftir flóðin miklu sem ekki gerðu boð á undan sér. NORDICPHOTOS/AFP

Amerísk leikföng
á frábæru verði

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ

Littlest Pet Shop

NÝJA RISAVAXNA PET SHOP HÚSIÐ
2 dýr og fullt af aukahlutum fylgja
12.999kr

NÝJUSTU PET SHOP PAKKARNIR
Margar tegundir
1.198kr

MARVEL

MARVEL OFURHETJUR
Ofurhetjur í sömu stærð og STAR WARS fígúrur
1.999kr

G.I. JOE THE RISE OF COBRA

G.I. JOE FÍGÚRUR
Margar tegundir
1.998kr

STAR WARS THE CLONE WARS

FÍGÚRA OG FARARTÆKI EÐA STÓRT VÉLMENNI
Margar tegundir
3.999kr

TRANSFORMERS

BREYTANLEG VÉLMENNI
Margar tegundir
3.599kr

Wheelie, Brawl, Smokescreen, Skids, Bumblebee, Soundwave, Rampage, Breakaway, Chromia

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 20. september á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hve mikið hækkar framfærsla námsmanna hjá LÍN?*

2 *Í hvaða borg í Bandaríkjunum eru nú íslenskir dagar?*

3 *Hvaða ungi íslenski knattspyrnumaður hefur staðið sig gríðarlega vel með Odense Boldklub?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Fáir mættu til að mótmæla hernámi Ísraela á Kópavogsvelli í gær:

Sjö-núll fyrir Íslendingum

ÍÞRÓTTIR Íslendingar sigruðu Ísraela með sjö mörkum gegn engu í leik U17-liða kvenna á Kópavogsvelli í gær. Þar af skoraði Þórdís Sigfúsdóttir tvö mörk, með mínútu millibili. Leikurinn var þáttur í undankeppni fyrir Evrópumótið 2011.

Félagið Ísland-Palestína hafði boðað til kurteislegra mótmæla á leiknum, til að minna á að „Ísrael skuli sniðgengið á sviði viðskipta, menningar- og íþróttaviðburða á meðan ísraelsk yfirvöld neita að fara að samþykktum Sameinuðu þjóðanna“.

Um tíu manns voru að mótmæla þegar ljósmyndara blaðsins bar að garði.

FRÁ MÓTMÆLUNUM Þótt mótmælendurnir hafi verið fáir gátu þeir huggað sig við mikinn sigur gegn Ísraelsmönnum á Kópavogsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lögreglumenn voru á staðnum og talað um að óeinkennisklæddir sérsveitarmenn væru þar einnig.

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknar í Kópavogi og vallarstjóri Kópavogsvallar, gat ekki staðfest þetta.

„Þetta er ekki vinnunúmerið mitt sem þú ert að hringja í, þetta er einkanúmerið mitt,“ sagði hann í upphafi samtals. Miklu skipti í hvort númerið væri hringt.

Spurður seinna í samtalinu hvort hann gæti staðfest þetta með sérsveitarmennina sagði hann:

„Nei, enda tala þeir ekkert sérstaklega við mig. Það er bara opið, ekki selt inn eða neitt.“ Hann vissi þó til að lögreglubíl hefði verið lagt fyrir utan. - kóþ

Drykkjumaður í Kanada:

Ævilangt fangelsi fyrir akstur

KANADA, AP Tæplega sextugur Kanadamaður, Roger Walsh, var dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir að aka niður konu í hjólastól.

Walsh var blindfullur og ók skömmu síðar út í skurð þar sem hann var svo handtekinn. Þetta var í nítjánda sinn sem hann hlýtur dóm fyrir að aka undir áhrifum áfengis.

Dómari í Quebec sagði Walsh greinilega óforbetranlegan og miklar líkur á að hann brjóti af sér í framtíðinni.

Þetta er í fyrsta sinn í sögu Kanada sem lífstíðardómur er kveðinn upp vegna ölvunaraksturs. - gb

FRÁ AKRANESI 45 manns vinna í verksmiðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/H.KR

Sementsverksmiðjan:

Stjórnvöld tryggi rekstur

ATVINNUMÁL Bæjarstjórn Akraness samþykkti á fundi sínum á þriðjudag áskorun til ríkisstjórnarinnar um að rekstur Sementsverksmiðjunnar á staðnum verði tryggður til framtíðar. Skessuhorn segir frá.

Í samþykktinni kemur fram að rekstur verksmiðjunnar sé mikilvægur hlekkur í atvinnustarfsemi á Íslandi. Allt að 150 manns á Akranesi byggi afkomu sína á starfsemi verksmiðjunnar og mjög veigamiklir hagsmunir felist í gjaldeyrissparnaði með notkun íslensks hráefnis. Þá skorar bæjarstjórn Akraness á þingmenn Norðvesturkjördæmis að fylgja ályktuninni eftir. - shá

Verkalýðsfólk myrt í Kólumbíu:

Alls 27 myrtir frá áramótum

KÓLUMBÍA Alls hafa 27 baráttumenn fyrir réttindum verkafólks verið myrtir í Kólumbíu frá áramótum. Tveir voru myrtir í síðustu viku, að því er fram kemur á vef ASÍ. Verkalýðshreyfingin í Kólumbíu og hin alþjóðlega hafa ítrekað beðið kólumbísk stjórnvöld um að stöðva blóðbaðið, segir á vef ASÍ.

Annar þeirra sem myrtir voru í síðustu viku starfaði fyrir alþjóðafyrirtækið Nestlé. Skömmu áður en hann var skotinn til bana hafði verkalýðsfélag hans sett fram kröfur á hendur fyrirtækinu. - bj

Tenging við laun er skammgóður vermir

Hugmyndir Josephs Stiglitz um verðtryggingunna gætu stuðlað að styrkari hagstjórn, en hafa einnig mikla ókosti. Eðlilegra væri að auka áherslu á óverðtryggð lán, ef krónan leyfir. Hann þekki kannski ekki íbúðakerfið fyllilega.

EFNAHAGSMÁL Hugmyndir hagfræðingsins Josephs Stiglitz, um að húsnæðislán skuli tengd launum fremur en vísitölu neysluverðs, yllu því að meira samræmi yrði í þróun greiðslugetu og greiðslubyrði, yrðu þær framkvæmdar. Einnig leiddi sú tenging til minni sveiflna.

Það kann þó að vera „skammgóður vermir fyrir lántakendur að viðmiði verðtryggðra lána verði breytt á þennan hátt,“ segir í pistli greiningardeildar Íslandsbanka.

Þar eru reifuð sjónarmið Stiglitz, úr blaðinu í gær. Hagfræðingurinn sagði þar að íslensk húsnæðislán hefðu verið gallaðar vörur, sem tryggðu lánveitandann en gerðu út af við lántakandann. Meðal lausna væri fyrrgreind tenging við laun og lenging lána til áratuga, fyrir þá sem ekki geta borgað.

Þessar hugmyndir geta haft í för með sér mikla ókosti, segir greiningardeildin.

Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá Íslandsbanka, segir að orð Stiglitz hljómi eins og hann hafi ekki gert sér fullkomlega grein fyrir því hvernig íbúðalánakerfið hér virkar.

„Flestir eru lítið að borga niður höfuðstólinn. Þótt svoleiðis lán sé lengt lækkar greiðslubyrðin sáralítið, jafnvel þótt farið sé úr fjörutíu ára láni og í sjötíu,“ segir Jón Bjarki.

Honum þætti eðlilegra að auka áherslu á óverðtryggð lán. „Ef ekki er hægt að gera það eins og í löndunum í kringum okkur er það til marks um að íslenska krónan sé vandmeðfarnari en gjaldmiðlar í nágrannalöndunum,“ segir hann.

ÍBÚÐIR Í MIÐBÆNUM Lántakendur borga og borga en eignast lítið í húsnæðinu sínu. Nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stiglitz hefur stungið upp á því að lán verði tengd launum frekar en neysluverði. Greiningardeild Íslandsbanka mælir ekki með því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VIÐBRÖGÐ VIÐ STIGLITZ

- „Ég hef barist gegn þessari glórulausu verðtryggingu frá því nokkru fyrir aldamót. [...] Verðtryggingin verður að fara og við verðum að búa við lán sem eru sambærileg því sem gerist á hinum Norðurlöndunum.“ - Jón Magnússon, fyrrverandi þingmaður.
- „Það er ekki góð hugmynd að tengja lán fremur við launavísitölu en neysluverðsvísitölu!! [...] Ef spár um hagvöxt á næsta ári ganga eftir snýst þessi þróun aftur við og þá hefði betur verið heima setið en af stað farið!“ - Tryggvi Þór Herbertsson þingmaður.

Í pistli greiningardeildar er bent á að breytingar á launavísitölu fylgi almennri hagsveiflu betur en verðbólgan, sem hafi „tilhneigingu til að hækka snarpt í kjölfar falls krónu á samdráttartímum, og auka þar með við erfiðleika skuldara á samdráttartímum“. Fyrirkomulag Stiglitz gæti því stutt betur við hagstjórnina en ríkjandi skipan.

Sé litið til lengri tíma megi hins vegar sjá að launavísitala hefur hækkað um 29 prósent umfram vísitölu neysluverðs síðan 1991, þrátt fyrir neikvæða kaupmáttarþróun undanfarið. Höfuðstóll þeirra og greiðslubyrði hefði því hækkað hraðar en ella í launatengingu.

Jón Bjarki fellst þó á að það, að ekki sé gert ráð fyrir því að laun kunni að lækka þegar verðbólga aukist, sé vissulega „stóri gallinn við kerfið“. klemens@frettabladid.is

KAMEI, HATOYAMA OG FUKUSHIMA Leiðtogar stjórnarflokkanna þriggja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarmyndun í Japan:

Tveir smáflokkar með í stjórn

JAPAN, AP Yukio Hatoyama, leiðtogi Lýðræðisflokksins í Japan, hefur boðið tveimur smáflokkum að ganga með sér í stjórnarsamstarf, þrátt fyrir ágreining flokkanna þriggja um utanríkismál og veru bandarískra hermanna á eyjunni Okinawa.

Þau Shizuka Kamei, leiðtogi Nýja þjóðarflokksins, og Mizuho Fukushima, leiðtogi Sósíaldemókrata, segja stjórnarsáttmálann góðan. Bæði verða þau ráðherrar í nýju stjórninni.

Lýðræðisflokkurinn vann yfirburðasigur í þingkosningum fyrr í mánuðinum, og gæti myndað stjórn án aðildar annarra flokka. Í næstu viku kýs þingið um nýja ríkisstjórn. - gb

SJÁVARÚTVEGSMÁL

Lítið veitt af úthafskarfa

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu NEAFC (Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni) var búið að veiða 2.310 tonn af úthafskarfa 7. september. Þetta eru 22 prósent af umsömdum sameiginlegum 10.500 tonna kvóta aðildarþjóða NEAFC.

Þrjú íslensk skip hafa fengið leyfi til þessara veiða og samkvæmt upplýsingum Fiskistofu hafa þau ekki haldið til veiða.

Hugsum um heilsuna og borðum fisk.

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

tilboðið gildir í dag

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Þú greiðir niður yfirdráttinn, við lækkum vextina.

María Guðmundsdóttir
viðskiptavinur Íslandsbanka

Margir gera sér ekki grein fyrir því hversu dýrt er að vera með yfirdráttarlán árum saman. Íslandsbanki vill auðvelda viðskiptavinum að losna við yfirdráttinn með því að lækka vextina hjá þeim sem greiða hann niður í markvissum skrefum. Við núverandi efnahagsaðstæður er niðurgreiðsla á yfirdrætti einn besti sparnaður sem völ er á.

Tvær leiðir í boði:

I Losaðu þig við yfirdráttarlánið á innan við tveimur árum og við lækkum vextina niður í **11,75%** á ársgrundvelli meðan þú greiðir lánið niður*.

Til að fá þessi kjör þarf að gera samkomulag um niðurgreiðslu á yfirdráttarláni hjá ráðgjafa í næsta útibúi. Þjónustan er í boði fyrir viðskiptavini sem eru með 50.000 til 1.000.000 kr. í yfirdrátt.

II Í Netbankanum geta viðskiptavinir sjálfir lækkað yfirdráttinn með markvissum hætti. Þetta er einföld aðgerð, þú setur þér markmið og sérð svo árangurinn á myndrænan hátt. Kjörin á yfirdráttarláninu haldast óbreytt ef þetta er gert í Netbankanum.

* Skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 21. ágúst 2009. Vextir eru breytilegir og taka mið af vaxtatöflu bankans hverju sinni.

Ef þú ert með 300.000 kr. í yfirdrátt ...



... og greiðir hann niður um 12.500 kr. á mánuði ...



... þá losnar þú við yfirdráttinn á 2 árum ...

... og sparar allt að 53.281 kr. á tímabilinu

Kynntu þér málið nánar á **islandsbanki.is**, í þjónustuveri í síma **440 4000** eða í næsta útibúi.

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 09-1296

STÆRÐARMUNUR Hann er svolítið stærri, rúmenski körfuboltamaðurinn Gheorghe Muresan, en fréttakonan sem tók viðtal við hann í Shanghai í Kína í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Aðild Íslands rökrétt framhald samvinnu

Framkvæmdastjóri stækkunarmála ESB slær á væntingar um hraða afgreiðslu á aðildarumsókn Íslands. Hann ítrekar afstöðu ESB um að sérmeðferð komi ekki til greina. Spurningalisti ESB hefur verið birtur, sem er án fordæma.

EVRÓPUMÁL „Innganga Íslands í ESB mun ekki leysa öll vandamál Íslands í efnahagslegu tilliti en getur leikið stórt hlutverk í endurreisninni," sagði Olli Rehn, framkvæmdastjóri stækkunarmála hjá ESB, í erindi sínu á fundi Alþjóðamálastofnunar HÍ og utanríkisráðuneytisins í gær.

Það var mál manna að Rehn hefði verið orðvar á fundinum og frekar slegið á væntingar um hraða afgreiðslu aðildarumsóknar Íslands. Rehn sagði það sína skoðun að Norðurlöndin ættu öll að vera innan ESB og nú þegar nyti sambandið kunnáttu og reynslu Íslendinga hvað varðar sjálfbæra nýtingu auðlinda. Sagði hann það jafnt eiga við um orkunýtingu og nýtingu sjávarauðlindarinnar.

Hann var spurður hvort til greina kæmi að hans áliti að Ísland gæti fengið sérmeðferð í peningamálum meðan á umsóknarferlinu stæði – jafnvel að evra yrði tekin upp hér á landi fyrr en almennt væri gert ráð fyrir.

Rehn svaraði því til að lög ESB gerðu ekki ráð fyrir því. Hins vegar væri sá sem bæri ábyrgð á peningamálasamstarfinu innan framkvæmdastjórnar ESB [Joaquín Almunia, framkvæmdastjóri gengis- og efnahagsmála innan ESB] byrjaður að kynna sér stöðu mála á Íslandi. Þannig væri Ísland sem umsóknarland í betri stöðu hvað þetta varðar en annars væri. Rehn hafnaði því alfarið að

HEIMSÓKN Olli Rehn fundaði með utanríkismálanefnd Alþingis í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

það tæki mjög langan tíma að fá aðgang að myntbandalaginu, en því hefur verið haldið fram að Ísland eigi jafnvel ekki kost á því fyrr en eftir áratug eða meira.

Rehn lítur svo á að innganga Íslands í ESB sé rökrétt framhald samvinnu á milli Evrópu og Íslands. Slíkt samstarf hófst með Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) árið 1970 og síðar með tilkomu Evrópska efnahagssvæðisins (EES) árið 1994.

Rehn var spurður hvort ekki mætti birta spurningalista ESB, en hann inniheldur um 2.000 spurningar sem stjórnvöld hér verða að svara áður en samþykkt verður að hefja formlegar viðræður um aðild Íslands. Slíkt hefur aldrei verið gert áður, að því er næst verður komist.

Össur Skarphéðinsson greip boltann á lofti og spurður hvort hann myndi birta listann svaraði: „Þetta var eitt það fyrsta sem ég spurði Rehn að við komuna til landsins og útskýrði að vildum leyfa öllum að sjá hvaða upplýsinga verði óskað frá okkur. Hann tók því vel en þurfti að kanna sitt bakland."

Spurningalistinn var birtur á vef utanríkisráðuneytisins síðdegis í gær. **svavar@frettabladid.is**

Íslömsk kona í Frakklandi:

Berst fyrir búrkubanni

FRAKKLAND, AP Sihem Habchi var mikið niðri fyrir þegar hún kom fyrir nýstofnaða þingnefnd í Frakklandi, sem fær það hlutverk að rannsaka fatnað íslamskra kvenna í landinu.

SIHEM HABCHI

Habchi hefur barist fyrir því að búrkur og andlitsskýlur verði bannaðar með lögum, vegna þess að slíkur fatnaður einangri þær í samfélaginu.

Habchi er formaður samtaka sem nefnast „Hvorki hórur né undirgefnar" og berjast fyrir auknum réttindum íslamskra kvenna og stúlkna í fátækrahverfum Frakklands. - gb

Áætlun hrint í framkvæmd:

Samstarf um verkaskiptingu

HEILBRIGÐISMÁL Hulda Gunnlaugsdóttir, sem fengið hefur ársleyfi sem forstjóri Landspítalans, tekur að sér tímabundna verkefnisstjórn við að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun um samstarf og markvissari verkaskiptingu á milli heilbrigðisstofnana.

Markmiðið er að setja fram tímasetta verkáætlun sem byggist á vinnu undanfarinna mánaða um hagræðingu í heilbrigðiskerfinu. Er þetta gert til að ná fram markvissari rekstri heilbrigðisstofnana á næstu árum.

Reynt verður að draga eins lítið og kostur er úr þjónustu við sjúklinga og sömuleiðis er ætlunin að reyna að koma í veg fyrir uppsagnir starfsmanna. - shá

Barroso á Evrópuþinginu:

Vill vera forseti önnur fimm ár

BRUSSEL, AP Jose Manuel Barroso sækist eftir að vera forseti framkvæmdastjórnar ESB í önnur fimm ár. Hann svaraði spurningum blaðamanna í gær.

JOSE MANUEL BARROSO

Þingmenn gagnrýndu hann fyrir að hafa ekki tekið rétt á fjármálakreppunni, sem reið yfir í haust. Þá var hann gagnrýndur fyrir slælega frammistöðu í umhverfismálum.

Í dag taka leiðtogar þingsins afstöðu til þess hvort kosið verði um Barroso í næstu viku. - gb

Nýlegar rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði gefa mikilvægar upplýsingar um þann veruleika og þær áskoranir sem stjórnendur standa nú frammi fyrir. Á ráðstefnunni, sem haldin verður þann 10. september, verður breytingum á íslenskum vinnumarkaði lýst og rætt um þær áherslur sem mikilvægar eru í fari framtíðarleiðtoga þjóðarinnar.

Dagskrá

12:30 Skráning

13:00 Setning
Fundarstjóri Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknarstjóri Capacent Rannsókna.

13:15 Breytingar á vinnumarkaði
Gunnar Haugen, framkvæmdastjóri Capacent Ráðninga.
Gunnar fjallar um hvaða áhrif samdráttur á vinnumarkaði hefur haft á framboð á starfsfólki, væntingar umsækjenda til launa og mikilvægi ímyndar fyrirtækja í starfsmannaöflun.

13:55 Líðan, viðhorf, væntingar, fyrir og í kreppu
Tómas Bjarnason, sviðsstjóri starfsmanna- og kjararannsókna Capacent Rannsókna.
Tómas fjallar um áhrif breyttra aðstæðna á viðhorf fólks eins og þau endurspeglast í niðurstöðum VR könnunarinnar, en VR hefur árlega látið gera könnun meðal félagsmanna sinna sem lítur að helstu þáttum í innra starfsumhverfi fyrirtækja. Velt er upp mögulegum skýringum á þeim breytingum sem sjá má frá fyrri árum.

14:35 Hlé

14:55 Helping people to reenter the job market
Erik Bernskov, forstöðumaður Capacent IKU í Danmörku og stjórnarmaður í samtökum fyrirtækja um starfsendurhæfingu.
Capacent IKU hefur sérhæft sig í að aðstoða Dani sem eru við það að missa vinnuna eða eru án atvinnu, að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Erik Bernskov kynnir þær leiðir sem Danir hafa farið og hver árangurinn hefur verið af þeim.

15:35 Úr hverju í hvað? – Nýir tímar kalla á öðruvísi forystu
Bjarni Snæbjörn Jónsson, partner hjá Capacent Ráðgjöf og Vilmar Pétursson, partner hjá Capacent Ráðgjöf.
Rannsóknir á grunngildum og áherslum á vinnustöðum í fjölda landa sýna að niðurstöður fyrir Ísland eru nokkuð frábrugðnar löndunum í kringum okkur. Þessar niðurstöður varpa mikilvægu ljósi á hvaða áherslur eru líklegar til þess að endurspegla þá leiðtoga sem ná árangri í breyttu umhverfi.

16:15 Samantekt og ráðstefnuslit

Ráðstefnan verður haldin á Hótel Hilton fimmtudaginn 10. september. Verð 3.900 kr. Skráning á www.capacent.is.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Haugen, gunnar.haugen@capacent.is.

Capacent
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Utanríkisráðherra Rússlands:

Arctic Sea flutti ekki vopn

RÚSSLAND Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, vísar alfarið á bug fréttum þess efnis að flutningaskipið Arctic Sea, sem hvarf um tíma í sumar, hafi verið að flytja háþróaðar rússneskar loftvarnareldflaugar til Írans.

Skipið hvarf í lok júlí en það var sagt flytja timburfarm frá Finnlandi til Alsír. Rússneski sjóherinn fann skipið nærri Grænhöfðaeyjum um miðjan ágúst. Átta menn voru handteknir og ákærðir fyrir að ræna því. Í síðustu viku hafði Lundúnablaðið Times eftir heimildarmönnum í Rússlandi og Ísrael að skipið hefði verið að flytja vopn til Írans.

Hamid Karzai kominn með yfir helming talinna atkvæða í forsetakosningunum í Afganistan:

Endurtalning atkvæða óhjákvæmileg

AFGANISTAN, AP Kvörtunarnefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna segir óhjákvæmilegt að atkvæði úr forsetakosningunum í Afganistan verði endurtalin á kjörstöðum, þar sem rökstuddur grunur leikur á kosningasvindli.

Nefndin hefur tekið á móti meira en 720 alvarlegum ásökunum um kosningasvindl. Meðal annars þykir grunsamlegt að Hamid Karzai hafi á tugum kjörstaða í suðurhluta landsins fengið atkvæði sem falla á sléttar tölur, svo sem 200, 300 eða 500.

Samkvæmt opinberum bráðabirgðatölum, sem birtar voru í vikunni, hefur Karzai fengið 54 prósent atkvæða en sigurstranglegasti mótframbjóðandinn, Abdullah Abdullah, aðeins 28 prósent.

Talning hefur hins vegar gengið hraðar í suðurhlutanum, þar sem fylgi Karzais er talið vera mest.

Fái hvorugur frambjóðenda meira en helming atkvæða þarf að efna til nýrra kosninga, þar sem valið stendur á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu.

Ekki var von á endanlegum tölum úr talningu fyrr en í lok september, en endurtalningin veldur því að lokaniðurstöður dragast væntanlega enn á langinn, jafnvel í tvo eða þrjá mánuði. - gb

DEKKJAVERKSTÆÐI UNDIR KOSNINGASKILTI Lífið heldur áfram í Afganistan meðan atkvæði eru talin. Þessi mynd er frá borginni Mazar-i-Sharif í norðurhluta landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðstoðarmaður ráðherra:

Gjaldeyrishöft enn um sinn

EFNAHAGSMÁL Áætlun Seðlabanka Íslands um að afnema gjaldeyrishöft er afar varfærin og sú hugmynd er ekki uppi að afnema þau á stuttum tíma. Svo segir Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra.

INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON

Hann var spurður hvort höftin sendu ekki þau skilaboð til umheimsins að hér væri allt í ólestri. Hvort ekki gæti verið kominn tími til að láta krónuna gossa.

„Ég held að fáir séu tilbúnir að taka þá áhættu. Menn óttast að afleiðingar af miklu gengishruni veiki enn tiltrú manna á endurreisninni. Ég held að einhvers konar stöðugleiki sé það mikilvægasta," segir Indriði. - kóþ

Sælgætisfyrirtækið Cadbury:

Hafna kauptilboði frá Kraft

BRETLAND Stjórnendur breska sælgætisfyrirtækisins Cadbury hafa hafnað 10,2 milljarða punda kauptilboði bandaríska fyrirtækisins Kraft. Hlutabréf í Cadbury hækkuðu um fjörutíu prósent í kjölfar fréttanna.

Forsvarsmenn Cadbury sögðu tilboð Kraft einfaldlega ekki nægilega gott. Sérfræðingar telja hugsanlegt að Kraft muni gera nýtt tilboð en einnig er talið líklegt að Nestlé og Hershey geri tilboð.

Í yfirlýsingu frá Kraft kemur fram að fyrirtækið telji að samlegðaráhrifin yrðu mjög mikil með sameiningu fyrirtækjanna. Hægt yrði að spara hátt í 625 milljónir punda á ári vegna dreifingar, markaðssetningar og vöruþróunar. - th

Norðmenn fundnir sekir:

Dæmdir til dauða í Kongó

KONGÓ Herdómstóll í Austur-Kongó dæmdi í fyrradag tvo Norðmenn til dauða fyrir morð, njósnir og vopnasmygl. Um er að ræða tvo karlmenn, 27 og 28 ára, sem hafa verið í haldi yfirvalda frá því í maí eftir að bílstjóri þeirra fannst látinn í höfuðborginni, Kinshasa. Þá eru norsk stjórnvöld krafin um sextíu milljónir dollara vegna málsins.

Mennirnir hafa báðir hlotið þjálfun í norska hernum en ekki er vitað nákvæmlega hvað þeir voru að gera í Austur-Kongó. Annar þeirra hefur undanfarin ár verið búsettur í Úganda og sinnt öryggismálum. - mmg



FRUMSÝNING FÖSTUDAGINN 11. SEPTEMBER

Nýtt verk eftir Brynhildi Guðjónsdóttur um átakanlegt og fagurt líf mexíkósku listakonunnar Fridu Kahlo.
Leikstjóri: Atli Rafn Sigurðsson.

Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins **9.900** kr.

FÁÐU ÞÉR KORT! Hringdu í síma **551 1200** eða smelltu þér á **leikhusid.is**
- og þú átt í vændum ótal ánægjustundir í allan vetur!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

FBL-GREINING: KOSNINGAR NÁLGAST Í NOREGI

Stoltenberg tæpur

Á sunnudaginn ganga Norðmenn til kosninga og velja sér nýtt þing. Hin rauðgræna stjórn Verkamannaflokksins, Sósíalíska vinstriflokksins og Miðflokksins berst fyrir lífi sínu.

■ Hverjar eru horfurnar?

Skoðanakannanir benda ekki til þess að neinar stórvægilegar breytingar verði á fylgi flokkanna frá síðustu kosningum fyrir fjórum árum. Þó virðist ljóst að vinstriflokkarnir, sem hafa verið við stjórn undanfarið kjörtímabil, missi fylgi en hægriflokkarnir bæti við sig. Meirihluti stjórnarinnar hefur hins vegar verið naumur. Til þess að lifa áfram sem minnihlutastjórn þyrfti hún stuðning frá einhverjum af núverandi stjórnarandstöðuflokkum, sem ekki hafa gert sig líklega til slíks.

■ Hvaða flokkar hafa stjórnað?

Frá árinu 2005 hefur Verkamannaflokkurinn verið í stjórnarsamstarfi við Sósíalíska vinstriflokkinn og Miðflokkinn, með Jens Stoltenberg, leiðtoga Verkamannaflokksins, í embætti forsætisráðherra. Rauðgræna stjórnin, eins og hún er nefnd, hefur verið með 87 þingsæti af alls 169. Stjórnin er söguleg af ýmsum ástæðum: Sósíalíski vinstriflokkurinn hefur aldrei tekið þátt í stjórnarsamstarfi áður, Miðflokkurinn hefur aldrei áður tekið þátt í vinstristjórn, og Verkamannaflokkurinn, sem er vanur því að vera einn í stjórn, hefur ekki tekið þátt í samsteypustjórn síðan í lok seinna stríðs.

■ Hvað með minnihlutastjórnir?

Löng hefð er fyrir því í Noregi að minnihlutastjórnir séu við völd. Oftast hefur það verið Verkamannaflokkurinn, sem hefur myndað minnihlutastjórn án aðildar annarra flokka, en þess á milli hafa hægriflokkarnir myndað samsteypustjórnir með minnihluta á þingi. Stuðningur annarra flokka við minnihlutastjórnirnar hefur verið stopull, þannig að þær hafa sjaldnast enst út kjörtímabilið.

FRÉTTASKÝRING: Verðtryggðar skuldir hafa hækkað um 0,7%

SKATTAHÆKKANIR FRAM UNDAN Ríkið ætlar að sækja 28 til 30 milljarða í nýjum sköttum á næsta ári. Árið 2011 verða skattarnir hækkaðir enn meira enda þarf ríkið að rétta af 179 milljarða króna halla á næstu árum.

Sykurskatturinn hækkar hússnæðislán heimilanna

Verðtryggðar íbúðaskuldir heimilanna hækka um átta og hálfan milljarð króna vegna þeirra skattahækkana sem komnar eru til framkvæmda á þessu ári.

Óbeinir skattar, sem lagðir eru á verð vöru og þjónustu, fara beint út í verðlagið og því kemur hækkun þeirra strax fram í vísitölu neysluverðs og þar með verðbólgunni. Vísitalan er svo notuð til verðtryggingar fasteignalána og námslána. Hækkun beinna skatta eins og tekjuskatts kemur ekki með sama hætti beint fram í verðbólgumælingum.

Í maí í vor ákvað Alþingi að auka skattheimtu af áfengi, tóbaki og eldsneyti og var áætlað að sú breyting mundi skila ríkissjóði um fjórum milljörðum króna í tekjur á heilu ári. Breytingin leiddi af sér 0,5% hækkun vísitölu neysluverðs. 1. september gekk í gildi umdeild hækkun vörugjalda á sælgæti og ýmsa aðra matvöru. Sú breyting átti að skila ríkissjóði 2,7 milljörðum króna í auknar tekjur en fjármálaráðuneytið hefur ekki birt upplýsingar um hlutfallsleg áhrif á neysluvísitölu.

0,7 prósenta hækkun á höfuðstól og greiðslubyrði

Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá Íslandsbanka, hefur reiknað út fyrir Fréttablaðið að verðlagsáhrif sykurskattsins svonefnda séu 0,2 prósent og að þessi 6,7 milljarða tekjuauki ríkissjóðs leiði til þess að verðtryggðar íbúðaskuldir hækki um 0,7 prósent eða samtals um 8,5 milljarða króna.

Þá er byggt á því að verðtryggðar íbúðaskuldir landsmanna námu 1.156 milljörðum króna um síðustu áramót, samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn hefur ekki birt upplýsingar um skuldir heimilanna reglulega á þessu ári, með sama hætti og gert var fyrir hrun, en með framreikningi fæst sú niðurstaða að höfuðstóll hækki sem þessu nemur.

Hækkunin vegna skattbreytinganna frá því í maí kom fram í greiðsluseðlum íbúðaeigenda í ágúst en hækkunin 1. september verður komin inn í verðtryggingu húsnæðislánanna 1. nóvember. Jón Bjarki segir að greiðslubyrði íbúðalána hækki líka um 0,7 prósent að meðaltali þannig að afborganir hjá fjölskyldu sem greiðir 100.000 krónur á mánuði af verðtryggðu húsnæðisláni hækka um 700 krónur á mánuði, eða 8.400 krónur á ári. Auk þess rýrir hækkun á höfuðstóli vegna verðbólgunnar eign fjölskyldunnar í íbúðinni á sama tíma og markaðsverð fasteigna í landinu hefur lækkað mikið. Á hinn bóginn tryggir verðtryggingin að þær eignir sem ríkið á í verðtryggðum lánum ríkisbankanna og Íbúðalánasjóðs halda verðmæti sínu.

28 til 30 milljarða króna skattahækkanir á næsta ári

Það liggur fyrir að ríkið mun taka ákvarðanir um nýjar skattahækkanir þegar Alþingi kemur saman í haust en því hefur verið lýst yfir að ríkisstjórnin ætli að sækja 28 til 30 milljarða króna í nýjum sköttum til landsmanna á næsta ári. Til viðbótar á að skera niður í rekstrinum um 33 til 35 milljarða. Þetta er áfangi á þeirri leið sem er fram undan í rekstri ríkisins næstu ár. Fram til ársins 2013 þarf ríkissjóður að skapa sér 179 milljarða króna svigrúm til að geta greitt afborganir og vexti af erlendum lánum.

Fjárþörfin er svo mikil að væntanlega verður reynt að ná auknum tekjum út úr flestum skattstofnum, beinum sköttum á borð við tekjuskatt einstaklinga og fyrirtækja og tryggingagjald, og óbeinum sköttum á borð við virðisaukaskatt.

Vegna þess að áhrif óbeinna skattahækkana koma með beinum hætti inn í verðbólguna og verðtryggingunna eru Neytendasamtökin meðal þeirra aðila sem hvetja stjórnvöld til þess að afla aukinna tekna frekar með beinum sköttum en óbeinum.

Kemur með tvöföldum þunga

„Þetta kemur með tvöföldum þunga á þau heimili sem eru með verðtryggð lán," segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, um hækkun óbeinna skatta. „Þegar upp er staðið er hagstæðara fyrir heimilin, sem eru sum mjög skuldug, að þetta komi inn í ríkissjóð með beinum sköttum en ekki neyslusköttum sem hækka lánin líka. Raunar fæ ég ekki skilið hvers vegna bankarnir þurfa að fá meira til sín um leið og skattarnir eru hækkaðir."

Jóhannes segir að alþingismenn hafi ekki tekið tillit til athugasemda Neytendasamtakanna í tengslum við frumvarpið um sykurskattinn um að vísitölugrunninum verði breytt svo að hækkanir óbeinna skatta komi ekki í bakið á almenningi eins og gerist þegar húsnæðislánin hækka líka. Á meðan grunninum er ekki breytt er betra fyrir heimilin að borga skattahækkunina bara einu sinni með beinum sköttum heldur en að borga þetta tvívegis, fyrst með óbeinum sköttum og svo með hærri lánum, segir Jóhannes.

Vill afturkalla innistæðulausar skattalækkanir

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar Alþingis, er nú að vinna að ýmsum málum í tengslum við undirbúning fjárlaga næsta árs en segir að útfærslur í skattamálum séu enn í undirbúningi í fjármálaráðuneyti og hjá efnahags- og skattanefnd þingsins og liggi ekki fyrir. Hann segir að fjárþörf ríkissjóðs sé svo mikil og sá halli, sem þarf að brúa á næstu árum, af þeirri stærðargráðu að nauðsynlegt sé að kanna allar færar leiðir í skattamálum. Þar séu engir skattstofnar undanskildir frá þeim skattahækkunum sem eiga að koma til framkvæmda á næsta ári og árið 2011.

„Menn hafa töluvert rætt um að það sé ekki óeðlilegt að fara til baka í sömu skattprósentu og áður," segir Guðbjartur og segir að nú hafi það sýnt sig að aldrei var innistæða fyrir þeim skattalækkunum sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks stóð fyrir á síðasta kjörtímabili.

Guðbjartur gerir mun minna úr muninum á áhrifum beinna og óbeinna skatta en Jóhannes Gunnarsson og segir að sá kostnaðarauki sem fylgi beinum sköttum skili sér líka inn í verðlag og vísitölur – þótt það gerist ekki með beinum hætti og ekki jafnhratt og þegar óbeinu skattarnir hækka.

FRÉTTASKÝRING
PÉTUR GUNNARSSON
peturg@frettabladid.is

www.ellingsen.is

15–50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STANGVEIÐIVÖRUM

LOKADAGAR ÚTSÖLU
Á STANGVEIÐIVÖRUM

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í gæða veiðibúnað á góðum afslætti – veiðidögum Ellingsen lýkur laugardaginn 12. september. Stangir, hjól, línur, flugur, vöðlur, jakkar og annar fatnaður á hreint frábæru verði. Heimsþekkt gæðamerki sem bregðast þér ekki þegar á reynir.

REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAKJÖT

1498

N.V FERSKT UNGNAUTASNITSEL 1498 kr./kg.

1498

N.V FERSKT NAUTAGÚLLAS 1498 kr./kg.

898

N.V FERSKT NAUTAHAKK 898 kr./kg.

SS FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR
40% AFSLÁTTUR

LIFRAPYLSA *(FROSIN ÓSOÐIN)* MERKT VERÐ 768 KR./KG. 461 kr./kg.
BLÓÐMÖR *(FROSIN ÓSOÐIN)* MERKT VERÐ 698 KR./KG. 419 kr./kg.

ELDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR
ÞARF AÐEINS AÐ HITA !

398

HOLTA BUFFALÓ & BBQ KJÚKLINGAVÆNGIR 800g
Í FÖTU FRÁ HOLTA 398 kr. fatan.

40% AFSLÁTTUR
NÝREYKTUR ALI HAMBORGARHRYGGUR

1198

1498

HAMBORGARHRYGGUR ***MEÐ BEINI*** MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 1198 kr./kg.
HAMBORGARHRYGGUR ***ÚRBEINAÐUR*** MERKT VERÐ 2498 KR./KG. 1498 kr./kg.

398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 398 kr./kg.

398

K.F NÝTT KJÖTFARS
398 kr./kg.

898

BÓNUS BAJONSKINKA
MERKT VERÐ 1198 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 898 kr./kg.

198

BÓNUS RIFSBERJAHLAUP
400g 198 kr.

259

BÓNUS VÖFFLUDUFT 500g
259 kr.

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR

129

NÝJAR GULLAUGA KARTÖFLUR Í LAUSU 129 kr./kg.

20% afsláttur

BÓNUS RJÓMI 400ml
MERKT VERÐ 269 KR./KG.
215 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

FERSKUR KJÚKLINGUR

98
98 kr. 2 ltr.
BÓNUS VATN 2 ltr. 98 kr.

40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **1679 kr./kg.**

1598
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 1998 20% AFSLÁTTUR **1598 kr./kg.**

1498
BÓNUS FERSKAR KJÚLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR **1498 kr./kg.**

498
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR **489 kr./kg.**

GOTT KAFFI

298
DILETTO KAFFI 400g
MALAÐ EÐA HEILAR BAUNIR **298 kr.**
RENÉ KAFFIPÚÐAR 36 STK
398 kr. *11 KR. BOLLINN*

398

159
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g 159 kr.

198
BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR
198 kr.

59
E.S MJÓLKUR-SÚKKULAÐI 100 gr 59 kr.

298
VIMTO SÓLBERJAÞYKKNI 750 ml 298 kr.

98
98 kr. 2 ltr.
BÓNUS APPELSÍN 2 ltr. 98 kr

139
BÓNUS WC HREINSIR 750 ml
139 kr.

398
POWER STÍFLUEYÐIR 1 ltr. 398 kr.

498
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR 6 STK
498 kr.

179
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g 179 kr.

398
BÓNUS RABARBARASULTA 900g 398 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

Útgjöldin
> Þróun útsöluverðs á gallabuxum fyrir fullorðna



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: JAKOB HRAFNSSON HÁSKÓLANEMI

Vandamenn bölva skrifborðinu

„Bestu kaup sem ég hef gert eru klárlega skrifborðið mitt sem ég keypti á fimm þúsund kall í Góða hirðinum fyrir nokkrum árum," segir Jakob Hrafnsson háskólanemi þegar hann er inntur eftir bestu og verstu fjárfestingum sínum um árin.

Jakob segist vera mikill aðdáandi Góða hirðisins því þar hafi hann oft gert góð kaup. „En þetta glæsilega skrifboð stendur upp úr. Það er mjög stórt og flott, allar skúffurnar virka og meira að segja fylgdi með því blaðaflokkari. Mér dettur helst í hug að einhvers konar embættismaður hafi átt skrifborðið, því það er svo gott. Mér þykir rosalega vænt um skrifborðið, en vinir og ættingjar bölva því þegar þeir þurfa að hjálpa mér að flytja það. Það er níðþungt og þarf að skrúfa í sundur til flutninga, en ég myndi ekki skipta á því og nokkru öðru skrifborði."

Jakob er að eigin sögn varkár kaupandi og þarf því að grafa djúpt eftir verstu kaupunum. „Mér dettur helst í hug brauðvél sem ég festi kaup á, þegar ég ætlaði að gerast duglegur og baka mitt eigið brauð. Mér telst til að ég hafi notað vélina einu sinni, frekar en tvisvar, og svo fór vélin inn í skáp þar sem hún hefur verið síðan. Brauðið sem ég bakaði í vélinni var alls ekkert sérstakt, og svo bakar konan mín svo gott brauð í ofninum að vélin er óþörf. En ég á hana enn þá, og það er ákveðin huggun að vita af vélinni inni í geymslu," segir Jakob Hrafnsson.

MJÚK OG HVÍT HÚÐ NÚMER EITT

„Fyrir Fallega menn er húðin numero uno. Ég er gamaldags maður hvað þessi mál varðar, húðin skal vera mjúk og hún skal vera hvít," segir Guðmundur Einar Sigurðarson og Láruson, námsmaður og meðlimur í hljómsveitinni Fallegir menn, og viðurkennir um leið að flest húsráð sem hann nýtir sér séu komin frá móður sinni.

„Best er að baða sig upp úr mjólk og smyrja sig svo allan með sítrónusafa. Hvort tveggja er til þess fallið að fá fallega, mjúka og hvíta húð. Og svo er það að sjálfsögðu gamla góða gúrkutrikkið, til að gera húðina í kringum augun falleg," segir Guðmundur Einar.

Neytendur: Um sparperur og glóperur

Á að banna glóperur á Íslandi?

DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Frá og með 1. september er sala á glóperum (eða „venjulegum ljósaperum") bönnuð í Evrópusambandinu. Markmiðið með banninu er að minnka orkueyðslu heimila um allt að 80% og draga úr gróðurhúsaáhrifum. Neytendur skulu nota sparperur í staðinn. Ísland er hluti af Evrópusambandinu svo þetta bann gæti einnig skollið á hér.

Kristján Kristjánsson, lýsingahönnuður hjá Lumex, er allt annað en sannfærður um kosti sparperunnar. „Við setningu þessara reglna hefur verið litið framhjá veigamiklum upplýsingum um áhrif þess að taka upp bann við sölu á glóperu," segir hann. „Í skýrslum óháðra aðila hafa komið fram margir gallar á banninu. Þar er tekið fram að sá samanburður á glóperu og sparperu, sem við flest þekkjum, sé blekking frá framleiðendum sparperu til að sýna fram á fleiri kosti við notkun sparperu umfram glóperu. Í skýrslunni er einnig tekið fram að þegar allt kemur til alls er óvíst að nokkur sparnaður hafi átt sér stað, þar sem miklu meiri orku þarf í að framleiða og jafnframt að eyða sparperu."

Kristján bætir við að sparperur innihaldi kvikasilfur í litlu magni, en þó það miklu að nóg sé til að menga umhverfið. „Þessi „faktor" vill oft gleymast í umræðunni. Ég hafði samband við verkefnastjóra hjá efnamóttökunni í Gufunesi. Í ljós kom að sparperur er lítið hægt að endurvinna og er þeim eytt. Kvikasilfrið er sogið úr perunni og glerið endar í landfyllingu. Kvikasilfrið er síðan geymt í síum og á endanum flutt úr landi og þar geymt þar til fundin er lausn á endurvinnslu þess. Ísland er með vistvænan orkuiðnað, svo glóperubann hér gæti verið neikvætt á endanum."

grænn lífstíll er framtíðin!
NÝTT NÁMSKEIÐ Í SEPTEMBER
KONUR GETA BREYTT HEIMINUM!
Á þessu námskeiði er leiðbeint hvernig taka má grænni skref inn í framtíðina
MEÐAL ANNARS ER FJALLAÐ UM:
- Þátt kvenna í að skapa grænni framtíð
- Auðveldar og einfaldar leiðir til breytinga - sem kosta lítið sem ekkert
- Hvernig spara má í föstum útgjöldum heimilisins - án mikillar fyrirhafnar
- Mikilvægi þess að hafa jákvætt viðhorf í dag - og nýta öll tækifæri vel
- Hvernig gera má vinnustaðinn umhverfisvænni
- Hvaða áhrif umhverfismeðvitund hefur á heilsuna
- Mikilvægi umhverfisvænna hreinlætisefna
- Snyrtivörur sem fegra og bæta líkamann
Leiðbeinandi: Guðrún G. Bergmann, rithöfundur, hótelstjóri og frumkvöðull í umhverfismálum
Verð á námskeiði: 3.500 kr.
Ef þú kaupir bókina KONUR GETA BREYTT HEIMINUM um leið og þú skráir þig á námskeið færðu hvorutveggja á tilboði á aðeins 5.500 kr. (bókin ein sér kostar 2.990 kr.)
Námskeiðin fara fram í Heilsuhúsinu, Lágmúla 15. sept. og svo aftur 24. sept. kl. 19:30 - 21:30.
Skráning í síma 696 5867 og á info@graennlifsstill.is
Sjá nánari upplýsingar um námskeiðin á www.heilsuhusid.is
30 ára heilsuhúsið

VÖRUGJALD Jóhannes segir vörugjaldið hækka stofninn sem lagður sé til grundvallar álagningu virðisaukaskatts, þannig að raunhækkun sé meiri fyrir neytendur en sem nemi vörugjaldinu einu saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skref til baka

Formaður Neytendasamtakanna gagnrýnir harðlega vörugjald sem lagt er á ýmsar neysluvörur. Hann segir gjaldið hækka verðtryggð lán heimilanna.

JÓHANNES GUNNARSSON

„Þegar farið var út í þessar aðgerðir í mars árið 2007 gerðum við okkur vonir um að það væri fyrsta skrefið til að komast út úr þessari vörugjaldavitleysu. Við getum því alls ekki verið ánægð þegar það er tekið skref til baka í því efni," segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. Á heimasíðu samtakanna er lögum sem gengu í gildi um síðustu mánaðamót, þar sem vörugjald er sett á fjölmargar neysluvörur og þá helst matarvörur, mótmælt harðlega.

Að sögn Jóhannesar er í flestum tilfellum um það að ræða að nú sé á nýjan leik lagt vörugjald á vörur, sem fellt hafi verið niður 1. mars árið 2007 þegar gripið var til aðgerða til að lækka matvælaverð. „Ég efast ekki um að ríkissjóður þarfnist aukinna tekna vegna ástandsins sem nú ríkir. En með því að taka þetta í gegnum óbeina skatta, vörugjald, bensíngjald, áfengisgjald og þar fram eftir götunum er settur tvöfaldur þungi á þau heimili sem eru með verðtryggð lán. Þetta hækkar verðið á þessum vörum, sem hækkar líka verðbólguna og um leið verðtryggðu lánin. Þess vegna teljum við hreinna og beinna að að ríkið auki skatttekjur sínar með beinum sköttum," segir Jóhannes.

Neytendasamtökin hafa lengi gagnrýnt vörugjaldið. „Þetta er mjög umdeildur skattur, enda er hann lagður mjög handahófskennt á vörur og mismunar jafnvel samkeppnisvörum. Ég skil ekki rökfræðina á bak við gjaldið og er hreinlega á móti því," segir Jóhannes Gunnarsson.

kjartan@frettabladid.is

HVAÐ HÆKKAR VEGNA VÖRUGJALDSINS

Hækkar um 16 krónur á lítra:
Ávaxtasafar.
Gosdrykkir.
Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn (kolsýrt vatn).
Drykkjarvörur úr sojabaunum, hrísgrjónum og/eða möndlum.
Öl gert úr malti með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda af rúmmáli.
Vín úr þrúgum með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda af rúmmáli.
Edik og edikslíki fengið úr ediksýru.
Rjómaís og annar ís.

Hækkar um 24 krónur á kíló:
Matjurtir, ávextir og fleira sem varið er skemmdum með sykri.
Ávextir, hnetur og fleira, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi.
Sulta og ávaxtahlaup.
Ávaxtasúpur og -grautar.

Hækkar um 30 krónur á kíló:
Kakó.
Efni til framleiðslu á drykkjarvörum.

Hækkar um 50 krónur á kíló:
Búðingsduft

Hækkar um 60 krónur á kíló:
Sykurvörur (svo sem strásykur, molasykur, púðursykur og síróp).
Bragðbætt eða litað sykursíróp.

Hækkar um 80 krónur á kíló:
Sætt kex og smákökur, vöfflur og kexþynnur húðaðar eða hjúpaðar súkkulaði.

Hækkar um 100 krónur á kíló:
Fyllt og ófyllt súkkulaði.
Páskaegg.

Hækkar um 120 krónur á kíló:
Sætindi án kakóinnihalds (s.s. tyggigúmmí (með sykri), möndlumassi, lakkrís, karamellur og brjóstsykur).
Sætindi án glúteins og sérstaklega tilreidd fyrir ofnæmis- og efnaskiptasjúklinga.

Hækkar um 130 krónur á kíló:
Kakómalt.
Sælgæti sem hvorki inniheldur sykur né kakó.
Sælgæti (medicated sweets).

Hækkar um 160 krónur á kíló:
Ávaxtaþykkni (þurrkaðir ávextir til lögunar á seyði).

(HEIMILD: NEYTENDASAMTÖKIN, NS.IS)

Gólfefni á góðu verði – fyrir alla alltaf!

MÚRBÚÐARVERÐ

Gólf, svört 30x60cm

2.790 kr. m²



Vegg, Princess, svört, 20x45cm

2.350 kr. m²

Vegg, hvít glans 20x25cm

1.550 kr. m²

Vegg, Princess, hvít, 20x45cm

2.790 kr. m²



Gólf, marmarabeige, 30x60cm

3.490 kr. m²

Vegg / gólfflísar, ljósgrá, beige og brún yrjótt 15x15cm

2.290 kr. m²

Gólfflísar 3 litir 33,3 x 33,3cm

1.590 kr. m²

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Gólf, marmarabeige, 60x60cm

3.290 kr. m²

Gólf, Beige 30x30cm

1.990 kr. m²



Gólf, Regina, brún 33,3x33,3cm

2.390 kr. m²

Nú borgar sig að gera gæða- og verðsamanburð!

Flísalím pr. 25kg frá

2.695 kr.

Rakamembra 7kg

4.995 kr.

Fúga 2kg

595 kr.



Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm

3.790 kr. m²



Merbau 2200x189x14mm

4.790 kr. m²



New plastparket, Dökk eik, rakavarið 1214x193x8,3mm

1.995 kr. m²

Reykjavík ***Kletthálsi 7.***
Opið virka daga kl. 8-18
laugard. 9-16

Suðurnes ***Fuglavík 18.***
Opið virka daga kl. 8-18,
laugard. 10-14

Akureyri ***Furuvellir 15.***
Opið virka daga kl. 8-18,
laugard. 10-14

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

skoðun

greinar@frettabladid.is

Niðurskurðurinn fram undan:

Fordæmi og fyrirmyndir

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þegar fyrri ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur gekk á fund forseta hinn 10. maí síðastliðinn voru tíu ráðherrar í hópnum. Þegar núverandi ríkisstjórn kvaddi forsetann síðar sama dag gengu tólf ráðherra út um dyrnar á Bessastöðum.

Fór þar forgörðum gott tækifæri til að senda strax út skilaboð um að sparnaður og ráðdeild yrðu aðalsmerki þessarar ríkisstjórnar. Kostnaðurinn við tíu ráðherra er örugglega minni en við tólf.

Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er einmitt gert ráð fyrir fækkun ráðuneyta á kjörtímabilinu.

Í sáttmálanum er sérstakur kafli helgaður þessum fyrirhuguðu stjórnkerfisumbótum. Þar kemur fram að ætlunin er að fækka ráðuneytunum í áföngum. Við þá vinnu verður forgangsraðað upp á nýtt þar sem þess er þörf og verkaskiptingu breytt til að ná sem mestum samlegðaráhrifum, eins og þar er skrifað. Verkstjóri þessara breytinga skal vera forsætisráðherra.

Í sáttmálanum kemur kemur fram hvaða ráðuneyti stendur til að sameina. Undir nýju innanríkisráðuneyti verða til dæmis samgöngu-, dóms- og kirkjumál ásamt nýjum málaflokkum. Og undir nýtt atvinnuvegaráðuneyti færast meðal annars málefni landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar.

Við þessar breytingar fækkar ráðuneytum aðeins um tvö, úr tólf í tíu. Það er örugglega svigrúm til að ganga lengra. Ekki veitir af í þeim sparnaði sem er nauðsynlegur. Mennta- og menningarmál eiga til dæmis vel heima inni í nýju innanríkisráðuneyti.

Það eru mikil vonbrigði að forystumenn Samfylkingar og Vinstri grænna skyldu ekki strax við fæðingu ríkisstjórnarinnar taka ákveðin skref í átt að þeim breytingum sem eru boðaðar í stjórnarsáttmálanum.

Þetta skiptir máli því á næstu vikum verða kynntar hugmyndir um mesta niðurskurð ríkisútgjalda í sögu lýðveldisins. Þar munu meðal annars koma fram ýmsar róttækar tillögur um sameiningu ríkisstofnana með tilheyrandi fækkun stjórnenda hjá ríkinu.

Ríkisstjórnin hefði getið gengið á undan með góðu fordæmi strax í vor, en kaus að gera það ekki. Erfitt er að meta það þrekleysi á annan veg en að forystumenn ríkisstjórnarflokkanna hafi guggnað á því að taka þann slag við samherja sína að persónulegum metnaði þeirra yrði ekki svalað með ráðherrastól.

Úr þessu er hægt að bæta með því að fela tveimur ráðherrum stjórn þeirra ráðuneyta sem á að sameina samkvæmt stjórnarsáttmálanum, í stað þeirra fjögurra sem sitja þar nú.

Til dundurs geta menn velt því fyrir sér hver tvö af Rögnu Árnadóttur, Katrínu Júlíusdóttur, Jóni Bjarnasyni og Kristjáni Möller það ættu að vera.

Nú, eða ef til vill ekkert þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ábyrg hegðun 2009

Í DV í gær er fullyrt að Glitnir muni afskrifa 800 milljóna króna lán til Bjarna Ármannssonar vegna hlutafjárkaupa í norsku fasteignafélagi. Blaðið hefur eftir Bjarna að hann telji að það hefði verið óábyrg meðferð á fé að borga skuldina. „Bjarni gengur þarna á undan með góðu fordæmi," skrifaði Egill Helgason á eyjan.is. „Vissulega er óábyrgt af tugþúsundum Íslendinga að borga – miðað við þann algjöra forsendubrest sem orðið hefur."

DV sagði líka frá því í gær að þræðirnir sem tengdu saman viðskiptahagsmuni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Pálma Haraldssonar væru 530 talsins en Jón Ásgeir og Jóhannes í Bónus, faðir hans, væru tengdir á 809 vegu.

Helgi og Icesave

Helgi Hóseasson fer ekki oftar með skiltin sín á horn Langholtsvegar og Holtavegar og aldrei fór hann á Facebook – svo vitað sé. En nú má spyrja hvort Helgi hefði ef til vill haft sigur í baráttu sinni

við Þjóðkirkjuna ef hann hefði setið heima í tölvunni í stað þess að mála sín mögnuðu skilti og standa með þau úti á horni? Að minnsta kosti skortir ekki stuðning við málstað og minningu þessa sérstæða manns í netheimum. Í gærmorgun voru um 20.000 manns búnir að skrá sig á Facebook í hóp sem berst fyrir minnisvarða um Helga Hóseasson við gatnamót Langholtsvegar og Holtavegar. Vísir.is tók eftir því að þetta er stærri hópur en sá sem skoraði á forseta Íslands að staðfesta ekki lög frá Alþingi um ríkisábyrgð á Icesave-samningnum.

peturg@frettabladid.is

Hvað næst?

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Ísland og AGS

Innan tíðar fæst úr því skorið, hvað verður um efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans með fulltingi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Sjóðurinn er engin boðflenna á Íslandi. Hann er hér í boði stjórnvalda. Sumir vara við sjóðnum og hampa þeirri gagnrýni, sem hann hefur sætt á fyrri tíð, einkum vegna aðkomu hans að nokkrum Asíulöndum 1997-98 og Argentínu 2002. Atlagan missir þó marks, því að efnahagsáætlun Íslands nú víkur í veigamiklum atriðum frá fyrri áætlunum, sem sjóðurinn hefur stutt annars staðar. Fyrri gagnrýni á sjóðinn á því ekki við nú um Ísland.

Einstrengingur?

Frávikin eru tvö. Í fyrra lagi hafa stjórnvöld með samþykki sjóðsins gripið til tímabundinna gjaldeyrishafta til að freista þess að aftra enn frekara gengisfalli krónunnar en orðið er. Af þessu má sjá, að sjóðurinn aðhyllist ekki frjálsar fjármagnshreyfingar út í æsar. Hann virðir þá skoðun, að stjórnvöld geta í neyð þurft að hefta fjármagnsflutninga um tíma. Það er því ekki rétt, að sjóðurinn og starfsmenn hans trúi í blindni á frjálsan markað. Einstrengingur er ekki góð hagfræði.

Í síðara lagi ákváðu stjórnvöld með samþykki sjóðsins að bíða í eitt ár með brýnar aðgerðir í ríkisfjármálum, umbera mikinn halla á ríkisbúskapnum í ár í kjölfar hrunsins og hefjast síðan handa um strangt aðhald á næsta ári. Af þessu má sjá, að sjóðurinn tekur mið af staðháttum. Hann reynir ekki að steypa öll lönd í sama mót. Bandaríski prófessorinn Joseph Stiglitz, einn merkasti hagfræðingur samtímans, er sömu skoðunar eins og hann lýsti um daginn í sjónvarpsviðtali við Egil Helgason blaðamann og einnig á fjölmennum fundi í Háskóla Íslands. Stiglitz hefur áður gagnrýnt sjóðinn harkalega fyrir ýmislegt, en hann telur, að sú gagnrýni eigi ekki við um Ísland nú.

Land…

Aðkoma AGS að Íslandi var nauðsynleg, þar eð íslenzk stjórnvöld stóðu ráðþrota frammi fyrir hruninu. Þau þurftu því á hjálp að utan að halda, bæði ráðgjöf og lánsfé. Efnahagsáætlun stjórnvalda, sem hrundið var í framkvæmd í nóvember 2008 með hjálp AGS, er eftir atvikum vænleg til árangurs, svo langt sem hún nær. Það spillir þó horfunum, að stjórnvöld hafa ekki fylgt áætluninni til fulls. Þessar tafir valda mestu um, að endurskoðun áætlunarinnar, sem átti að fara fram í febrúar, hefur ekki enn farið fram. Sjóðurinn sýndi Íslandi þolinmæði með því að fallast á frestun á gagngerri stefnubreytingu í ríkisfjármálum í eitt ár, en stjórnvöld virðast hafa misskilið frestinn. Þau virðast ekki skynja nauðsyn þess að hafa hraðar hendur til að aftra öðru hruni og enn frekara gengisfalli. Í Asíu sætir sjóðurinn nú ámæli fyrir að sýna Íslandi linkind.

Efnahagsáætlun stjórnvalda með stuðningi AGS tilgreinir samstæðar lágmarksaðgerðir, sem þarf til að koma efnahagslífinu á réttan kjöl. Stjórnvöld þurfa að ráðast í margvíslegar frekari umbætur á eigin spýtur. Við höfum til dæmis ekki efni á að halda áfram að íþyngja neytendum og skattgreiðendum með búvöruinnflutningsbanni, sem á engan sinn líka í Evrópu. Sjóðurinn skiptir sér ekki af landbúnaðarmálum, en ríkisstjórnin ætti að taka málið upp ótilkvödd og mörg önnur mál af sama toga í stað þess að halda áfram að draga lappirnar.

…og sjór, og orka

AGS gerði skyssu fyrir hrun. Hann hefði í tæka tíð átt að taka kröftuglega undir viðvaranir úr ýmsum áttum um óhóflega skuldasöfnun bankanna og ónógan gjaldeyrisforða Seðlabankans, en gerði það ekki fyrr en undir það síðasta, þótt tiltækar hagtölur veittu ærið tilefni til. Sjóðnum verður þó varla legið á hálsi fyrir að hafa ekki tekið tímanlega undir viðvaranir annarra. Sjóðurinn hefur ekkert boðvald á Íslandi. Ríkisstjórninni er í sjálfsvald sett, hvort hún þiggur aðstoð hans eða ekki. Hrunið er afleiðing ábyrgðarlausrar hagstjórnar, fíflagangs, græðgi, hroka og spillingar langt aftur í tímann, og sjóðurinn ber enga ábyrgð á því. Hann hefur þvert á móti reynt að þoka stjórnvöldum í rétta átt með því til dæmis að mæla með veiðigjaldi í stað ókeypis kvótaúthlutunar, sem reyndist vera mannréttindabrot samkvæmt úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna 2007. Mannréttindabrotin halda áfram í boði ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur eins og ekkert hafi í skorizt. Joseph Stiglitz mælti gegn ókeypis úthlutun aflakvóta á fundinum í Háskólanum um daginn eins og hann hefur gert í fyrri heimsóknum til Íslands. Hann varar eindregið við sams konar meðferð á öðrum auðlindum þjóðarinnar, því þær eru einnig þjóðareign.

Óþolandi vinnubrögð meirihlutans

UMRÆÐAN
Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson skrifa um orkumál

SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Meirihluti stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á stjórnarfundi í síðustu viku sölu á hlut OR í HS Orku. Vinnubrögðin sem stjórnarmönnum minnihlutans í stjórn OR var boðið uppá voru óásættanleg. Meirihluti framsóknar- og sjálfstæðismanna hefur ekkert lært síðan sömu flokkar sigldu samstarfi sínu í strand fyrr á kjörtímabilinu með sams konar vinnubrögðum sem einnig sneru að einkavæðingu í orkugeiranum.

Stjórnarmenn minnihlutans fengu engin gögn með fundarboði, en á fundinum voru lagðir fram tveir samningar. Annar um kaup á um 15% hlut í HS Orku af Hafnafjarðarbæ og hinn um sölu á 32% hlut í HS Orku til Magma Energy Sweden. Síðari samningurinn var sautján síður og honum fylgdi bunki fylgigagna. Fulltrúar minnihlutans lögðu fram tillögu á stjórnarfundinum þar sem óskað var eftir sólarhrings fresti til að fara yfir gögnin og ráðfæra sig við sérfræðinga. Samningurinn er langur og flókinn og nauðsynlegt að gefa kjörnum fulltrúum kost á að taka upplýsta ákvörðun eins og þeim ber skylda til. Meirihluti stjórnar felldi tillögu um frestun en gerði klukkustundar fundarhlé sem er fráleitt nægur tími. Sú afgreiðsla vekur spurningar um það hvort einn klukkutími hafi nægt stjórnarmönnum meirihlutans til að kynna sér og samþykkja þennan hörmungarsamning.

Ljóst er að samningurinn við Magma hlýtur að hafa verið tilbúinn 10 dögum fyrir fundinn þegar tilboð Magma rann út og ríkistjórnin bað um frest. Sú staðreynd gerir það enn alvarlegra að stjórnarmönnum minnihlutans hafi ekki verið sendir samningarnir fyrir fund. Þessi vinnubrögð bera mjög keim af þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru í REI málinu. Umboðsmaður Alþingis gerði alvarlegar athugasemdir við framgöngu og upplýsingagjöf í REI-málinu. Þá eins og nú voru það sjálfstæðismenn og framsóknarmenn sem voru í meirihluta í Reykjavík. Þeir virðast ekkert hafa lært.

Höfundar eru borgarfulltrúar og sitja í stjórn OR.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

TÖLVU PAKKI
ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI
AMD TÖLVUPAKKI
COOLER MASTER
AMD Sempron
acer
Logitech
- Streamer midi turn
- 2.7Ghz AMD Sempron X140
- 1GB DUAL DDR2 667MHz
- 320GB SATA II WD
- Innbyggt Geforce 6100 skjástýring
- 19" Acer breiðskjár 5ms
- 8xUSB2, SATA II, serial, parellel ofl.
- Windows Vista Home Basic
VERÐ AÐEINS
99.950
COOLER MASTER INTEL LEIKJATURN
COOLER MASTER
intel Core 2
Intel LEIKJATURN 3
- Intel Core 2 Duo E7400 örgjörvi
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 640GB SATA2 harðdiskur
- Geforce NX9600GT skjákort
- 22x +/- DVD skrifari
- 10/100/1000 netkort
- Vista Home Basic
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
119.950
15,4"
ACER FARTÖLVA
acer
Acer Extensa 5230E-901G16Mn
- 2,2GHz Intel Celeron M 900 örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz PC2 5300 minni
- 160GB SATA2 harðdiskur
- Intel GMA x4500 skjástýring
- 15,4" CrystalBrite skjár
- Windows Vista Home Basic
79.950
15,6"
HDMI
ACER FARTÖLVA
AMD 64
acer
Acer Aspire 5536G-644G50MN
- 2.1Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-64 örgjörvi
- 4GB DDR2 667MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 8xDVD±RW Dual Layer / CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED CineCrystal skjár
- 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort
- Þráðlaust 802.11bgn netkort
- Talnaborð og vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium
147.950
15,4"
TOSHIBA FARTÖLVA
TOSHIBA
Toshiba L300-25L
- 2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 120GB SATA harðdiskur
- Intel Graphics MA X4500 skjákort
- 15,4" WXGA breiðskjár
- Intel GMA X4500 skjákort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- Windows Vista Home Basic
89.950
INTEL UPPFÆRSLA B
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
UPPFÆRSLUTILBOÐ B
- Intel Core 2 Duo E2180 2,0GHz, 800FSB, 1MB cache örgjörvi
- 2GB DDRII 800MHz Corsair minni
- MSI P6NGM-FD móðurborð
- Geforce 7100 skjákort
- Innbyggt hljóðkort, netk. ofl.
32.950
FARTÖLVUTASKA
V7-Targus
Taska fyrir15.6" fartölvur
3.750
HARÐDISK FLAKKARI
WD
1TB
WD Elements
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.
19.750
MARGMIÐLUNARSPILARI
UNITED
640GB DISKUR
WD
United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.
UNITED
HDMI
720/1080i
27.950
HEYRNARTÓL
PHILIPS
Philips SHP2000
Ódýr og góð heyrnatól fyrir tónlist eða spila tölvuleiki. 2m snúra með mini jack tengi og frábær hljómur.
3.250
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGAR-KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER
• VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700 • www.att.is
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

LANDSINS M

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBO

8 BLAÐSÍÐUR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

ESTA ÚRVAL

ÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

MBER
BOÐ
ÓÐHEITUM TILBOÐUM

Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM
FRÍTT
ALLAR FARTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

GLÆSILEG
VERSLUN
BORGARTÚNI 31

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ
VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

2GB
A-DATA USB MINNISLYKILL
1.990

HVERGI BETRA VERÐ

1TB
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
14.900

HVERGI BETRA VERÐ

20"
BENQ HÁGÆÐA LCD SKJÁR
29.900

GLÆSILEG
VERSLUN
Í BORGARTÚNI 31

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

Staðreyndir sem hver og einn getur sannreynt

UMRÆÐAN
Guðlaugur G. Sverrisson skrifar um Orkuveituna

GUÐLAUGUR G. SVERRISSON

Mér þótti rétt að stinga niður penna í tilefni skrifa Sverris Jakobssonar hér í Fréttablaðið á þriðjudag, þar sem sala Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í HS Orku er til umfjöllunar. Þar eru rangfærslur sem rétt er að svara.

Sverrir segir söluna fara fram „nánast í skjóli nætur“. Hið rétta er að hún hefur verið í deiglunni í 1½ ár, eða frá því samkeppnisyfirvöld settu skorður við eignarhaldi OR í HS Orku. Á þessum tíma hefur málið margoft verið rætt í fjölmiðlum og fimm sinnum fært til bókar í fundargerðum stjórnar OR, sem Sverri og öðrum eru aðgengilegar á netinu. Borgarstjórn Reykjavíkur og þrjár sveitarstjórnir aðrar koma að afgreiðslu þess á opnum fundum sínum og fullyrðing Sverris því undarlegur öfugsnúningur á sannleikanum.

Þær auðlindir sem HS Orka nýtir eru í eigu Reykjanesbæjar. Söluverðið er viðunandi. Það er enn fremur heppilegt fyrir OR að fá stóran hluta þess greiddan í Bandaríkjadölum.

Efni samningsins hefur legið fyrir hjá stjórnarmönnum OR frá 14. ágúst. Þá var um þau fjallað á fundi stjórnar. Aftur var fjallað um kauptilboðið og efni væntanlegs samnings í stjórn OR 20. ágúst. Þá var ríkisvaldinu gefinn sérstakur frestur til að kynna sér efnisatriði væntanlegra viðskipta. Fullbúinn samningur lá fyrir og var afgreiddur á fundi stjórnar OR 31. ágúst með fyrirvara um samþykkt eigenda. Daginn eftir var hann birtur opinberlega og ræddur í borgarstjórn Reykjavíkur. Á þeim vettvangi verður hann aftur til umræðu og er þessa dagana einnig til umfjöllunar á Akranesi og í Borgarbyggð. Engu er viðkemur samningnum er haldið leyndu fyrir eigendum OR.

Það er ábyrgð OR gagnvart eigendum fyrirtækisins að fá sem best verð fyrir hlutinn þrátt fyrir þvingaða sölu. Opinberum aðilum hefur verið gefinn kostur á að kaupa hann í hinu opna og gagnsæja söluferli og ríkisvaldinu var gefinn sérstakur frestur til að koma að málinu. Það er því einnig rangt hjá Sverri að sérstakt kapp hafi verið lagt á að koma hlutnum í hendur einkaaðila. Þvert á móti.

Þá er OR ekki að selja auðlindir. Þær auðlindir sem HS Orka nýtir eru í eigu Reykjanesbæjar. Söluverðið er viðunandi. Það er enn fremur heppilegt fyrir OR að fá stóran hluta þess greiddan í Bandaríkjadölum. Með því er dregið úr gengisáhættu Orkuveitu Reykjavíkur þar sem eign í Bandaríkjadölum kemur á móti skuldum OR í erlendri mynt. Það er því rangt hjá Sverri að OR beri sérstaka gengisáhættu af sölunni. Þvert á móti er dregið úr gengisáhættu fyrirtækisins. Varðandi þá vexti, sem greiddir eru af skuldabréfinu, þá eru þeir u.þ.b. tvöfalt hærri en þeir vextir sem OR greiðir af sínum skuldum í Bandaríkjadölum. Ef spá um álverð gengur eftir mun höfuðstóll lánsins hækka og gefa sem samsvarar allt að 4,1% ársávöxtun.

Sverrir og annað yfirlýst áhugafólk um innlent eignarhald orkufyrirtækja á að fagna því að veðið fyrir greiðslu eftirstöðva kaupverðsins sé í hlutabréfunum í HS Orku en ekki í kanadísku orkufyrirtæki. Gerð er krafa um að lánamál HS Orku komist í lag. Til að svo verði verður að setja meira fé inn í fyrirtækið og eða fara í skuldbreytingar. Verði greiðslufall kemur HS Orku hluturinn aftur í eigu íslenskra aðila, ekki bara sá hlutur sem greiddur er með bréfinu heldur líka sá hlutur sem greiddur er út.

Þetta eru staðreyndir málsins, sem hver og einn getur staðreynt með því að kynna sér gögn þess. Við vitum að í fjármálaheiminum er þessa dagana verið að gera samninga af ýmsu tagi sem varða hagsmuni almennings miklu. Vinnubrögð Orkuveitu Reykjavíkur í viðskiptunum með hlutinn í HS Orku gætu verið fyrirmynd þar sem gögn málsins hafa verið lögð á borðið og gerð aðgengileg eigendum Orkuveitu Reykjavíkur, sem eru íbúar Reykjavíkur, Akraness og Borgarbyggðar.

Höfundur er stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur.

Ekki rífa Nasa!

UMRÆÐAN
Páll Óskar Hjálmtýsson skrifar um skipulag í miðbænum

PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON

Ég mótmæli fyrirhuguðum framkvæmdum og breytingum á deiliskipulagi í Kvosinni þar sem á að minnka Ingólfstorg og rífa Nasa við Austurvöll, til að byggja fimm hæða hótel. Nasa er síðasta íslenska félagsheimilið í Reykjavík og við megum ekki leggjast svo lágt að rífa það.

Við viljum ekki fleiri ruglframkvæmdir eða niðurrif á byggingum og stöðum sem eiga sér langa sögu. 2007 er búið.

Flest húsin við Ingólfstorg, að Nasa og gamla Landsímahúsinu meðtöldum, eru í eigu Péturs Þórs Sigurðssonar – það eina sem ég veit um hann er að hann er í Framsóknarflokknum, konan hans heitir Jónína Bjartmarz og það er mjög erfitt að ná í hann í síma af því hann býr í Kína.

Eigendarétturinn er svo sterkur á Íslandi að ef borgin stendur í vegi fyrir einhverju sem eigandinn vill framkvæma er borgin bótaskyld. Þar að auki er ekki hægt að hagga deiliskipulagi sem samþykkt var árið sítt-að-aftan 1988. Til samanburðar er allt deiliskipulag í Svíþjóð endurskoðað á fimm ára fresti. Kallar þetta ekki á nýja lagasetningu?

Ég er með ágætis lausn á þessum ímyndaða hótelskorti. Það er búið að byggja hundrað hæða höll úr gleri í Borgartúni, sem stendur galtóm. Hvers vegna ekki að breyta þessu ferlíki í hótel? Húsnæði Nasa og starfsemin þar ætti að fá að standa óbreytt. Gamla Landsímahúsið mætti nota sem skrifstofur Alþingis. Þar vantar alltaf vinnuaðstöðu. Skrifstofum Alþingis er svo lokað um svipað leyti og hjóðprufur hefjast inni á Nasa. Enginn truflar neinn. Allir eru ánægðir.

Við viljum ekki fleiri ruglframkvæmdir eða niðurrif á byggingum og stöðum sem eiga sér langa sögu. 2007 er búið. Aðkallandi verkefni bíða: Barnaheimilin, elliheimilin, öryrkjarnir og heilbrigðiskerfið. Ekki eyða orku í að þjóna hagsmunum Péturs Þórs Sigurðssonar, af því að hann er í Framsóknarflokknum, á einhverjar byggingar úti um allan bæ og er lögfræðingur að mennt. Við erum þreytt á pólitísku baktjaldamakki.

Á morgun, 11. september 2009, rennur út frestur til að skila aðfinnslum að nýju deiliskipulagi hjá Reykjavíkurborg. Ef þú lætur ekki í þér heyra, til dæmis á heimasíðunni www.bin.is, telst þetta nýja deiliskipulag samþykkt. Vilt þú láta það gerast?

Höfundur er poppstjarna.

Amerískir dagar

Jíííííííííííha

100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR

Ekta nautasteikur á amerískum dögum!

Stútfullt af spennandi USA vörum!

2.274 kr/kg.
Merkt verð 3.498.-

Ribeye
úr framhrygg

2.274 kr/kg.
Merkt verð 3.498.-

Nautaprime
úr framhrygg

2.274 kr/kg.
Merkt verð 3.498.-

Entrecote
úr spjaldhrygg

2.144 kr/kg.
Merkt verð 3.298.-

Roaststeik úr entrecote
úr spjaldhrygg

A&W
Rótarbjór
líka Diet og
Cream Soda

Nýtt á USA dögum

Vanillu og kirsuberja
Coca Cola

Nýtt á USA dögum

Nýtt á USA dögum

McCain franskar
- sætar, kryddaðar og líka low fat

Nýtt á USA dögum

Epla og kanil Cheerios
– Þetta verður þú að prófa

T.G.I. FRiDAY'S
– heimsfrægir smáréttir

Nýtt á USA dögum

Gatorade
– GE, X factor og Xtreme

Nýtt á USA dögum

Orville örbylgjupopp
– nýjar tegundir

Nýtt á USA dögum

Eggo vöfflur
– tilbúnar beint í brauðristina

Gildir til 20. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ekta amerískt!

KALKÚNABRINGUR

SINNEPSGLJÁI
2 msk. acacia hunang
4 msk. fersk ítölsk steinselja
4 msk. grófkorna sinnep

Blandið hunangi, steinselju og sinnepi saman í skál

KALKÚNABRINGUR
800 g kalkúnabringur
200 g smjör
1/2 búnt salvía
salt

Saxið salvíu gróft. Brúnið kalkúnabringur á heitri pönnu og saltið. Blandið salvíunni saman við smjörið og setjið undir skinnið á bringunum eða gerið lítil göt í kjötið með hníf og stingið köldu smjörinu rétt undir yfirborðið. Setjið bringurnar í eldfast mót með loki og inn í 110°C heitan ofn og eldið þar til kjarnhiti mælist 65°C. Hellið sinnepsgljáanum yfir bringurnar þegar kjarnhiti er um 55°C. Látið standa í 12 mín. fyrir skurð.

FERSKAR KALKÚNA BRINGUR
1.982 kr/kg.
Merkt verð 3.049.-

BBQ OG BUFFALO VÆNGIR
399 kr/pk.
Merkt verð 679.-

WESTERN STYLE KJÚKLINGALUNDIR
1.885 kr/kg.
Merkt verð 2.899.-

BBQ KJÚKLINGALÆRI MEÐ LEGG
623 kr/kg.
Merkt verð 959.-

Skornir ávextir
hollir og góðir

epli með karamellu og kókos

melónublanda

cantaloupe

gular melónur

eplabátar

599 kr/stk.

McCain súkkulaðikaka

SunMaid rúsínur
- sætar og suðrænar

M&M's og Maltesers
- gott gott gott

Hunt´s tómatsósa
– ekta amerísk



299 kr/pk.

Cesar salat og Alabama salat
- grænt og gott

Oreo kex
– alltaf jafn gott!

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 20. september eða á meðan birgðir endast.

NAOMI CAMPBELL, sem á í ástarsambandi við rússneska milljónamæringinn Vladislav Doronin, situr fyrir í nýjasta hefti tímaritsins V sem keisaraynja. Ljósmyndarinn var enginn annar en tískumógúllinn Karl Lagerfeld.

NÝ SENDING

Haustfrakkar

Stærðir 12-22

COSMO

Kringlunni

Anna Karen valdi dress sem hún myndi fara í út á lífið. Mussuna, skóna og hálsfestina keypti hún í Kolaportinu en jakkann fékk hún í Zöru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Dömulegur pönkari

Anna Karen Ellertsdóttir hefur haft skoðun á fötum frá þriggja ára aldri og klæðir sig algerlega eftir eigin smekk. Hún finnur oft eitthvað fallegt í Kolaportinu og finnst mikilvægt að vera fín til fara.

„Ég keypti mussuna í Kolaportinu á 500 krónur fyrir nokkrum árum. Mér finnst hún geðveik og ég er alltaf í henni. Hún passar við allt og ég get bæði verið fín og hvunndags," segir Anna Karen Ellertsdóttir en hún valdi að sýna lesendum föt sem hún myndi fara í út á lífið. Hún segist elska föt sem hún geti notað á margan hátt.

Skóna fékk hún líka í Kolaportinu og telur líklegt að enginn annar eigi skó á borð við þá. „Þeir eru úr hanskaleðri með gylltum stálhæl, gylltu stálmynstri og keðju sem hangir undir hælnum. Svo eru þeir mjög þægilegir sem er mjög stór plús," segir hún ánægð.

En sokkabuxurnar? „Ég reif þær óvart um daginn og ákvað að rífa þær alls staðar og vera í lituðum sokkabuxum undir. Mér finnst gróft og pönkaralegt mjög töff en vil samt halda í kvenleikann og vera dömulegur pönkari," segir hún og hlær.

Fleira fékk hún í Kolaportinu, sem er greinilega fjársjóðskista fyrir þá sem nenna að leita. „Hálsfestina fékk ég líka þar. Það er nefnilega þannig að ef ég finn hluti sem mér finnst geðveikir reyni ég að blanda þeim inn í fatastílinn minn. En í raun er ég ekki með einhvern einn stíl heldur reyni ég að raða saman fötum sem mér finnst flott," útskýrir Anna Karen.

Leðurjakkann fékk hún hins vegar í Zöru. „Ég hef lengi leitað að leðurjakka og þegar ég sá þennan um daginn gat ég ekki staðist hann. Hann er sjúklegur."

Anna Karen hefur lengi haft skoðun á fötum. „Það eru til sögur af mér síðan ég var þriggja ára þar sem ég hafði miklar skoðanir á því í hverju ég fór í leikskólann. Ég varð að fá að fara í kjól í leikskólann, annars tók það tvo tíma af leiðindum sem enduðu á því að ég fór samt í kjól. Yfirleitt þurfti að skipuleggja fatavalið kvöldið áður," segir hún og hlær að minningunni. „Það hefur því aldrei neinn nema ég fengið að stjórna því í hvað ég fer." Anna Karen hefur alltaf viljað vera fín og finnst skipta máli að vera alltaf eins fín og tilefnið gefur til.

Hún vinnur sem stendur á leikskóla en útskrifaðist nýlega úr grunnámi í förðun úr EMM-förðunarskólanum. Svo útskrifaðist hún sem stúdent af listabraut um jólin með fatahönnunarkjörsvið. „Ég er búin að ákveða að vera í þessum bransa, en hvar á eftir að koma í ljós," segir hún glaðlega.

solveig@frettabladid.is

Skokkar og kjólar
í miklu úrvali

Stærðir 36-48

Litir
svart og grátt

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Velúrgallar

Ný sending

Bómullar- og velúrgallar
fyrir konur á öllum aldri.

Margir litir

Stærðir S-XXXL

Verið velkomin

SNYRTIVÖRUVERSLUNIN GLÆSIBÆ
Sími: 568 5170

VORUM AÐ TAKA UPP
BRJÓSTAHALDARANA
SEM LÆKNAR MÆLA MEÐ.

OPNAST AÐ FRAMAN.

Verð 5990 ,-

Ynja undirfataverslun
Hamraborg 20a Kópavogi
ynja.is • NANA Hólagarði

TÍSKA

LANVIN tískufyrirtækið hefur í tilefni af 120 ára afmæli sínu hannað sérstaka afmælisútgáfu af Converse-strigaskóm. Converse-stjarnan er á hliðinni og Lanvin-merkið á hælnum. Aðeins 120 slík pör verða framleidd.

ALLT HELGIN

Vero Moda. Verð 3.490 krónur.

Vero Moda. Verð: 6.500 krónur.

Vero Moda. Verð: 7.500 krónur.

Oasis. Verð: 27.990 krónur.



FLOTT Í HAUST...
með Slendertone
dömu/herra belti

System kr. 33.900,-



Flex Max kr. 27.900,-
Flex kr. 22.900,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Fjólublátt rokk og ról

Haustið verður fjólublátt ef marka má úrval í verslunum landsins en þar hanga fjólubláar flíkur á annarri hvorri slá. Fötin eru óneitanlega hressandi og til þess fallin að gefa lífinu og tilverunni lit.

Fjólublái liturinn er ráðandi ef marka má úrvalið í tískuvöruverslunum þessa dagana. Rokkið lætur líka á sér kræla og sjást leður- og gallaefni víða. Diskóið er síðan aldrei langt undan og fá pallíetturnar að fylgja með.

Góðu fréttirnar hvað fjólubláa litinn varðar eru þær að hann klæðir flesta og fellur vel að litarhafti okkar Íslendinga. Tónarnir eru allt frá því að vera fölfjólubláir út í neon og ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

vera@frettabladid.is

Oasis. Verð: 39.990 krónur.

Vero Moda. Verð: 11.900 krónur.

Vero Moda. Verð: 2.990 krónur.

Oasis. Verð: 9.990 krónur.

Oasis. Verð 12.990 krónur.

Kjarni málsins
Ekkert viðhald

REHAU

Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.
gluggar@kjarnagluggar.is

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN

Kjarnagluggar
Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

Heidi í mörgum myndum

Rankin's Heidilicious er nafn á ljósmyndabók sem kemur út bráðlega og skartar ofurfyrirsætunni Heidi Klum.

Fyrirsætan Heidi Klum þykir fljóða fegurst og þykir með eindæmum hvað hún heldur líkamanum í góðu formi þrátt fyrir að ganga nú með fjórða barn sitt.

Fljótlega kemur út ljósmyndabókin Rankin's Heidilicious. Þar má sjá úrval ljósmynda af ofurfyrirsætunni sem teknar hafa verið af ljósmyndaranum Rankin.

Bókin verður að öllum líkindum gefin út síðar í mánuðinum af bókaforlaginu teNeues.

Skemmtilegt er að geta þess að formála bókarinnar skrifar tónlistarmaðurinn Seal, sem er eiginmaður Heidi. *- sg*

TAL
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
PEPSI DEILDIN
VÍSIR.IS
Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Bambus að utan og innan

Tískuheimurinn snýr sér sífellt meira að umhverfisvænni efnum og aðferðum. Til dæmis má nefna að Gucci-groupe sem er eigandi Yves Saint Laurent, Gucci og fleiri tískuhúsa hefur ráðið sérstakan umhverfisstjóra til að vinna að umhverfismálum. Hann ætlar að minnka orkunotkun hjá samsteypunni um fjörutíu prósent því, eins og hans segir sjálfur, til hvers að hafa verslanir upplýstar langt fram á nótt. Stella McCartney, sem einnig er hluti af Gucci-groupe, notar lífrænt ræktaða bómull í þrjátíu prósent af sinni framleiðslu og nú er hverju fyrirtæki fyrir sig ætlað að leita leiða til að minnka umhverfisspjöll og orkunotkun.

Bambus er efni sem nýtur síaukinna vinsælda í tískuhönnun en þræðirnir eru mjög sterkir, hann vex mjög hratt við erfiðar aðstæður og þarf lítið vatn. Bambusþræðir eru reyndar sífellt oftar notaðir í staðinn fyrir bómull sem er mengandi í framleiðslu og þarf gríðarlegt magn af vatni. En það er ekki aðeins í fataframleiðslu sem bambusinn er að ryðja sér til rúms. Bambusþræðirnir eru einstaklega sveigjanlegir líkt og húðin og bambussafi inniheldur efnið silicium sem er einnig í húðinni en minnkar með aldrinum. Sérfræðingar snyrtivöruframleiðandans Cosméto segja að það sé megin orsök hrukkumyndunar. Af þeim sökum þornar húðin, hún tapar styrkleika sínum og hún sígur. Það er því ekki nema eðlilegt að bambusinn sé nú uppspretta fjölmargra nýrra rakakrema sem samkvæmt auglýsingum eiga það auðvitað öll sameiginlegt að fylla upp í allar hrukkur á svipstundu. Einnig er bambusinn notaður í krem fyrir líkamann og í hreinsimaska en bambusþræðirnir fjarlægja einstaklega vel dauðar húðfrumur.

Áhrif bambussins eru ekki aðeins jákvæð fyrir ytrabyrði líkamans heldur virðist sem neysla hans hafi einnig góð áhrif á of hátt kólesteról og nú standa yfir rannsóknir því til sönnunar. Það er því ekki ólíklegt að þessi jurt eigi eftir að skapa sér nafn í lækningum ekki síður en í snyrtivöruframleiðslu. Reyndar hefur bambus verið þekktur um aldaraðir, bæði í kínverskum og indverskum lækningum, þá sérstaklega sem andoxunarefni. Það nýjasta er svo að nota ungar bambusplöntur í eldhúsinu, fyrst eru þær soðnar en kjarninn svo notaður í salat eða steiktur í olíu og borðaður með þurrkuðum fiski að hætti Asíubúa.

Það segir kannski sína sögu um sérstæða eiginleika bambusplöntunnar að hún var eina jurtin sem lifði af kjarnorkusprengjuna í Hiróshima í Japan á sínum tíma.

Þá er bara að bryðja bambus og smyrja á líkamann og þá hljóta allir að verða í það minnsta hundrað og fimmtíu ára.

bergb75@free.fr

Hugarfarsbreyting á tískupöllunum

Íslenska fyrirsætan Inga Eiríksdóttir segir frá velgengni sinni sem fyrirsæta í holdum í viðtali við The Observer.

Í nýlegu viðtali í The Observer segja fyrirsæturnar Inga Eiríksdóttir og Crystal Renn frá því hvernig líf þeirra og fyrirsætuferill hefur breyst til hins betra eftir að þær fóru að leyfa línunum að njóta sín.

Fyrirsæturnar segja báðar frá því að tískuiðnaðurinn hafi þrýst á þær að vera í bresku fatastærðinni núll þegar þær voru að hefja ferilinn. „Ég var í stærð átta þegar ég var uppgötvuð fimmtán ára að aldri en farið var fram á það við mig að ég færi niður í stærð núll. Það var þó sama hvað ég reyndi, líkaminn lét ekki að stjórn," segir Inga, sem sleppti því að borða og æfði eins og vitleysingur án þess að verða mikið ágengt. „Á endanum var mér ráðlagt að gerast yfirstærðarfyrirsæta og voru það bestu ráð sem ég hef fengið," fullyrðir Inga, sem nú er í stærð 14. „Við það opnaðist nýr markaður og óteljandi tækifæri við að sýna föt fyrir alvöru konur."

Inga segist vera að drukkna í verkefnum og hefur hún meðal annars unnið fyrir Vanity Fair, Bloomingdale's, Saks og Macy's. „Það sem mér finnst þó merkilegast er að bilið á milli mjórra og holdmeiri fyrirsætna er að minnka. Nú er rúm fyrir hinar ýmsu líkamsstærðir og ólík fegurð metin að verðleikum."

Greinarhöfundur bendir þó á að þrátt fyrir þessa tilhneigingu veðji flestir tískuhönnuðir enn á grannar fyrirsætur og eru þær holdmeiri í miklum minnihluta. Renn, sem nú er í stærð 16, segir þó hugarfarið augljóslega vera að breytast og hefur hún líkt og Inga nóg að gera.

- ve

Crystal Renn fór úr stærð tvö í sextán og hefur aldrei haft meira að gera. NORDICPHOTOS/GETTY

Inga Eiríksdóttir fyrirsæta á tískupalli.



Íþróttahaldarinn sívinsæli í BCD skálum á kr. 3.950,- aðhaldsbuxur í stíl kr. 2.650,-



Nýr litur í flottum haldara í BC skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl kr. 1.950,-

MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
Opið mán-fös kl. 10-18
Lau. kl. 10-14

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Eyru hefja innreið

Kanínueyru hafa stungið sér niður víða í tískuheiminum að undanförnu.

Flestir kannast við kanínueyru Playboy-fyrirtækisins en fæstir myndu láta sér detta í hug að klæðast þeim hversdags. Nokkrir hönnuðir hafa þó fengið innblástur frá þessum kynþokkafullu eyrum. Til dæmis mótaði Luella hár fyrirsætna sinna í kanínueyru og Marc Jacobs notaði skúlptúra á höfuð fyrirsætna sinna á tískusýningu fyrir Louis Vuitton í mars.

Stjörnur hafa fylgt í kjölfarið. Madonna sást nýlega með satíneyru úr smiðju Louis Vuitton og Olsen-systur mættu með gervieyru á opnunarpartí í Japan í lok ágúst.

Af sýningu Marc Jacobs fyrir Louis Vuitton.

Madonna með silkieyru.

Olsen-systur með músaeyru.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

Námskeið

Hekl: 5 kvöld.
Námskeið hefst mánud. 28.september.
Seinna námskeið hefst þriðjud. 3. nóv.

Harðangur og klaustur: 5 kvöld.
Námskeið hefst þriðjud 29. september.
Seinna námskeið hefst mánud. 2. nóvember.

Kennt er í Grafarvogi.
Upplýsingar í síma: 588 5171 / 862 2039

LAGERSALA LAGERSALA

Opið hús að Dalshrauni 17, Hafnarfirði,

fimmtudaga frá kl. 12-18 og laugardaga frá kl. 12-15.

SKART • HÁRSKRAUT

TÖSKUR • HÚFUR

VETTLINGAR • SOKKAR

OG MARGT FLEIRA

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

HEFST 27. SEPTEMBER Á STÖÐ 2

FANGAVAKTIN

JÖRUNDUR RAGNARSSON PÉTUR JÓHANN JÓN GNARR

ÞÚ ÁTT ÓGLEYMANLEG
HAUST- OG VETRARKVÖLD Í VÆNDUM

ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

skemmtilegri

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

tómstundir

FIMMTUDAGUR 10. SEPTEMBER 2009

Sveiflan í vetur

Á Pro golf-námskeiðunum getur hinn almenni kylfingur haldið sér í æfingu. BLS. 7

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Æft frá sjö ára aldri

Gunnhildur Garðarsdóttir hefur æft skylmingar frá því að hún var sjö ára en hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á sverðum.

„Ég veit ekki hvaðan sá áhugi er upprunninn," segir Gunnhildur, sem nú er sextán ára, og hlær. „Ætli ég hafi ekki séð skylmingar fyrst í kvikmyndum og í kjölfarið byrjaði ég að æfa ólympískar skylmingar hjá Skylmingafélagi Reykjavíkur."

En hvers konar íþrótt eru skylmingar? „Skylmingar eru íþrótt þar sem tveir keppendur eigast við með sverðum og reyna að skora stig með því að koma höggi eða lagi á andstæðinginn."

Gunnhildur hafði ekki lengi æft skylmingar þegar systir hennar, Sigrún Inga, nú nítján ára, fór einnig að mæta á æfingar. „Það er mjög gott að æfa saman og við tölum oft um skylmingarnar en það eru töluvert margar stelpur sem æfa. Íþróttin leynir á sér. Fyrir áhorfandann virðist hún ef til vill ekki svo erfið en hún reynir mikið á, bæði líkamlega og andlega," segir skylmingastúlkan, sem æfir fimm til sex sinnum í viku og tekur utan þess einkatíma.

Gunnhildur hefur náð mjög góðum árangri í skylmingum og varð í 26. sæti með höggsverði á heimsmeistaramóti unglinga 2009. „Fyrir nokkrum árum flutti Nikolay Mateev hingað til lands frá Búlgaríu, en hann er margfaldur skylmingameistari. Hann hefur byggt upp mjög öflugt starf á Íslandi. Skylmingafélag Reykjavíkur hefur líka fengið nýja aðstöðu í Laugardalnum, í Baldurshaga, sem er á heimsmælikvarða. Þar verður í haust haldið alþjóðlegt mót fyrir unglinga. Það er geysilega mikill áhugi á skylmingum núna, bæði hjá börnum og fullorðnum og ég hvet alla til þess að prófa." - uhj

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnhildur í fullum skrúða, tilbúin að takast á við andstæðinginn.

Lokahnykkurinn á námskeiðinu fyrir tveimur árum var fjögurra daga ferð til Búdapest, þar sem nemendurnir fengu leiðsagnarverkefni til að leysa. MYND/ÚREINKASAFNI

Ekki fyrir þá sem vilja flatmaga á sólarströndum

Námskeið í fararstjórn erlendis er meðal þess sem nemendum Ferðamálaskóla Íslands stendur til boða í vetur. Friðjón Sæmundsson skólastjóri segir námið einstakt tækifæri til að kynnast menningu og siðum annarra landa.

„Ég get ekki lýst þessu námi á neinn annan hátt en að þetta sé alveg sérstakt," segir Friðjón Sæmundsson, skólastjóri Ferðamálaskóla Íslands við Bíldshöfða. Meðal þess sem skólinn býður upp á í vetur er námskeið í fararstjórn erlendis.

Þetta er þriðji veturinn í röð sem Ferðamálaskólinn býður upp á námskeið af þessu tagi. Að sögn Friðjóns hefur aðsóknin verið framar öllum vonum. „Það hefur verið troðfullt í bæði skiptin sem við kenndum námskeiðið. Þetta hefur verið svo rosalega vel heppnað að allir sem sótt hafa námskeiðið, og það er fólk á öllum aldri og úr öllum þjóðfélagsstéttum, hafa verið í skýjunum yfir því," segir Sæmundur.

Friðjón Sæmundsson segir leiðbeinendur á námskeiðinu vera þaulvana viskubrunna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Námskeiðið er einkum ætlað þeim sem hafa hug á að gerast fararstjórar á erlendri grund, fyrir minni eða stærri hópa, og nemendurnir kynnast nánar hefðum, siðum og menningu viðkomandi lands. „Þetta er auðvitað frábært tækifæri til að fræðast nánar um þau lönd sem við Íslendingar ferðumst mest til. Leiðbeinendurnir eru allir þaulvanir viskubrunnar um viðkomandi lönd, og það er ómetanlegt að fá tækifæri til að dreypa á þeirra viskubrunni.

Námskeiðið snýst meðal annars um mannleg samskipti á fjarlægum slóðum, sögu, menningu og listir viðkomandi landa, þjóðlega siði og hefðir og leiðsögutækni og ræðumennsku. „Mismunandi trúarbrögð leika einnig stór hlutverk í námskeiðinu. Það er mjög heillandi að sjá hversu mikil áhrif trúarbrögð hafa í viðkomandi löndum. Það má í rauninni orða það þannig að þetta sé ekki námskeið fyrir þá sem vilja flatmaga á sólarströndum," segir Sæmundur og hlær.

Meðal leiðbeinenda á námskeiðinu eru Pétur Óli Pétursson, fararstjóri í Rússlandi, Magnús Björnsson, fararstjóri í Kína, Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Jóhanna Kristjónsdóttir, blaðamaður og fararstjóri, Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri og Bjarni Randver Sigurvinsson, stundakennari við guðfræðideild Háskóla Íslands.

Kennsla fer fram tvö kvöld í viku. Námskeiðið hefst í október og lýkur með útskrift í maí. Skráning fer fram hjá Ferðamálaskóla Reykjavíkur. - kg

● **UNGBARNASUND UM ALLT LAND** Ungbarnasund hefur verið vinsælt hérlendis undanfarin ár enda ekki bara tískubóla heldur sýna rannsóknir að sundið stuðlar að betri svefni, matarlyst og skapi barnanna, svo það er ekki til lítils að vinna. Auk þess lærir barnið að bera virðingu fyrir vatninu en öðlast um leið öryggi í því og getur sundið því komið í veg fyrir vatnshræðslu síðar á ævinnni.

Nú í vetur eru námskeið víðs vegar um bæinn í boði. Til að foreldrar séu hvað öruggastir með hvers konar námskeið þeir eru að fara á er best að skoða heimasíðu Busla, sem er félag ungbarnasundkennara. Þar má finna nöfn viðurkenndra ungbarnasundkennara ásamt sundlaugum sem þeir kenna í. Slóðin er www.ungbarnasund.is - jma

Goran Superform

- raunhæft námskeið sem kemur þér í form á 4 vikum.

Goran Micic íþróttafræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, þ.á.m. mat sem örvar fitubrennslu. Þú lærir hvernig á að glíma við matar- og sykurþörfina og hvernig þú brennir meira og léttist hraðar.

Sértilboð

Superform námskeið og Superform matartaska í 4 vikur á aðeins 69.900.

Goran útbýr töskuna sérhannaða fyrir þig með þína orkuþörf í huga sem tryggir þér hámarks árangur í ræktinni. Inniheldur allan mat sem þú þarft yfir daginn.

Vilt þú:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

KINESIS

5 tímar á viku.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf hjá Goran.
Persónuleg næringaráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Næringadrykkur í lok hvers tíma.
Herðanudd í pottum eftir æfingar.

Technogym-lykillinn fylgir þér gegnum æfingarnar og hefur að geyma stillingar þínar fyrir hvert og eitt tæki og safnar upplýsingum um árangur þinn og elju.

Námskeiðið hefst 14. september kl:
6:30 | 7:30 | 10:00 | 12:00 | 16:30 | 18:30

Skráðu þig núna!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

GrandSpa

Dreymt um flugið

Það eru alltaf einhverjir sem láta sig dreyma um að læra að fljúga. Hjá Flugskóla Íslands er meðal annars hægt að láta þann draum rætast en fyrstu skrefin í því ferli eru að bóka kynnisflug. Ef manni líkar flugið er næsta skref að tala við afgreiðslu flugdeildarinnar hjá skólanum sem úthlutar nemendum kennara.

Eftir að hafa tekið nokkra tíma með kennara og náð ágætri hæfni fer nemandi einn í æfingaflug. Verklega kennslan fer fram á Reykjavíkurflugvelli en til að bóka kynnisflug er best að hafa samband í síma 514-9400 eða flightdesk@flugskoli.is *- jma*

22. daga ferð, 14. október–4. nóvember til

KÍNA

með Kínaklúbbi Unnar

Verð kr 505 þ/mann ALLT INNIFALIÐ

Uppl. í síma 551 2596, 868 2726 og www.simnet.is/kinaklubbur

Jóhanna Karlsdóttir jógakennari fór alla leið til Taílands til þess að læra hot-jóga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hot-jóga skal stundað í 37 til 40° C heitum sal

Fólk hugar að sjálfu sér, leitar inn á við og byggir sig upp í kreppunni, til dæmis með því að fara í hot-jóga sem er nýjasta æðið hjá líkamsræktariðkendum.

„Hot-jóga var þróað af manni sem heitir Bikram Choudhury en það byggist á hatha-jóga. Bikram þessi slasaðist alvarlega á hnjám og átti ekki að geta gengið aftur en þjálfari hans og jógakennari í Indlandi beitti þá þessari aðferð að nota hitann við æfingarnar. Þannig náði Bikram fullum bata því hitinn gerir það að verkum að iðkun líkamans verður dýpri," segir Jóhanna Karlsdóttir, jógakennari í Sporthúsinu. Hún fór til Taílands fyrir nokkrum árum sem ferðamaður, prófaði og heillaðist af þessari tegund jóga þar sem æfingarnar eru gerðar í miklum hita, eða 37-40° C. „Ég ákvað síðan tveimur árum seinna að fara til Taílands og læra þessi fræði og síðan hef ég verið að kynna þetta kerfi fyrir Íslendingum og kenna og viðtökurnar hafa vægast sagt verið góðar."

Hot-jóga tekur jafnt á öllum vöðvaflokkum líkamans, það er sérstaklega hannað til þess að styrkja hrygginn því hann er þungamiðja líkamans. „Hitinn er svo mikilvægur vegna þess að hann gerir það að verkum að allur líkaminn hitnar upp, fólk kemst dýpra inn í stöðurnar, vöðvarnir verða mýkri og það minnkar hættu á meiðslum. Það er óhætt að segja að það leki af fólki svitinn en um leið losar líkaminn og húðin sig við ýmis úrgangsefni og verður mýkri. Í stöðunum eru einnig liðamótin sveigð og beygð svo að þau opnast betur og orkuflæðið um líkamann batnar," segir Jóhanna.

En hvað gerir hot-jóga fyrir sálarlífið? „Fólk þarf að einbeita sér það mikið að líkamanum í tímum að það róar sálina og hreinsar hana jafnvel. Við endum svo á stuttri slökun sem á að virka enn betur til að róa hugann. Hot-jóga er því ekki síður gott fyrir sál en líkama. Það fylgir því mikil vellíðunartilfinning."

EFTIRSPURN FRAMAR VONUM

Gunnhildur I. Þráinsdóttir, umsjónarmaður námskeiða í Sporthúsinu, segir að þau hafi ekki búist við jafn mikilli eftirspurn í hot-jóga og raunin hafi verið. „Þetta er alveg geysilega vinsælt en um 200 manns stunda þetta hér og við erum enn að bæta við námskeiðum því eftirspurnin er svo mikil. Við erum eina líkamsræktarstöðin sem hefur sérhannað sal með innbyggðu hitakerfi fyrir þessa tegund jóga og Jóhanna er eini menntaði kennarinn á Íslandi í hot-jóga. Hvert námskeið stendur í 6 vikur og við bjóðum upp á 60 mínútna tíma tvisvar í viku, og 90 mínútna tíma tvisvar eða þrisvar í viku."

FRAMVEGIS
Miðstöð um símenntun í Reykjavík

RITARA- OG SKRIFSTOFUSTJÓRANÁM

Námið er í samvinnu Framvegis og Verzlunarskóla Íslands og er blanda af staðbundnu námi í Verzlunarskólanum og fjarnámi. Námið er einingabært (22 einingar) og dreifist á þrjár annir. Staðbundnar lotur eru 3x tveir virkir dagar á hverri önn og fjarnámið er stundað þess á milli.

Námið skiptist þannig:

BÓK113 Bókfærsla
TÖN141 Power Point og Publisher
LÍB101 Líkamsbeiting og vinnustellingar.
SAM103 Samskipti á vinnustað og við viðskiptavini, samtalstækni
SIÐ102 Siðfræði
SKY101 Skyndihjálp
UTÖN103 Ritvinnsla, excel og tölvupóstur
STJ101 Stjórnun
UMH101 Umhverfisfræði

Umsóknarfrestur er til 10. september 2009.

Nánari upplýsingar og skráning:
Framvegis · Síðumúli 6, 108 Reykjavík · Sími 581 4914 · framvegis@framvegis.is

www.framvegis.is

Fitjað upp í fyrsta tíma

Prjónarnir tifa ótt og títt í höndum Steinþóru Þorsteinsdóttur, listakonu í Hafnarfirði, og nú hefur hún ákveðið að gefa fleirum hlutdeild í ánægjunni sem prjónaskapnum fylgir og efna til grunnnámskeiða í honum. Þátttakendur mæta heima hjá henni að Furuvöllum 32 í Hafnarfirði á fimmtudagskvöldum en hún segir hugsanlegt að hún bæti þriðjudagskvöldunum við.

„Ég hef alla tíð prjónað mikið en á dóttur sem er þrítug og hún og hennar vinkonur kunna ekki að prjóna svo ég bauðst til að kenna þeim. Svo spurðist það út og vatt upp á sig. Áhuginn á prjónaskap er mikill núna því það er svo margt smart í gangi." Steinþóra reiknar með að þátttakendur komi með prjóna og garn og mælir ekki síst með lopa. Sjálf á hún ýmsar uppskriftir en segir hvern og einn velja það sem hann langar til að prjóna. „Ég kem þeim af stað og útskýri uppskriftir og skammstafanir. Sumir vita ekki hvað slétt og brugðið þýðir. Þekkja ekki tungumálið," segir hún.

Fyrsti tíminn fer í að fitja upp og svo koll af kolli. „Ég reyni að setja þetta þannig upp að í fjórða tímanum sé hægt að klára peysuna eða hvað sem á prjónum er. Legg líka áherslu á að fólk geti alltaf leitað til mín þó það sé ekki á námskeiðum, að við höldumst í hendur."

Steinþóra leggur áherslu á að nemendur ljúki því sem á prjónum er meðan á námskeiðinu stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Steinþóra rekur Gallerí Steinku þar sem hún selur eigin framleiðslu sem er af ýmsum toga, svo sem skartgripir og munir úr skinni, roði, leir og gleri. *- gun*

BYRJENDANÁMSKEIÐ í TENNIS að hefjast

TENNISHÖLLIN Kópavogi

Tennishöllin Kópavogi
Dalsmára 13 I Sími 564 4030 I tennis@tennishollin.is I tennishollin.is

Nýr þjónustulærdómur á myndbandi

Ráðgjafafyrirtækið Gerum betur hefur í nokkur ár veitt fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum ýmis konar ráðgjöf varðandi þjónustu, haldið námskeið og gefið út námsefni.

Nú nýlega gaf Gerum betur út kennslumyndband sem kallast „Þjónustan er fjöreggið“ en þar má sjá fjölda leikinna atriða og dæmisögur úr íslenskum veruleika er tengjast því hvernig gera á þjónustuhlið fyrirtækja betur úr garði. Þar er sýnt frá starfsemi hótela, veitingahúsa, matvöruverslana og fleiri staða. Örn Árnason er þulur og leikari í myndinni en handbók með fjölda verkefna fylgir einnig myndunum, sem eru sex talsins.

Örn Árnason er leikari og þulur á kennslumyndbandinu „Þjónustan er fjöreggið“.

Frá hráfæði til suðrænna rétta

Kvöldskóli Kópavogs býður upp á fjölmörg matreiðslunámskeið í vetur þar sem hægt verður að tileinka sér hina ýmsu matargerðarlist.

Fyrst er námskeiðið Gómsætir bauna-, pasta- og grænmetisréttir en þar verða búin til baunabuff, salöt og kaldar sósur úr fersku hráefni. Þá gæti námskeiðið Hráfæði heillað en ekki er sjálfgefið að kunna þá matargerðarlist. Á námskeiðinu er kennt að meðhöndla hráefni án þess að elda það og verður þátttakendum kennt að búa til mat úr ferskum ávöxtum, grænmeti, baunum, fræjum, hnetum og þurrkuðum ávöxtum. Búnar verða til nokkrar tegundir af orkusúpu, hrásalöt, sósur, grænmetisbuff, lasanja og fleira.

Á námskeiðinu Gómsætir hollir suðrænir réttir frá Miðjarðarhafslöndum verða matreiddir þekktir réttir frá löndum eins og Frakklandi, Ítalíu, Spáni, Portúgal, Grikklandi og Marokkó og fylgja fróðleiksmolar um uppruna réttanna. Inntakið í námskeiðinu Matargerð fyrir karlmenn segir sig síðan nokkurn veginn sjálft en þar verður kennt að matreiða gómsæta og fljótlega rétti. Námskeiðið, sem stendur í þrjár vikur, er ætlað körlum á öllum aldri.

Af hefðbundnari námskeiðum má síðan nefna Ítölsk matargerð og Matarmiklar súpur og heimabakað brauð en nánari upplýsingar er að finna á www.kvoldskoli.kopavogur.is. *- ve*

Ekki hafa allir lag á því að útbúa hráfæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Mikilvægasta máltíð dagsins

ÍSLENSKA SÍA.IS/NAT 40470 12/07

Afró eykur orku, styrk og þol.

Dansað við trommuslátt

Afró er kraftmikill dans sem stiginn er við trommuslátt. Afró-dansinn hefur verið kenndur í Kramhúsinu um árabil við miklar vinsældir enda er afró ekki aðeins skemmtilegt heldur eykur það orku, styrk og þol. Tímarnir eru fyrir fólk af öllum stærðum og gerðum og á öllum aldri. Kennarar á haustönn eru Álfheiður og Sandra en aðaltrommari er Alzeny.

Í Kramhúsinu er margt annað í boði að auki. Til dæmis má þar læra að dansa hiphop og krump, salsa, magadans, Bollywood-dansa, lindyhop, tangó og allt þar á milli. Þeim sem vilja kynna sér framboðið nánar er bent á www.kramhusid.is.

Sögu dráttarvéla haldið til haga

Varðveisla forndráttarvéla er efni námskeiðs á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri sem er á dagskrá 10. október og er opið öllum áhugamönnum um efnið. Af því tilefni var slegið á þráðinn til Bjarna Guðmundssonar prófessors. „Dráttarvélaáhuginn er auðvitað della," viðurkennir hann hlæjandi. „En svo ég tali nú í alvöru þá er þetta angi af því sem Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri er að vinna að, að halda til haga sögunni um það hvernig landbúnaðurinn og sveitastörfin breyttust, meðal annars með tilkomu dráttarvélanna. Athyglinni verður meðal annars beint að sögu og varðveislu Ferguson-dráttarvéla sem fagna munu sextíu ára afmæli hérlendis á næsta ári."

Bjarni segir hámarksfjölda á námskeiðinu vera tuttugu. Það standi í níu klukkustundir og þar sé farið yfir almenn atriði eins og tryggingar og skráningu en ekki síður hvernig eigi að hirða þessa gömlu gripi og varðveita þá. „Við höfum verið svo heppin að fá leiðbeinendur sem eru mjög vel að sér um einstök atriði en svo er þetta byggt upp þannig að þátttakendur miðla hver öðrum en við stjórnum umræðu og efnisvali. Huti af tilganginum er sá að leiða áhugamenn saman þannig að þeir hittist og geti haldið þeim kynnum við."

Bjarni segir viðráðanlegt að komast yfir varahluti í flestar gerðir dráttarvéla í Bandaríkjunum. „Það er snúnara með evrópskar vélar," segir hann. „En allt hefst með þolinmæðinni."

- gun

Bjarni Guðmundsson á Ferguson árgerð 1949. „Ökumaður var alltaf með hægri hendina á lofti í auglýsingum Ferguson á þeim tíma," segir hann.

Ilmur Dögg Gunnarsdóttir í peysu úr einbandi sem hún kallar Bleikur hraði, en uppskriftin er úr Einbandshefti Ístex og heitir Hraði.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Pólitískt prjón og potta-leppar með hauskúpum

Netið er samráðsvettvangur prjónafólks. Þar má finna prjónauppskriftir sem geta verið allt frá því að vera fyndnar og upp í pólitískar.

„Netið hvatti mig til að taka prjónana upp að nýju," segir Ilmur Dögg Gunnarsdóttir, sem prjónar nú af ástríðu. „Ég lærði vitaskuld að prjóna í barnaskóla og hafði gaman af. Fyrstu peysuna prjónaði ég sem unglingur og í menntaskóla nánast framleiddi ég peysur af ýmsum stærðum og gerðum eftir uppskriftum. En svo skyndilega hætti ég að prjóna þar til fyrir fjórum árum." Örlagavaldurinn var prjónabókin Stitch and Bitch eftir Debbie Stoller og netið, þar sem Ilmur komst í samband við samfélag prjónara um víða veröld.

„Netið er alveg stórkostlegt. Vissulega er hefðin ágæt, bleik barnasett og gamla íslenska lopapeysan. Á netinu kemst maður hins vegar í kynni við fólk, sem prjónar ekki aðeins húfur og trefla, til þess að klæða af fólki kulda, heldur hefur prjónið annan og meiri tilgang til dæmis pólitískan. Heimur prjónsins er svo margvíslegur og þar er farið skemmtilega með hefðina. Sumir prjóna pottaleppa með hauskúpum, aðrir langa trefla með pólitískri umhverfisáletrun eins og: „Hjóla, ekki keyra." Aðrir prjóna þekkt vörumerki eins og Nike í vörur sínar til þess að mótmæla þrælahaldi við gerð varnings fyrirtækisins og eru þá að vísa til þess að viðkomandi geti bara búið vörurnar til sjálfur, eins og húfur. Auk þessa eru óteljandi ókeypis uppskriftir að alls konar prjónuðum hlutum á netinu og blogg þar sem prjónafólk spjallar saman."

Ilmur Dögg stofnaði netsíðuna, www.prjona.net, í febrúar 2008. „Á síðunni miðla ég minni eigin hönnun og uppskriftum en einnig öðrum innlendum og svo erlendum auk þess sem ég vísa oft á útlenskar krækjur. Á Íslandi hefur á örfáum árum orðið til öflugur hópur prjónafólks og bara á síðuna mína koma 3-400 manns daglega og flettingarnar eru um 1.500. Það er ekki bara gaman að prjóna heldur líka að lesa um prjón, tala um prjón og skoða prjón," segir hún og brosir.

- uhj

Hvað ætlar þú að gera í vetur?

Leikhúslýsing

Námskeiðið Leikhúslýsing fyrir áhugaleikhús er í samvinnu við Raftækniskólann.

Námskeiðið er ætlað fólki á öllum aldri. Á námskeiðinu eru kennd helstu atriði við hönnun og uppsetningu lýsingar fyrir leiksýningar, tónleika, ráðstefnur o.fl. Fjallað er um eðlisfræði ljóss og litafræði, hugmyndafræði lýsingar, upphengingu og staðsetningar, leikhúsljós og önnur tæki, skipulag, teikningar og fleira.

Kennari: Benedikt Axelsson, lýsingahönnuður
Tími: Laugardagana 26. sept., 3. og 10. okt. frá kl. 9:00 - 13:00.
Námskeiðsgjald: 23.000 kr.

CanOpen kerfið

Farið verður í uppruna CAN netsins og uppbyggingu á CAN bus. CANOpen staðalinn og hugbúnað. Einnig farið í forritun á CAN bus (CANOpen). Vettvangsferð, skoðun CAN stýrðra tækja hjá Marel.

Kennarar: Haukur Hafsteinsson og Jón Reynir Vilhjálmsson hjá Marel
Tími: 3.. 4. og 5. nóv. frá kl. 18:00 - 22:00 og laugardaginn 7. nóv. kl. 9:00 - 13:00.
Námskeiðsgjald: 28.000 kr.

LCD skjáviðgerðir

Á námskeiðinu er fjallað um uppbyggingu LCD skjáa, stærðarhlutföll, útsendingarhlutföll og upplausn. Farið er í uppbyggingu LCD tækja, blokkmynd og virkni eininga. Skoðað er hvernig skjárinn er stilltur í gegnum tölvu og farið í bilanagreiningu. Námskeiðið er ætlað fagmönnum á sviði rafeindatækni.

Tími: 5, 6. og 12. og 13. október, frá kl. 18:00 - 21:00.
Kennari: Guðmundur Helgi Guðmundsson, rafeindavirkjameistari
Námskeiðsgjald: 23.000 kr.

MultiSim rafrásahermir

Námskeiðið er í samvinnu við Raftækniskólann. Námskeiðið er ætlað fagmönnum sem og áhugamönnum um rafeindatækni. Farið er í uppbyggingu Multisim og útskýrt hvernig forritið er byggt upp. Unnið verður með einfaldar rafeindarásir og helstu mælitæki tekin til skoðunar.

Kennari: Erlingur Kristjánsson kennari við Raftækniskólann
Tími: 26. og 27. okt. frá kl. 18.00 - 21.00.
Námskeiðsgjald: 13.000 kr.

PIC stýriörgjörvar

PIC I, námskeið - kynning á örtölvustýringum og þeim möguleikum sem bjóðast í hönnun og nýsköpun á tækni- búnaði með notkun hinna margbreytilegu PIC-rása í ýmsum hlutverkum í mælingum, eftirliti, skráningu og stýringum. Námskeiðið er ætlað rafeinda-, raf- og rafvélavirkum og öðrum með þekkingu og/eða reynslu á þessu sviði. Æskilegt er að þátttakendur séu með einhverja innsýn í stýringar og forritun.

Kennari: Þorleifur Magnús Magnússon
Tími: 5.,12., 19. og 23. október, frá kl. 18:00 - 21:00.
Námskeiðsgjald: 26.000 kr.

Nánari upplýsingar fást í Endurmenntunarskólanum í s. 514 9601 eða á ave@tskoli.is.

Námskeið Endurmenntunarskólans eru styrkhæf hjá flestum fræðslusjóðum stéttarfélaga.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

● HJÓLAÐ SÉR TIL HEILSUBÓTAR

Reiðhjól eiga auknum vinsældum að fagna eftir því sem bensínlítrinn hækkar. Það að hjóla sparar sannarlega peninga en ekki má líta framhjá þeirri staðreynd að það eykur einnig hreysti og þol. Hjóla má allt árið um kring ef búnaðurinn er réttur, hægt er að fá nagladekk og svo þarf að muna að vera með ljósin í lagi og endurskinsmerki á sínum stað.

Á vef Landssambands hjólreiðamanna www.lhm.is er hægt að nálgast ýmsan fróðleik. Fram undan hjá hjólamönnum er Tjarnarsprettur, útsláttarkeppni kringum Tjörnina 19. september, sem Hjólreiðafélag Reykjavíkur stendur fyrir. Keppnin verður haldin í tengslum við samgönguviku 16. til 22. september.

Brynjar Eldon Geirsson, Gunnar Már Sigfússon og Ólafur Már Sigurðsson eru umsjónarmenn Golf fitness-námskeiðsins.

Golfsveiflan tekin í gegn í vetur

Pro Golf og NordicaSpa bjóða í samvinnu upp á Golf fitness-námskeið í vetur. Brynjar Eldon Geirsson golfkennari segir það gott tækifæri fyrir hinn almenna kylfing.

„Við höfum svo gríðarlega mikla trú á þessu námskeiði að við búumst við miklum fjölda þátttakenda. Þetta er í fyrsta skipti sem hinum almenna íslenska kylfingi er boðið upp á þetta vandvirkt og árangursríkt námskeið," segir Brynjar Eldon Geirsson, golfkennari hjá Pro Golf. Fyrirtækið býður í samstarfi við NordicaSpa í vetur upp á námskeið í Golf fitness.

Námskeiðið er hannað af Titleist Performance Institute (TPI), sem Brynjar segir búa yfir mestu þekkingu í heiminum á golfíþróttinni hvað varðar æfingar og heilsu. Þar koma saman upplýsingar frá helstu sérfræðingum golfheimsins, svo sem golfkennurum, styrktarþjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum og atvinnukylfingum. Námskeiðið er hannað með það í huga að gera líkamann kraftmeiri og sveigjanlegri og koma honum í betra jafnvægi, og bæta þannig golfsveifluna í leiðinni. Þátttakendum námskeiðsins stendur einnig til boða sérhönnuð áætlun fyrir þá sem glíma við bak-, hné- eða axlavandamál sem koma niður á sveiflunni.

Golf fitness stendur öllum til boða, en Brynjar segir það fyrst og fremst ætlað hinum almennu kylfingum en ekki afrekskylfingum. „Atvinnumenn í golfi og afrekskylfingar hafa raunar verið að ganga í gegnum sama prógramm á undanförnum árum, en nú er kominn tími til að leyfa hinum minna reyndu að njóta þess. Þetta snýst í raun um að taka á öllum þáttum sem varða golfið. Sveiflan er tekin rækilega í gegn og athugað hvað má bæta og hverju er hægt að breyta. Í fitness-hlutanum eru þátttakendurnir mældir og þannig sjáum við hvort þeir eru missterkir í líkamanum, sem getur orðið til þess að þeir beygi sig á rangan hátt, sem aftur getur komið niður á sveiflunni. Við leitumst í raun við að styrkja þátttakendur alhliða í íþróttinni. Við viljum veita fólki nákvæmar upplýsingar um hvað það gerir vitlaust, og aðstoða það við að lagfæra það," segir Brynjar.

Golf fitness-námskeiðið tekur fjórar vikur. Skráning er hafin og fer fram í síma 552-7200. *- kg*

● **BYRJENDANÁMSKEIÐ Í BADMINTON** Byrjendanámskeið í badminton hefjast mánudaginn 21. september. Á heimasíðu Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur www.tbr.is kemur fram að mikil eftirspurn er eftir slíku námskeiði.

Kennari á námskeiðinu er Kjartan Nielsen en hann hefur leiðbeint á þessum námskeiðum undanfarin ár. Námskeiðið stendur í sex vikur og er kennt alla mánudaga klukkan 21.50 og kostar 6.700 krónur fyrir hvern. Skráning og greiðsla fer fram í afgreiðslu TBR eða í síma 581-2266.



Dansskóli Birnu Björns er ætlaður sex ára og eldri.

Dansinn dunar

Í Dansskóla Birnu Björns sem er starfræktur í Sporthúsinu að Dalsmára 9-11 er hægt að læra djass-, hiphop-, street-, Broadway-, house-, locking-, modern- og Grease-dansa. Boðið er upp á námskeið fyrir sex ára og upp úr en fullorðnir fá þar sinn sess eins og venja er orðin hjá mörgum dansskólum.

Skólinn hefur verið starfræktur í tólf ár. Aðaláhersla er lögð á djassballett og tækni, styrktar- og liðleikaþjálfun ásamt kennslu í mismunandi dansstílum en einnig er lagt upp úr leikrænni tjáningu, sviðsframkomu og túlkun. Nemendur koma fram á danssýningu í Borgarleikhúsinu á vorin auk þess sem margir af nemendum skólans taka þátt í árlegu Íslandsmóti í freestyle-dansi.

Birna Björnsdóttir, eigandi skólans, hefur unnið sem danshöfundur árum saman og tekið þátt í uppsetningu fjölmargra sýninga og söngleikja. Má þar nefna söngleikina Grease og Gosa í Borgarleikhúsinu, Fame í Vetrargarðinum og Ástin er diskó – lífið er pönk í Þjóðleikhúsinu. - ve

Fjölskyldumorgnar verða í Borgarbókasafni í vetur.

Saman á safnið

Fjölskyldumorgnar Borgarbókasafns Reykjavíkur hefjast þriðjudaginn 14. september í bókasafninu í Gerðubergi og standa frá klukkan 10.30 til 11.30. Slíkir morgnar verða einnig á miðvikudögum á sama tíma í aðalsafninu í Grófarhúsinu í Tryggvagötu.

Borgarbókasafn Reykjavíkur, í samstarfi við Menningarmiðstöðina í Gerðubergi og leikskólasvið, stendur fyrir þessum fjölskyldumorgnum þar sem fjölskyldum með börn á aldrinum 0-6 ára er boðið að koma og eiga saman góða samverustund á bókasafninu. Boðið er upp á óformlega dagskrá um ýmis málefni. Leikföng og bækur fyrir börnin eru á staðnum og boðið verður upp á kaffisopa. Um er að ræða tilraunaverkefni en nánari dagskrá verður mótuð í samstarfi við þátttakendur með þarfir þeirra og óskir að leiðarljósi. Allir eru velkomnir og þátttaka er ókeypis.

Körturnar vinsælar hjá vinnustaðahópum

Ný Go kart-braut leit dagsins ljós á bílastæðinu við Korputorg í sumar. Hún nær yfir rúmlega 3.500 fermetra svæði, er 900 metra löng og allt að tólf metra breið.

„Brautin er sérstaklega vinsæl á meðal vinnustaðahópa og stærri hópa sem gjarnan taka keppni en við bjóðum bæði upp á styttri og lengri kappakstur. Dagskráin er byggð upp með svipuðum hætti og formúlan, með upphitun, tímatöku og keppni. Fyrstu þrír í hverju holli halda síðan áfram og stendur einn uppi sem sigurvegari," segir Karim Djermoun, sem hefur umsjón með brautinni. Sumir eru fyrstir í tímatöku, detta síðan út en vinna sig svo upp aftur og er því mikil spenna og fjör. Að lokinni keppni fá allir tímana sína útprentaða og geta því borið þá saman við tíma félaganna."

Fyrir utan keppni er boðið upp á fimm til tíu mínútna akstur um brautina. „Við erum með sextán bíla eins og er en ætlum að bæta fleirum við. Með vetrinum ætlum við svo að reyna að komast í innanhússaðstöðu." - ve

Go kart-braut er við Korputorg.

Fann mikinn mun innan 3ja vikna
Margrét Óskarsdóttir

Frábært að hægt sé að bæta ástand liðanna með náttúrulegu efni

Ég þurfti að fara í skurðaðgerð 1991, þar sem ég var með of löng liðbönd og var að smella úr lið í tíma og ótíma. Þannig að farið var að kvarnast upp úr liðbrjóskinu. Eftir aðgerðina minnkuðu verkirnir en hurfu ekki. Að ganga niður stiga og langar stöður ollu sárum verkjum. Starf mitt krefst þess að ég þarf að standa mikið og var það ekki auðvelt.

Reyndi margt
Ég hef reynt margar leiðir til að minnka verkina án þess að nota verkjalyf sem því miður dugðu ekki. Með árunum jukust verkirnir og útlitið var ekki bjart.

NutriLenk til sölu á Íslandi
Fyrir tæpu ári frétti ég af nýju bætiefni, NutriLenk, sem er vinsælt efni í Noregi og Svíþjóð, hjá fólki sem er með slitna og auma liði. Satt að segja var ég ekkert sérlega jákvæð á að NutriLenk gæti hjálpað mér frekar en margt annað en sló til, enda allt tilvinnandi. Byrjaðiá að taka inn 6 töflur á dag í tvær vikur samkvæmt ráðleggingum og eftir það 2 töflur á dag.

Eftir 2-3 vikur fann ég greinilegan mun
Já, það ótrúlega gerðist, ég fann greinilegan mun eftir 2-3 vikur á NutriLenk

Nú tæpu ári seinna er ég nánast verkjalaus og einnig eru verkir vegna slits í fingrum horfnir.

Ég tek nú inn 2 töflur af NutriLenk á dag og ég get sannarlega sagt að NutriLenk hefur gert kraftaverk fyrir mig.

Það að standa við afgreiðslu, ganga niður brekkur og stiga er ekki stórmál lengur ...

Ég horfi bjartsýn til framtíðar, NutriLenk er himnasending fyrir mig og frábært að það skuli vera hægt að bæta liðheilsuna með náttúrulegu efni segir Margrét að lokum.

Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýrnar brjóskvefurinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar-og hnjáliðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.

Heilbrigður liður

Liður með slitnum brjóskvef

Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið
NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

Vara ársins!
NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki.
NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi.
NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.
Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!

NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum og stærri Hagkaupsverslunum.

Mikilvægt er að annast sig vel allt lífið.
Mjög nauðsynlegt er að neyta góðs kalks með D-vítamíni fyrir beinin. KOLOS er t.d. góður kostur, öflugt D-vítamín með kalki. 1 glas af KOLOS inniheldur 180 töflur sem er 6 mánaða skammtur og á góðu verði.
Umboðsaðili: Gengur vel ehf.,

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

SUBARU B9 TRIBECA LTD, árg.11/2006, ek.41þús.km, sjálfsk., 7 manna, leður, lúga, bakkskynjarar, omfl, hlaðinn búnaði, Ásett verð 4750 þús.kr. áhv. 4500þús.kr.

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Mazda 6 2/2005 ek. 40þús. einn/m öllu topplúga Xenon ljós Bose soundsystem og fleira Verð 2.290.000.- áhvílandi lán kr. 1.280.000.- ath. skipti ódyrara.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

TILBOÐSDAGAR á VESPUM verð frá 195.000 kr. með skráningu full búð af frábærum og góðum Vespum sjáið fleyri tegundir á www.sportx.is

Sport-X
Draupnisgötu 7, 600 Akureyri
Sími: 5642323 / 8976040
Verslun og viðgerðaþjónusta á staðnum
www.sportx.is

Toyota Hi-Ace diesel árg.'99, 4x4, 9 manna, ekinn aðeins 82 þús., sk.'10, lítur mjög vel út, verð kr. 1.290.000,- 821-6292.

Toyota Hi-Ace árg. 2000, 6 manna, stuttur, bensín, ekinn aðeins 51 þús. km., sk.'10, verð kr. 1.190.000,- 821-6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

Toyota Yaris '05. 5 gíra. Ekinn 83 þús. Snyrtilegur og góður bíll. V. 1050 þús. s: 864-8338.

MMC Pajero diesel árg. '92 2.5 ek. 330km. Sk. 09/'10. Verð 220þ. Uppl. í s. 865 1655.

Viltu skipta, kaupa eða selja ?
Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins og stórlækkaðan sölukostnað. Kynntur þér málið Netbilar.is Hlíðasmára 2 s: 588-5300

Til sölu VW Golf confortline '00 sjálfsk. ek. 64.000. Verð 800.000 Uppl. s:6946108

Vw passat 2002, 1.8turbo ekinn 98500km,automatick (tiptronick) siminn 661 2001,verd 950000isk.

Toyta Landcrusier 100 árg. 2000, dísel, ek. 223Þ. verð 2.690þ. 100% erl. lán getur fylgt Uppl. í s. 898 6676.

AGV hjálmar
opnanlegu agv Longway hjálmarnir komnir aftur Hagkaup Garðabæ 563 5000

Tilboð 350þ.
Toyota Corolla 1600 5d., sk.'10. Ek. 137þ. Góður bíll. Verð 350þ. S. 891 9847.

sk. '10 tilboð 145þ.
Toyota Corolla með skotti árg. '91. Ný tímar., góður bíll. Sk. '10. Verð 145þ. S. 891 9847.

Til sölu VW Golf hl. árg.'03. Sjsk. Ek. 130 þús. sk.'10. skipti á ódýrari eða mótorhjóli. Uppl. í s. 845 0990.

0-250 þús.

Tilboð 199 þús.
VW Polo árg. '98 ek. 154þús. 3ja dyra og 5 gíra. Uppl. í s. 899 4275.

Til sölu jeppi Isuzu Rodeo '98. Ekinn 170þús. Svartur, skoðaður, nýjir demparar, nýtt púst. Verð 250þús. S. 840 2200.

Nissan Almera SLX 1,6 árg '99, ekinn 189 þús, ný skoðaður, verð 240 þús., s: 7707309.

Tilboð 99þús.
Daihatshu Terios árg. '00 ek. 133þ. Þarfnast lagf. á mótor. S. 899 4275.

Óska eftir vetradekk og felgu fyrir Land-rover á góðu verði stærð 235/70/R16 simi 891 9020.

250-499 þús.

Tilboð 299 þús.
Toyota Corolla árg. '96 ek. 124þ. 5d., 5g. Mjög heillegt eintak. Sk. '10. S. 899 4275.

Renault '99 sk. 10. ek.127 þ, krókur 8 felgur v/sdekk. 290 þ. kr. s 8237375

33" TILBOÐ 380 ÞÚS!!!
Korando árg.'98 2,3 benz mótor 140 hö,ek.148 þús,5 gíra,33" breyttur,ný skoðaður. 2010, dráttarkrókur, ryðlaus,ásett verð 490 þús. TILBOÐ 380 þús!!! s. 841 8955.

Suzuki Wagon R, bsk., álf. skr. 00, ek.38 þús. Sem nýr. V.450 þús. S.692 6030.

500-999 þús.

Tilboð 799 þús.
Ford Focus árg. '03 ek. 54þ. 3d., 5 g. Uppl. í s. 899 4275.

2 milljónir +

Cadillac Escalade árg. 12/'07. Ekinn 20 þús. km. Með gjörsamlega öllum aukahlutum sem Cadillac býður upp á. Bara flottur ! Verð 8.990 þ. Tilboð 7.990 þús. Góðir lánamöguleikar. Uppl. í s. 898 2111.

Ford Freestyle Frábær 7manna 4x4 fjölskyldubíll. Vel með farinn og léttur í rekstri. v2,2m S.691 1279.

Sparibaukur :-) Skoda Octavia árg. 2006, ek. 127 þús., nýsk., grænn, sjálfsk., TDI diesel. Uppl. 899 5331.

Bílar óskast

Vantar ódýrann
Vantar bíl á verðbilinu 20-120 þús. allar tegundir koma til greina. Má þarfnast lagf. S. 857 9326.

Óska e.að kaupa til niðurrifs gamla Peugeot, Daewoo og Merced.Benz bíla. Nánari uppl.í s. 661 2222.

Vantar bíl!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200 þús. stgr. Má þarfnast lagfæringar eða skoðunnar. S. 659 9696.

Óska eftir vel með förum og góðum bíl á verðb. 400-600þ. Sk. '10. Uppl. í s. 897 8001.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

0-200 STAÐGREITT!!!
Óska eftir bíl á 0-200 þús., helst skoðaðan enn má þarfnast smá lagfæringar. s. 691 9374.

Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Staðgr. 500-700 þús fyrir lítinn sparn. bíl árg 2005-6. Upplýs Helga s. 899-9940

Hópferðabílar

Til sölu Renault Master 17 manna. Árg.'04. Ek. 188 þ. Verð 2 milljónir. Uppl. í s. 566 7420 & 892 3102.

Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Húsbílar

Til sölu Fiat Ducato, árgerð 2007, með McLois Steel 464 húsi. Vél Diesel turbo 100 Hp. Lengd 637 Snúningsstólar / Ísskápur / Sólarsella / Markísa 3,5 mtr. / Sjónvarpsloftnet / Útvarp með CD. Ekinn aðeins 8.000 km. Reyklaus og fallegur vel með farinn bíll. V 7,5 Sími: 820-0643

Mótorhjól

Yamaha Virago 535 árg. 2003, ek. 3200 km., svart, nýskoðað, hiti í stýri, verð 550 þús. Uppl. s. 899 5331.

HUSABERG 450 mikið breytt KEPPNISHJÓL top útlit allt yfirfarið Tilb 490þ s 8927858

Fjórhjóla ferðir sem þú getur ekki msst af. Förum nokkrar frábærar helgarferðir á fjórhjólunum í september og október. Lagt af stað á laugardagsmorgni og komið til baka á sunnudag. fjórhjól, tryggingar, gisting, matur, leiðsögn og fleira innifalið. Þú getur komið á eigin hjóli eða fengið hjól hjá okkur. Verð: kr. 58.000,- eða kr. 28.000,- ef að þú kemur á eigin hjóli. Hringdu í okkur í síma 5787860 eða skoðaðu heimasíðuna okkar www.bluemountain.is

Vespur

Tilboð 65þús.
Baotian 50cc fjórgengis. Þarfnast lagf. Uppl. í s. 899 4275

Vinnuvélar

Óska eftir bílalyftu
Óska eftir skæra - tveggja - fjagra pósta lyftu. Skoða allt. Uppl. í s. 861 7600.

Varahlutir

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Til sölu disel vél
Om 366 Bens turbinuvél, ek. 50 þús. S. 566 7420 & 892 3102.

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Er að rífa Musso 96-04.Musso Sport 04.Isuzu Trooper 99.Landrover Discovery 98.Lanos 00-02.Nubira 02.Galloper 00.Cherokee 94.Ford 250 04.Toy Double Cap 94.Korando 98 Kaupum bíla til niðurrifs.Musso varahlutir Kaplahrauni 9.S.864 0984

Þjónusta

Bílaþjónustan Bilaði Billinn
Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavík
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562

Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.

Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.

OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

VW, Skoda S. 534 1045
Varahlutir í VW og Skoda bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Viðgerðir

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Tökum að okkur öll gólfþrif, bónleysingu og bónun. Uppl. í s. 822 0377.

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Sími 512 4010. www.vy.is

Gólfþrif og bónun.

Garðyrkja

Gröfuþjónusta Auberts.
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.
Sími 892 1663.

Haustklippingar!
Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Haustfellingar
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar í síma 899 2420
Steingæði ehf.

Húsaviðgerðir
Múrarar, málarar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712

Múrverktakar
Múrvertakar geta bætt við sig öllu almennu múrverki og húsaviðgerðum. Einnig flísalagnir og hellulagnir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

Handlaginn húsasmíðameistari óskar eftir verkefnum. Tek að mér verk, stór sem smá. S. 894 9529.

Óli smiður
Tek að mér viðhaldsverkefni stór sem smá, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður 698 9608.

Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

Húsasmíðameistari
Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

Getum bætt við okkur verkefnum. Nýsmíði, viðhald, þök, gluggar, pallar og sumarhús. Tilboð/tímavinna. SANNGJARNT VERÐ. GG-Verk ehf. Sími:822-1660/822-1662.

Stíflupjónusta

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin

Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Nudd

Tantrik massage in down town. S 847 6555.

NUDD
Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s 857 5015

TANTRIC whole body massage in DOWN TOWN.ANY TIME 8698602

Spádómar

Spálínur Sjáandans

Opið virka daga
Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-22 þri.-fim

Sibba 908 2507 kl. 22-24

Spádómar og ráðgjöf

Spái í spil, ræð drauma einnig í gegnum síma. Ekkert mínutugjald. S. 891 8727, Stella.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Trésmíði

Bergiðjan ehf
www.bustadur.is
Eitt minigolfsett til sölu á góðu verði. Skemmtilegt sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Smíðum og gerum við sumarhús og útileiktæki og almenn trésmíðavinna, smíðum borð með áföstum bekkjum. Uppl. í s. 867 3245 & 869 1690 Bergiðjan ehf Smiðshöfða 12, pukinn@simnet.is

smidaland.is
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í Brother, Canon og Epson send samdægurs heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á www.blekhylki.is.

Nýsmíði og viðhald innréttinga
Áratuga reynsla í viðgerð húsgagna. Nýsmíði innréttinga og hurða. Viðhald innréttinga Viðhald útidyrahurða Húsgögn ehf, Gilsbúð 3, Garðabæ Sími: 567-4375 e-mail husgognehf@simnet.is

Lítil járnsmiðja getur bætt við sig verkefnum. Smíða bæði úr svörtu efni og riðfríu. Uppl. í s. 862 2530.

KEYPT & SELT

Til sölu

Plastmódel í miklu úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600, www.tomstundahusid.is

Evrur til sölu. S. 857 6711.

7 blóm myndir, krónur 770.000.000.000.000.000.000.000,00. Krónur. Edda. S: 552 5880.

Flugmiði til sölu Kef - London Gatwick 15. sept og tilbaka 20. sept. Verð. 25 þús. Uppl. í s. 898 1900.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Leitið til fagmanns.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,

Verið velkomin

Gervihnattadiskur 1.5m til 1.8m óskast í síma 8976528 eða 5573448

Óska eftir litlum vinnuskúr fyrir lítið. Uppl. í s. 861 1056

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tölvur

Er tölvan biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Verslun

Tunica: 6.900kr. Nýjar vörur komnar. Emilía Bláu húsin Faxafeni. clamal.is s: 588-9925

Fyrirtæki

Fyrirtæki í RVK óskar eftir stimpilklukkum, 2 stk. Björk. S. 868 4750.

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Tantric Massage
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantratemple.com

NUDD - HEILSULIND TILBOÐ KR. 3.500.-
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-slökunarnudd,svæðanudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

ALVÖRU HANDVERKSNÁMSKE
Silfurleir, Silfurkeðjur, Víravirki, Perlufestar, Steinavinnsla, Silfursteypun. Brýnsla, Tálgun, Tréútskurður, , Hnífagerð, Gler & Leir. SKRÁNING HAFIN S:555-1212 Dagskrá á handverkshusid.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Barnavörur

Til sölu splunkuný tvíburakerra. 0-4 ára. Verð 10 þúsund. Uppl. í s. 893 8311 Ómar.

Dýrahald

English Springer Spaniel hvolpar
Frábærir veiði og fjölskylduhundar. Aðeins tveir eftir. Gunnar í síma 660 1050.

Kattasýning Kynjakatta verður 10. & 11. okt. Skráningarfrestur er til 11. sept. Nánari upplýsingar eru á www.kynjakettir.is

Fallegir ljósir chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 772 2372.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

Silunganet - Silunganet
Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavík. Sími 892 8655. heimavik.is

Sjóstöng/Skotveiði Nýr bátur og gamall skipsstjóri. Reykjavíkurhöfn. S. 892 0099.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Studio apt. and rooms with private bathroom for rent in Stapahraun 2 Hfj. Kitchen, washer, dryer and free internet. Furniture if needed. Tel 893 6060.

ATH 4RENT 120m2 TOP NÝL ÍBÚÐ 220 HAFNARFIRÐI BÍLAGEYMSLA 3 SVEHRB V 130Þ 8927858

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 78 þ. Eldri en 26 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16

2 herb./ herb. til leigu á svæði 104. 2 room apartment/ room for rent contact number 698 3211.

Til leigu ca 20 fm herbergi kjallara Hrunbæ 80. Sérinngangur sameiginlegt kósett og sturta. Mjög bjart og gott herbergi. Leiguverð 30 þús. Vinsamlegast sendið fyrirsprunir á sigurros@isloft.is

Stúdíóíbúðir. Skyndileiga, skammtímaleiga, langtímaleiga. Uppl. í s. 568 1848 / 618 2698.

Húsnæði óskast

ÚTLEIGUAÐSTOÐ
Þarftu að koma íbúð eða húsi í útleigu? Tek að mér að auglýsa, sýna og hjálpa þér að velja leigjendur . Tryggi þér hæstu markaðsleigu. Tek einnig að mér eignaumsjón og eftirlit vegna dvalar erlendis.
Gunnlaugur sími 824 4555

Par með barn óskar eftir 3 herb. íbúð fyrir 1. okt. miðsv. í Rvk. S. 892 5864.

Fjölskylda m/ 2 börn óskar ef/ 3 herb. íbúð í Kóp. 200/201 frá 1 okt. Góð umgegni og skilv. gr. heitið. Greiðslug. 100þ. S. 844 7893 & goda@visir.is

Traust og heiðarleg 4 manna fjölskylda óskar eftir rað, par, eða einbýlishúsi til langtímaleigu á svæði 210, 220 eða 200. Gestur gsm 8247058

Atvinnuhúsnæði

Verslunarpláss á besta stað á Skólavörðustíg. Leiga aðeins 65þús á mán. s: 696 3913.

Skrifstofu- og/eða lagerhúsnæði til leigu í Ármúla, leiga.armuli@gmail.com 6943113

Geymsluhúsnæði

Húsvagnageymslur í Keflavík
Frá sept til 1. maí, kr. 4200 á m2 veturinn, rammgert, lyktarlaust og loftar vel um. Uppl. síma 421-2800 eða alex@alex.is. Alex Bílahúsið.

Vagnageymsla við Flúðir, upphitað, tökum inn um helgina. uppl. í s. 863-8099.

HÚSVAGNAGEYMSLA
Upphitað og nýstandsett hús á Eyrarbakka. Hreint, þurrt og lyktarlaust. Sömu verð og í fyrra. 10% stgr.afsl. S. 660-1060 & 564-6500

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

Eigum ennþá nokkur upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. báta ofl. í Borgarfirði. Gott verð. Áralöng reynsla. S. 663 2130 eða á magnus1220@hotmail.com

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Er með pláss fyrir húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi, báta o.fl. S. 893 1257 & 861 3976.

FERÐAVAGNAGEYMSLA
Geymsla fyrir tjaldvagna og fellihýsi í Reykjavík. Tjaldvagnar á 37 þús veturinn, fellihýsi á 42 þús. Greiðsludreifing í boði. Örugg upphituð hús og ýmis viðbótarþjónusta í boði, s.s. trygging, geymahleðsla og skoðun. Upplýsingar og pantanir hjá Frumherja hf í síma 570-9090 milli kl 8 og 17 virka daga, einnig í tölvupósti á geymsla@frumherji.is.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

Geymslupláss
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

ATVINNA

Atvinna í boði

domo

Domo Restaurant
Óskar eftir barþjónum um helgar. Mikill metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði.
Upplýsingar sendast á domo@domo.is eða maggi@domo.is

Bráðvantar starfsmann í sveit við ýmis störf. Reglusemi skilyrði. Uppl. í s. 895 3389.

Matreiðslumaður / Kokk
Óskast til vinnu sem fyrst á austurlenskan veitingastað, mikilvægt að viðkomandi tali íslensku og hafi dvalar og atvinnuleyfi. Góð laun í boði. Allar nánari upplýsingar í síma 868-0049.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Kumbaravogur, Stokkseyri óskar eftir starfskrafti í aðhlynningu í 80-100% starf. Húsnæði í boði. Upplýsingar gefur Sigurborg s: 483-1310, kum@simnet.is.

IRONMAN
REIKALINGI ZMONÉS DIRBTI STATYBOSE PRIE ARMATUROS. TIK PROFESONALAI! - POTRZEBUJE ZBROJARZY,DO PRACY. NA. BODOWIE. ROZMAVIAMPOANGIELSKU I ISLANDZKU. NUMER: 866 1083 , 897 1995 , 893 1174.

Request chefs at work and people with experience in service jobs, great work. Tel. 696 5900.

Veitingahús í miðbænum óskar eftir matreiðslumanni- eða konu til aðstoðar í eldhús. Menntun ekki skilyrði, en reynsla æskileg. Áhugasamir sendi póst á hildurz@internet.is

Viljum bæta við okkur sölufólki! Áhugasamir sendið inn símanr. og aðrar uppl. á netf. firmaskra@firmaskra.is frekari uppl. í s. 868-4551

Vélstjóra vantar á m/b Glófaxa VE-300 upplýsingar í síma 844 6022.

Atvinna óskast

34 ára bakari og konditor óskar eftir vinnu með skóla. Margt kemur til greina. S: 8479763 /5523691

Smiði vantar vinnu. Áhugasamir hafið samb. í s. 847 0638.

Viðskiptatækifæri

We need help! Do you need 30-200 IKR? health.and.wealth.iceland@gmail.com

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

The Purple Rabbit

The Purple Rabbit.com
Nýr íslenskur stefnumóta- og samskiptavefur fyrir djarft og ófeimið fólk. Slóðin er: „ThePurpleRabbit.com"

Símaþjónusta Spjalldómur

S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar

Óska eftir að kynnast konu á aldrinum 45-65 ára. upplýsingar í síma 8929512

29 ára kona
vill heyra í karlmanni sem er til í spennandi símaleiki. Auglýsing hennar (nokkuð djörf) er á Rauða Torginu Stefnumót í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8272.

47 ára kona
leitar kynna við karlmann með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8312.

Kona á besta aldri
vill kynnast ógiftum karlmanni eldri en 54 ára með náin kynni í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8584.

Karlmaður vill kynnast
karlmönnum á aldrinum 40-60 ára. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8584. 8528.

Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957 Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

Kringlan 87
- með bílageymslu

Falleg velskipulögð ca 100 fm endaíbúð á annari hæð í góðu velstaðsettu fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu. Örstutt í Kringluna, háskóla og versló svo eitthvað sé nefnt. Sérinngangur af svalagangi. Yfirbyggðar svalir. **V. 25,0 m. 4907.**

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17:00 - 18:00

EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957 Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

Reykjavíkurvegur 29
- uppgerð íbúð

Góð 66,6 fm 3ja herbergja íbúð í Reykjavík. Íbúðin er öll hin glæsilegasta með mikilli lofthæð. Mikið endurnýjuð íbúð á góðum stað í hjarta Reykjavíkur. **V. 19,9 m. 4965**

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17:00 - 18:00

EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957 Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

Björtusalir 2
- sérlega glæsileg

Einstaklega falleg og vönduð 117,8 fm 4ra herbergja útsýnisíbúð á þriðju og efstu hæð. Íbúðinni fylgir 25,7 fm bílskúr. Íbúðin er afar vel innréttuð og vel umgengin, hátt er til lofts og mikið af innfelldri lýsingu. Glæsilegt útsýni. Íbúðin er laus til afhendingar! **V. 31,9 m. 4992**

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17:00 - 18:00

Til sölu

Sveitarfélagið ÁRBORG

Auglýsing
um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðanna Sigtúni 1 og 1a á Selfossi.

Samkvæmt 25.gr skipulags og byggingarlaga nr 73-1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna Sigtúns 1 og Sigtúns 1a Selfossi.

Um er ræða svæði/lóðir sem eru á horni Sigtúns og Árvegar. Deiliskipulagið er breyting á skipulagi „Selfoss deiliskipulag norðan Austurvegar milli Sigtúns og Fagurgerðis". Einnig breyting á deiliskipulagi „Sigtún 1" .

Lóðin Sigtún 1 er nú skipt upp í tvær lóðir Sigtún 1, og Sigtún 1b. Aðkoma að lóðunum Sigtúni 1 og Sigtúni 1b er um lóðina Sigtún 1a.

Í gildandi aðalskipulagi fyrir svæðið er það skilgreint sem miðbæjarsvæði. Starfsemi á svæðinu skal falla undir miðbæjarstarfsemi s.s. verslun, þjónustu , stofnanir, veitingarrekstur og íbúðir. Byggingar á lóðunum Sigtúni 1a og 1b skulu að hámarki vera tvær hæðir auk kjallara og er þakform frjálst. Byggingarefni og frágangur skal vera í samræmi við staðsetningu húsa. Gert ráð fyrir byggingarreit Sigtúni 1 til stækkunar því húsi sem fyrir er á lóðinni og skal stækkun/viðbygging vera í fullu samræmi við það hús sem fyrir er. Greinargerð er á uppdrættinum.

Tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar Austurvegur 36 á Selfossi.

Samkvæmt 25.gr skipulags og byggingarlaga nr 73-1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Austurvegur 36 á Selfossi.

Deiliskipulagsreiturinn afmarkast af Austurvegi í norðri, Austurvegi 40 og 40b í austri, Reynivöllum í vestri og Vallholti og göngustíg í suðri.

Lóðinni verður skipt í tvær lóðir 942 m² og aðra 900 m². Heimilt er að rífa núverandi hús sem stendur á stærri lóðinni og byggja þar nýja byggingu 4 hæða og skal efsta hæðin vera inndregin eða rishæð. Hámarks vegghæð 3 hæðar er 10 m og hámarks þakhæð 15 m.

Nýtingarhlutfall lóðarinnar 1,27 og hámarks byggingarmagn 1200 m².

Á minni lóðinni má byggja parhús á einni hæð, samtals 280 m², nýtingarhlutfall 0,3.

Greinargerð er á uppdrættinum.

Teikningar og greinargerðir vegna tillagnanna mun liggja frammi í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 á Selfossi frá og með 10. september til og með 08. október 2009.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 23. október 2009 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

Á sama tíma eru teikningar og greinagerðir til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða þær og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkja þær.

Selfossi, 4. september 2009.
Bárður Guðmundsson, skipulags- og Byggingarfulltrúi Árborgar.

Fellihýsi af gerðinni Viking 1706 Epic árgerð 1999 var stolið frá Súðavogi 9 í Reykjavík þann 19. júní síðastliðinn. Skráningarnúmer fellihýsisins er SA 213 og er það sambærilegt hýsinu á myndinni. **Þeir sem mögulega geta veitt upplýsingar um málið er beðnir um að hafa sambandi við Svein Fjalar á netfangið sveinna@vis.is eða í síma 560-5322.** Vegleg fundarlaun í boði.

Til sölu

Atvinna

Óskum eftir stundakennurum í smíði og menningartengdri frönskukennslu 5-9 ára barna.

Upplýsingar í síma 5108200 hjá skólastjóra:
sigridurhja@landakotsskoli.is

LANDAKOTSSKÓLI

Landakotsskóli er heildstæður grunnskóli frá 1.-10. bekkjar, auk deilda fyrir 5 ára nemendur

EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ

Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • www.fastmos.is

Sóltún 7 - 2ja herbergja

Falleg 79,2 m2, 2ja herbergja íbúð á 5. hæð í 7. hæða lyftuhúsi við Sóltún 7 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, rúmgott svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, stofu og eldhús. Fallegt útsýni. **Eignin er laus til afhendingar! V. 24,5 m. 4692**

OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG Í SÓLTÚNI 7, ÍBÚÐ 501 FRÁ KL. 17:00 TIL 17:30 (Svanþór 698-8555)

Laufbrekka 19 - Sérhæð m/aukaíbúð

Falleg 107,9 fm neðri sérhæð við Laufbrekku í Kópavogi, ásamt 44,6 fm aukaíbúð á jarðhæð. Fallegar innréttingar, vönduð tæki, arinn í stofu, parket og náttúruflísar á gólfum. **Eignin er laus til afhendingar! Lækkað verð. 32,9 m. 4598**

OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG Í LAUFBREKKU 19 Í KÓPAVOGI FRÁ KL. 18:00 TIL 18:30 (Svanþór 698-8555)

Til sölu

LAUSAR LEIGUÍBÚÐIR Á HAGSTÆÐU VERÐI!

Byggingafélag námsmanna auglýsir til leigu íbúðir bæði fyrir námsmenn og á almennum markaði á hagstæðu verði. Um er að ræða nýlegar einstaklings- og paríbúðir. Íbúðirnar eru staðsettar í Reykjavík, Hafnarfirði og á Laugarvatni. Stærðir íbúða eru á bilinu 40 til 70 fermetrar. Hverri íbúð fylgir ísskápur auk afnot af sameiginlegu þvottahúsi með þvottavél og þurrkara. Félagið hefur yfir að ráða umsjónarmönnum sem hægt er að kalla til ef eitthvað þarf að laga.

Á heimasíðu félagsins www.bn.is er hægt að kynna sér leiguverð, skipulag og stærð íbúða. Allar frekari upplýsingar eru veittar í síma 552-6210 frá klukkan 9:00 til 16:00 alla virka daga.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

CHEERIOS STÖKKIÐ, laugardaginn 12. september fyrir utan Hagkaup Skeifunni

Í tilefni amerískra daga í verslunum Hagkaups mun Victor Guðbergsson Íslandsmeistari í Motorkrossi árið 2009 stökkva yfir fjöldann allan af Cheeriosbrettum fyrir framan **Hagkaup í Skeifunni laugardaginn 12. september kl. 14:00 og kl.16:00**

Verið velkomin að fylgjast með háloftaleikfimi eins fremsta motorkrossmanns landsins.

Snyder´s snakk
Amerískt snakk sem er nú loksins fáanlegt á Íslandi.

Betty Crocker kynningar
11. og 12. september
í Skeifunni, Kringlunni,
Garðabæ og smáralind

Betty Crocker kökumix
- margar tegundir

Skreyttir kleinuhringir
– margar tegundir

Ritz kex með ostabragði
– þetta veerður þú að prófa!

Ostasósa
– 2 tegundir

McCain djúsþykkni
– þarf aðeins að bæta við vatni

STEIKAR langloka
– með roastbeef, sveppum og piparrótarsósu

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Amerískir dagar

Cool Whip
Ekki ís, ekki rjómi en æðislegt...
Frábær með kökum og ávöxtum

Ocean Spray 100% safi
- margar tegundir

Kirsuberja Pepsi & Sunkist
– amerískir gosdrykkir

Pepperidge Farm kökur
– ekta amerískar

POP tarts
– tilbúnar beint í brauðristina

Sara Lee kökur
– verður að prófa!

Coke 2 lítra, 4 í pakka
– Coke og Coke Light

Gildir til 20. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Meðan heimilum blæðir

UMRÆÐAN

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson skrifar um fjárhag heimila

VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

Fjárhagsstaða einstaklinga og fyrirtækja versnar stöðugt en á sama tíma boðar ríkisstjórnin hækkun á tekjuskatti sem kemur til viðbótar við hækkun útsvars í mörgum sveitarfélögum á þessu ári. Barna- og vaxtabætur hafa verið lækkaðar og grunnlífeyrir eldri borgara og öryrkja verið skertur. Einnig eru áform um upptöku eignaskatts á nýjan leik, sem mun ekki síst koma illa niður á eldri borgurum sem búa margir í skuldlitlu íbúðarhúsnæði. Á sama tíma og skattahækkanir eru boðaðar blasir við sú staðreynd að vöruverð hefur hækkað mjög mikið og bensínverð um tæplega 100% á nokkrum misserum.

Hækkun skatta og lækkun barna- og vaxtabóta mun hafa verulega slæm áhrif á bæði greiðslu- og kaupgetu einstaklinga og fjölskyldna í landinu og ekki síður á afkomu verslana og annarra fyrirtækja. Á sama tíma og stjórnvöld ákveða lækkun bóta og kynna miklar skattahækkanir standa þúsundir fjölskyldna, ekki síst ungt fólk, frammi fyrir gríðarlegum vanda í húsnæðismálum. Áhvílandi skuldir hafa hækkað og um leið afborganir af þeim, en stjórnvöld hafa enn ekki kynnt heildstæðar tillögur sem bætt geta stöðu þeirra húseigenda sem verst eru staddir.

Boðuð er töluverð lækkun á framlögum, m.a. til mennta-, heilbrigðis- og velferðarmála. Ekki er um það deilt að lækkun rekstrarútgjalda, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, er að vissu marki nauðsynleg. En veruleg skerðing framlaga til velferðarmála gafst illa í Finnlandi þegar kreppan á árunum 1991-1993 reið yfir. Lærum af reynslu Finna, sem nú hafa meðal annars ákveðið að svara efnahagskreppunni með auknum framkvæmdum og verndun velferðarkerfis eins og kostur er.

Ríki og sveitarfélög setji fram skýrar tillögur um aðgerðir

Margt bendir til að hvorki ríki né sveitarfélög muni auka framkvæmdir á næsta ári, heldur miklu fremur draga úr þeim. Ef sú verður niðurstaðan mun atvinnuleysi enn aukast. Á sama tíma sjá aðgerðir í þágu heimilanna vart dagsins ljós. Almenningur veit einungis að stjórnvöld ætla að hækka skatta og draga úr bótum en hefur öðru leyti ekki hugmynd um hvað stjórnvöld hyggjast gera. Meðan blæðir heimilum og fyrirtækjum í landinu.

Fjárhagsleg staða og rekstrargrundvöllur fjölmargra fyrirtækja sem enn starfa er óljós, mikil óvissa ríkir um fjárhagslega endurskipulagningu þeirra, ákvarðanir í stjórnsýslu opinberra aðila, sem og hinu nýja ríkisbankakerfi, varðandi margvísleg uppbyggingaráform þeirra dragast óhæfilega á langinn og hver vísar á annan. Ríki og öflugustu sveitarfélögin, í samstarfi við einkaaðila, verða hið fyrsta að sameinast um að auka framkvæmdir, líkt og ríki og sveitarfélög í ýmsum nágrannalöndum okkar eru nú að gera, til að koma atvinnulífinu í gang á nýjan leik og draga þar með úr atvinnuleysi og fyrirsjáanlegum flutningi einstaklinga og fjölskyldna til starfa í öðrum löndum.

Fasteignaskattur verði lagður niður

Víða blasir við í dag að markaðsvirði íbúðarhúsnæðis er lægra en áhvílandi lán. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis og lóðar á að endurspegla markaðsvirði viðkomandi eignar. Það er fjarri lagi að sú sé staðan í dag. Fasteignagjöld miðast við fasteignamat húss og lóðar. Ljóst er að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði leggst á eigendur fasteigna án tillits til fjárhagslegra aðstæðna þeirra hverju sinni. Þessi tekjustofn er u.þ.b. 4,4% af rekstrartekjum borgarsjóðs.

> Ríki og öflugustu sveitarfélögin, í samstarfi við einkaaðila, verða hið fyrsta að sameinast um að auka framkvæmdir, líkt og ríki og sveitarfélög í ýmsum nágrannalöndum okkar eru nú að gera.

Fasteignaskatturinn er í flestum tilfellum u.þ.b. helmingur af þeim fasteignagjöldum (sem eru aðallega fasteignaskattur, holræsagjald og vatnsskattur) er húseigendur greiða og sjá má á útsendum greiðsluseðli frá borginni. Ég er þeirrar skoðunar að leggja eigi fasteignaskattinn niður, líkt og gert var með eignaskattinn á sínum tíma en þess í stað finna sveitarfélögunum nýjan tekjustofn eða tekjustofna, sem væru sanngjarnari, til að tryggja þeim sambærilegar tekjur. Margt myndi ávinnast með því að leggja fasteignaskattinn niður.

1. Eldra fólki yrði gert betur kleift að búa í eigin húsnæði.
2. Fyrir marga yrði áhugaverðara að fjárfesta í íbúðarhúsnæði en raun ber vitni í dag.
3. Fyrir tekjulága hópa yrði einnig auðveldara að búa í eigin húsnæði, auk þess sem húsaleiga ætti að lækka.

Höfundur er forseti borgarstjórnar.

AF NETINU

Stiglitz á villigötum – langtímagreiðslubyrði hærri!

Hallur Magnússon – hallurmagg.blog.is

Ég hef haft mikla trú á Stiglitz og fagnaði því að hann yrði mögulega ráðgjafi íslensku ríkisstjórnarinnar. En það runnu á mig tvær grímur þegar ég las í morgun það sem hann hefur að segja um að breyta verðtryggingu húsnæðislána!

Ef leið Stiglitz hefði verið farin í stjórnartíð Framsóknarflokksins 1995-2006 þegar varð mikil raunhækkun á kaupmætti launa – þá hefðu húsnæðislánin og greiðslubyrði þeirra hækkað miklu meira vegna launavísitöluhækkunar en þau gerðu vegna neysluverðsvísitöluhækkunarinnar.

Til lengri tíma litið er því greiðslubyrði af húsnæðislánum hærri með aðferð Stiglitz en með hefðbundinni verðtryggingu neysluvísitölu!

Mér þykir þessi ummæli Stiglitz benda til þess að hann hafi ekki alveg sett sig inn í málin!



COLIN FIRTH ER 48 ÁRA Í DAG.

„Ég hef hlutlaust útlit og það hefur hjálpað mér. Ég er með andlit sem hægt er að láta líta mun betur út, og líka mun verr.“

Colin Firth er breskur leikari, þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Darcy í Hroka og hleypidómum og Darcy í Dagbók Bridget Jones.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 10. SEPTEMBER 1977

Fallöxin hljóðnar í Frakklandi

Þennan dag árið 1977 fór fram síðasta aftaka með fallöxi í Frakklandi. Það var Hamida Djandoubi, túnískur innflytjandi, sem var tekinn af lífi í fangelsinu Baumetes í Marseille. Hann hafði verið dæmdur fyrir morð.

Fallöxin var fyrst notuð að ráði í frönsku byltingunni þegar læknirinn og uppreisnarsinninn Joseph-Ignace Guillotin fékk samþykkt lög um að allir dauðadómar skyldu framkvæmdir með tækjum en ekki af fólki. Svipuð tæki og fallöxin höfðu áður verið notuð á Írlandi og Englandi en talið var að slíkar aftökur væru mannúðlegri en henging eða aftaka með aftökusveit.

Yfir tíu þúsund manns létu lífið í fallöxum í byltingunni en þeirra á meðal voru Lúðvík XVI. og María Antoinette, konungur og drottning Frakka.

Haldið var áfram að nota fallöxina í Frakklandi næstu aldir en í september árið 1981 var dauðarefsing afnumin í landinu.

MARIE ANTOINETTE Drottningin var ein þeirra sem létu lífið í fallöxi í byltingunni.

MERKISATBURÐIR

1908 Fyrstu almennu leynilegu kosningarnar til Alþingis eru haldnar. Áður hafði verið kosið í heyranda hljóði. Þátttaka stórjókst og fór í 75,5 prósent.

1911 Minnisvarði eftir Einar Jónsson um Jón Sigurðsson er afhjúpaður framan við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík. Síðar var styttan flutt á Austurvöll.

1950 Í Hellisgerði í Hafnarfirði er afhjúpaður minnisvarði um Bjarna Sívertsen riddara, sem hóf verslun í Hafnarfirði 1793 og hefur verið nefndur faðir staðarins.

1960 Samtök hernámsandstæðinga eru stofnuð.

AFMÆLI

GERÐUR G. BJARKLIND útvarpskona er 67 ára.

RAGNA LÓA STEFÁNSDÓTTIR knattspyrnukona er 42 ára.

CHRIS COLUMBUS leikstjóri er 51 árs.

BARÐI JÓHANNSSON tónlistarmaður er 34 ára.

Stuðningur í boði

Opið hús verður hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands í Skógarhlíð 8 á laugardaginn 12. september. Það hefst klukkan 13 og þar koma fram níu stuðningshópar þeirra sem greinast með krabbamein sem kynna fjölbreytta starfsemi sína. Þeir eru Framför, Góðir hálsar, Kraftur, Ný rödd, Ristilfélagið, Samhjálp kvenna, Stómasamtökin, Stuðningshópur kvenna með krabbamein í eggjastokkum og Styrkur.

Klukkan 14 mun Randver Þorláksson leikari ræða um krabbamein og reynslu sína af því sem aðstandandi.

Sérstök áhersla verður lögð á að aðstandendum sé líka velkomið að þiggja aðstoð og hjálp hjá félaginu því erfitt er að sjá ástvini sína berjast við illvígan sjúkdóm á borð við krabbamein.

FYRIRLESARI Randver mun ræða um reynslu sína af krabbameini sem aðstandandi.

FRAMKVÆMDASTJÓRINN Markús Einarsson segir stefna í að gistinætur á farfuglaheimilum landsins verði 150 þúsund. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FARFUGLAR: ERU SJÖTÍU ÁRA Á ÁRINU

ALDREI FLEIRI GISTINÆTUR

„Bandalag íslenskra farfugla var stofnað með það í huga að skapa ungu fólki aðstöðu til að ferðast og hvetja fólk til ferðalaga, að vera úti í náttúrunni og huga að henni,“ segir Markús Einarsson, framkvæmdastjóri Farfugla, sem varð sjötíu ára á árinu.

„Það var Pálmi Hannesson, þáverandi rektor Menntaskólans í Reykjavík, sem beitti sér fyrir stofnun Farfugla,“ segir Markús en Pálmi var einnig fyrsti formaður samtakanna. Meiningin var að farfugladeildir yrðu stofnaðar í tengslum við menntastofnanir víðar um land. „Það var þó ekki nema um tíma á Akureyri en eftir það var bandalagið rekið mest frá Reykjavík,“ útskýrir hann.

Ekki er nóg með að Farfuglar haldi upp á sjötíu ára afmæli í ár heldur tengjast þeim önnur tímamót. „Í ár eru hundrað ár frá því hugmyndafræðin að baki Farfuglum vaknaði,“ segir Markús og heldur áfram. „Það var þýskur kennari sem starfaði í Berlín sem er upphafsmaðurinn en hann hóf að taka nemendur sína út úr borginni um helgar og gista úti í náttúrunni.“

En hvernig hefur starfið þróast á þessum sjötíu árum? „Í upphafi var geysilega öflugt félagastarf í kringum Farfugla og samtökin sjálf með skipulagðar ferðir og frumkvöðlar á ýmsum sviðum eins og í hálendisferðum og umhverfismálum. Nú hefur þetta þróast út í að vera nánast eingöngu rekstur,“ segir Markús. Hann upplýsir að samtökunum tilheyri 33 farfuglaheimili um allt land. Flest séu þó í eigu einstaklinga en þrjú þeirra eru rekin af Farfuglum. „Svo rekum við líka ferðaskrifstofu, tjaldsvæði og tókum í sumar yfir rekstur í Húsadal í Þórsmörk.“

Markús segir ánægjulegt að á afmælisárinu hafi aldrei fleiri gist á farfuglaheimilum en í ár. „Það stefnir í að það verði um 150 þúsund gistinætur á farfuglaheimilum á Íslandi á þessu ári. Þetta er töluverð fjölgun frá því í fyrra en þá voru gistinætur 115 þúsund og var það metár samt,“ segir hann stoltur. Fyrst og fremst þakkar hann það mikilli fjölgun erlendra gesta enda séu þeir í meirihluta þeirra sem nýta sér farfuglaheimili. „Það skapast nú oft af því að Íslendingar eru of seinir til að panta gistingu,“ segir hann góðlátlega.

Annars segir hann fólk á öllum aldri nýta sér gistinguna þó flestir séu í yngri kantinum. „Hin síðari ár hefur þó fjölskyldum fjölgað geysilega,“ segir Markús og bætir við þeim fróðleik að Farfuglar á Íslandi séu hluti af Hosteling International, sem sé sennilega stærsta gistihúsakeðja í heimi með um 4.500 farfuglaheimili í níutíu þjóðlöndum.

Farfuglar áttu afmæli í mars og hafa fagnað áfanganum með ýmsum hætti. „Við héldum stóra alþjóðlega ráðstefnu, opnuðum nýtt farfuglaheimili á Vesturgötu 17 og tókum svo við rekstrinum í Húsadal,“ segir Markús ánægður með tímamótin.

solveig@frettabladid.is

†

Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Elínar Oddsdóttur

Ástúni 8, Kópavogi,

fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 11. september kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hjartavernd.

Sólrún B. Kristinsdóttir
Hauður Kristinsdóttir, Magnúns Alfonsson
Þóra Sjöfn Kristinsdóttir
Anna Margrét Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðjón Eymundsson

rafvirkjameistari,
Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést á Landakoti, mánudaginn 7. september.

Hrafnhildur Bjarnadóttir
Ingólfur A. Guðjónsson **Susan M. Guðjónsson**
Áslaug Sif Guðjónsdóttir **Karl F. Garðarsson**
Kolbrún Guðjónsdóttir **Jón Sævar Jónsson**
Hörður Guðjónsson **María Johnson**
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

Málþroski og lestur

Málörvun og lestur – Gagnlegar og skemmtilegar aðferðir sem hjálpa leik- og grunnskólabörnum er yfirskrift ráðstefnu sem Bókaforlagið Salka efnir til í dag. Frú Vigdís Finnbogadóttir setur ráðstefnuna og á mælendaskrá eru margir fagmenn í fræðunum, meðal annars foreldri sem segir reynslusögu. Um þrjú hundruð manns hafa bókað sig sem áheyrendur og dugir ekki minna húsplass en Súlnasalur Hótel Sögu. Svona er áhuginn mikill enda er lestrarkunnátta og lesskilningur barna flestum mikið hjartans mál.

Kynntur verður bókaflokkurinn um Bínu litlu brjáluðu, eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing. Bínubækurnar leggja einmitt áherslu á málörvun ungra barna og það að veita börnum nothæf verkfæri frá unga aldri til að taka með sér inn í áframhaldandi nám.



BÍNA Bækurnar um Bínu litlu brjáluðu leggja áherslu á málörvun.

Þegar veikindi steðja að

Fræðslufundir fyrir karlmenn sem hafa greinst með krabbamein eru nú í boði hjá Ljósinu, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð. Fundirnir hefjast 16. september og verða haldnir á miðvikudögum klukkan 17.30 til 19 í húsnæði Ljóssins á Langholtsvegi 43. Matti Ósvald heilsufræðingur stýrir fundunum.

Boðið verður upp á fræðslu sem miðar að því að auka þekkingu og skilning á því breytingaferli sem verður í lífi karlmanna sem greinast með alvarlegan sjúkdóm. Fjallað verður um uppbyggingu líkamans eftir veikindi og hvernig gott er að setja sér markmið. Margt fleira ber á góma og einnig verður eldað með Ingvari á Salatbarnum.

Þetta er í annað sinn sem Ljósið býður upp á fræðslufundi af þessu tagi. Mikil ánægja var með fyrri lotuna og mikil þátttaka þannig að það sýndi sig að karlmenn hafa ótvíræða þörf fyrir fræðslu og félagsskap þegar veikindi steðja að.

Fyrirlesararnir eru allir sérhæfðir á sínu sviði. Þar má nefna Helga Sigurðsson krabbameinssérfræðing, Högna Óskarsson, geðlækni og markþjálfa, Stefán Hafþór Stefánsson og Hauk Guðmundsson sjúkraþjálfara og Daníel Reynisson, formann Krafts, félags ungra krabbameinsgreindra.

Skráning á fundina er í síma 561 3770.

FUNDARSTJÓRINN Matti Ósvald heilsufræðingur.

Fyrirlestrar um grænan lífsstíl

Norræna félagið stendur fyrir fyrirlestraröðinni Græna fjölskyldan en henni er ætlað að opna augu fólks fyrir því hvað litlir hlutir geta skipt miklu máli og að grænn lífstíll geti verið góður fyrir budduna.

Fyrirlestrarnir fara fram í hádeginu næstu fimm fimmtudaga og verða haldnir í húsi Norræna félagsins að Óðinsgötu 7. „Miðað er við að fyrirlestrarnir séu á léttum nótum og fræðandi og að gestir fari heim með hagkvæm ráð í farteskinu," segir í tilkynningu. Kennd verða grunnatriði í vistakstri, farið inn á leiðir að grænna barnauppeldi og fjallað um vistvæn innkaup svo eitthvað sé nefnt."

GRÆNMETI Ekki jafn dýrt og margir ætla.

Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur ríður á vaðið í dag með fyrirlestri um leiðina frá breyttum viðhorfum til breyttrar hegðunar og hefst hann klukkan 12.15. Hinn 17. september fjallar Sigrún Gunnarsdóttir frá Börnum náttúrunnar um vistvænar leiðir í uppeldi og Oddný Vala Jónsdóttir, eigandi Þumalínu, um taubleiur og umhverfið.

Aðrir fyrirlestrar í röðinni eru: Konur geta breytt heiminum með nýjum lífsstíl, Vistvæn innkaup, Vistakstur og Með náttúruna að láni.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Friðrika Margrét Guðjónsdóttir
Dalbæ, Dalvík,

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 1. september, verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 11. september kl. 13.30.

Anna Jóna Friberg
Elsa Björg Friðjónsdóttir **Bjarni Oddsson**
Sveinbjörn Friðjónsson **Sigrún Árnadóttir**
ömmubörn og langömmubörn.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, móðursystir, amma og langamma,

Kristveig Björnsdóttir
Safamýri 38, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala, Landakoti laugardaginn 29. ágúst. Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 11. september kl. 15.00.

Björn Jóhannsson **Guðrún R. Daníelsdóttir**
Sigríður Jóhannsdóttir **Baldvin M. Frederiksen**
Sveinn Jóhannsson
Guðrún Jóhannsdóttir **Þorvaldur Bragason**
Gunnar Haraldsson **Ásthildur Guðjohnsen**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

Sigurður Þorvaldsson
bifvélavirki,
Smáragrund, Skagafirði,

varð bráðkvaddur 6. september. Útför hans fer fram í kyrrþey.

Sigurlína Eiríksdóttir **Þorvaldur Gísli Óskarsson**
Eyrún Ósk Þorvaldsdóttir **Rúnar Páll Björnsson**
Edda Björk Þorvaldsdóttir **Finnur Jón Nikulásson**
og fjölskyldur.

---

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát systur okkar og mágkonu,

Birnu M. Eggertsdóttur
kennara.

Ásta Lóa Eggertsdóttir
Ingigerður Eggertsdóttir
Unnur Eggertsdóttir **Hermann Arnviðarson**
Gunnhildur Eggertsdóttir **Óskar Þorsteinsson**
Kolbrún Eggertsdóttir **Arnaldur F. Axfjörð**
Pétur Eggert Eggertsson **Sigurborg Steingrímsdóttir**

---

†

Okkar ástkæra frænka,

Birna Björnsdóttir,
til heimilis að Laugarnesvegi 40, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni hinn 8. september. Jarðarför auglýst síðar.

F.h. aðstandenda,
Anna Sigrún Björnsdóttir.

---

†

Maðurinn minn, faðir og bróðir,

Þorgrímur Jónsson
tannlæknir,

lést laugardaginn 5. september.

Hulda Jósefsdóttir
Anna Þorgrímsdóttir
Jóhanna Jónsdóttir
Bjarni Jónsson

---

†

Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs sonar, föður, tengdaföður, afa, bróður, mágs og frænda,

Jóns E. B. Guðmundssonar
flugmanns og flugvélstjóra,
Háaleitisbraut 79,

sem andaðist á heimili dóttur sinnar í Flórída 3. ágúst sl.

María Jónsdóttir
Larissa Jónsdóttir, Guðmundur Sigurðsson
Hedy María Kues Guðmundsdóttir
Stefán Ó. Guðmundsson, Svanhvít Jónasdóttir
Elísabet Stefánsdóttir
María Stefánsdóttir, Hákon Stefánsson
Fanney, Anna og Stefán Orri.

---

†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Maggý Magnúsdóttir,
Prestastíg 11, Reykjavík,

lést á Landakoti, þriðjudaginn 8. september sl.

Guðmundur Baldvinsson **Helga Haraldsdóttir**
ömmu- og langömmubörn.

---

†

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Leifur Eiríksson
kennari frá Raufarhöfn,

til heimilis að dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði, lést þar hinn 1. september sl. á 103ja aldursári. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 11. september kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Styrktarsjóð krabbameinssjúkra barna í síma 588 7555 eða á heimasíðu félagsins www.skb.is.

Eysteinn Völundur Leifsson **Ína Sigurlaug Guðmundsdóttir**
Rannveig Lovísa Leifsdóttir
Ingibjörg Fríður Leifsdóttir **Jón Guðmundur Sveinsson**
Erlingur Viðar Leifsson **Arndís Jóna Gunnarsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn
og barnabarnabarnabörn.

---

†

Yndislegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Gestur Finnbogason
fyrrv. lögregluvarðstjóri,
Hrafnistu Reykjavík, áður Háaleitisbraut 151,

andaðist sunnudaginn 30. ágúst. Útförin fer fram frá Digraneskirkju í dag, fimmtudag, 10. september kl. 15.00.

Hallfríður Ásmundsdóttir
Finnbogi Grétar Kristinsson
Ásmundur Kristinsson **Svava Loftsdóttir**
Kristinn Finnbogason **Snædís Kjartansdóttir**
Friðrik Heiðar Ásmundsson **Hildur Helga Sævarsdóttir**
Loftur Ásmundsson **Bergdís Heiða Eiríksdóttir**
Eva Katrín Friðriksdóttir.

---

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Guðmundar Jónssonar
fyrrv. strætisvagnabílstjóri,
Engihjalla 11, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til hjúkrunar- og starfsfólks Grundar, deild A2, fyrir einstaklega góða umönnun og alúð í hans garð og okkar.

S. Halla Hansdóttir
Jónína Guðmundsdóttir, Brynjólfur Erlingsson,
Þröstur Guðmundsson, Unnur Heimisdóttir,
Ástþór Guðmundsson, Valgerður Jónsdóttir,
afa-, langafabörn og aðrir aðstandendur.



NOKKUR ORÐ
Sara McMahon

Útrásarvíkingar eru líka menn

Ég flissaði ögn þegar ég las frétt í blaðinu þar sem greint var frá því að nokkrir útrásarvíkingar hefðu stefnt starfsmönnum Fréttastofu Stöðvar 2 vegna ærumeiðinga. Þeir telja að fjölmiðlar hafi verið að dreifa skipulögðum óhróðri og ósannindum um sig. Í stefnu Björgólfsfeðga stendur jafnframt að: „hin ósönnu ummæli lýsa við núverandi samfélagsaðstæður fyrirlitningu í hans garð og eru til þess fallin að varpa rýrð á mannorð stefnanda og ala á úlfúð í hans garð meðal almennings."

Þessar stefnur vegna ærumeiðinga eru að spretta upp um allt líkt og gorkúlur. Voru það ekki útrásarvíkingarnir sjálfir sem eyðilögðu mannorð sitt með glæfralegum viðskiptum? Þar að auki held ég að fyrirlitning almennings á þessum mönnum geti ekki orðið meiri en hún er nú þegar.

Þetta minnir mig ávallt á heimildarmyndina um bandaríska fyrirtækið Enron þar sem forstjórar fyrirtækisins héldu lygunum áfram þar til yfir lauk. Traustið til þessara blessuðu útrásarvíkinga er svo lítið að það trúir enginn neinu sem þeir segja lengur.

Upphæðin sem þeir krefjast í skaðabætur hljóðar upp á tvær milljónir króna. Það er ekki há upphæð fyrir útrásarvíking, ef til vill eru þeir orðnir svo hræðilega blankir að þá munar um hvern eyri. Eða kannski eru þeir að fara fram á skaðabætur prinsippsins vegna, svo að almenningur trúi því frekar að þeir hafi ekki skotið neinu undan. Ég vona bara þeirra vegna að þeir séu að segja satt, því sé þetta lygi þá er ég viss um að fyrirlitningin og úlfúðin í þeirra garð muni aukast til muna.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FYRIR ALLA SEM HAFA VERIÐ ...ERU ...VILJA VERA ...EÐA NEITA AÐ VERA Í SAMBANDI

JÓHANNES HAUKUR ER

HELLISBÚINN

EFTIR ROB BECKER

„Jóhannes Haukur er án efa einhver **fyndnasti leikari Íslands**, það sannast enn og aftur í þessari nýju sviðsetningu á Hellisbúanum.
Jói stóð sig **frábærlega**... **hann átti salinn.**“
- Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið

ALLT AÐ FYLLAST UM HELGINA!

Föstudagur 11. sept. - **UPPSELT**
Laugardagur 12. sept. - **UPPSELT**
Sunnudagur 13. sept. - **ÖRFÁIR MIÐAR**

Tvær nýjar sýningar komnar í sölu:
Laugardagur. 19. sept. kl. 20
Föstudagur. 25. sept. kl. 20

LEIKSTJÓRN: RÚNAR FREYR GÍSLASON AÐALHLUTVERK: JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON ÞÝÐING: SIGURJÓN KJARTANSSON

WWW.HELLISBUINN.IS

Miðasala á www.miði.is og hjá Íslensku óperunni:
Sími 511 4200 og opið alla daga kl. 14 -18.

THEATER MOGUL

bravó!

! **kl. 20.**
Upplestur í Iðnó á bókmenntahátíð: Benn Q Holm, Naja Marie Aidt, Gintaras Grajauskas, Ingunn Snædal og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.

menning

menning@frettabladid.is

Víkingavesen í Borgarnesi

Á laugardag er mikið um að vera í Borgarnesi. Í tengslum við Landnámssetrið sýnir Víkingafélagið Rimmugýgur bardagalist, dr. William Short og Einar Kárason tala um vopnaburð fornmanna og fyrsta sýning haustsins á Stormum og styrjöldum verður um kvöldið. Vopnaskakið verður á flötinni við Landnámssetrið kl. 15 og 19. Rimmugýgur er íslenskt víkingafélag sem leggur stund á bardagalist með eftirlíkingum víkingavopna. Rimmugýgur dregur nafn sitt af exi Skarphéðins Njálssonar.

Á sögulofti setursins hefst svo kl. 16 fyrirlestur dr. Williams R. Short um vopn og bardagatækni á víkingaöld. Fyrir tíu árum hóf hann rannsóknir á vopnum og bardagalist víkingaaldar og nýverið birti hann niðurstöður sínar í bókinni Wiking Weapons and Combat Techniques.

Að loknum fyrirlestri dr. Shorts flytur Einar Kárason, rithöfundur, „óábyrga hugleiðingu“ um vopn og vopnaburð. Um kvöldið kl. 20 hefst leikhúsárið í Landnámssetrinu með sýningunni Stormar & styrjaldir í flutningi Einars Kárasonar.

MENNING Vopnafræði víkinga í Borgarnesi á laugardag. Short með hjálm.

> Ekki missa af

Fyrstu beinu útsendingu frá Þýskalandi í toppgæðum á fyrstu þremur sinfóníum Beethovens. Útsendingin hefst kl. 18 í Kringlubíói. Henni er fylgt eftir með þremur útsendingum næstu daga sem allar hefjast kl. 18.

Nína í Kína

TÓNLIST Nína Margrét spilar í Kína þessa dagana.

Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari er þessa dagana í tónleikaferðalagi um Kína og kemur fram á átta tónleikum í sjö borgum. Á efnisskránni eru íslensk og kínversk píanóverk auk verka Mozarts, Schumanns, Debussy, Chopins og Mendelssohns. Síðustu tónleikarnir verða hinn 13. september í Peking. **- pbb**

Skuggasveinar gefa út disk

Saman er komin sveit knárra heldri manna úr íslenska tónlistarbransanum sem hafa æft upp prógramm með frumsömdum lögum sem brátt koma út.

Hljómsveitin nefnist Skuggasveinar og liðsmenn eru engir aukvisar: Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson, Vilhjálmur Guðjónsson, Ari Jónsson, Haraldur Þorsteinsson, Árni Jörgensen og Júlíus Hjörleifsson. Væntanleg er frá sveitinni diskur sem skartar nýjum lögum eftir Gunnar, Vilhjálm og Árna.

Allir hafa þeir gert garðinn frægan, sumir frá því snemma á sjöunda áratugnum, aðrir skemur. Gunnar og Magnús léku síðast saman í Sléttuúlfunum ef menn muna rétt. Ari er þekktastur fyrir Roof Tops-árin sín, Haraldur á að baki langan feril sem bassaleikari og eins Vilhjálmur sem margtækur maður á hljóðfæri. Jóhann er yngstur þeirra félaga. Aðkoma Árna er úr annarri átt: Tildrög sveitarinnar var Shadows-prógramm þar sem Árni Jörgensen var kallaður til þátttöku en hann hefur lengi komið fram með Siglfirðingagrúppu sem á rætur sínar að rekja til áranna þegar hljómsveitin Shadows var ráðandi í gítarbítli.

TÓNLIST Magnús, Gunnar, Árni, Haraldur, Ari og Vilhjálmur í hljóðveri Vilhjálms. Jóhann Hjörleifsson var vant við látinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnar Þórðarson segir að fyrir tveimur árum hafi menn komið saman í hljóðveri Villa Guðjóns á Laufásveginum og verið að spila saman á gítara. Þá hafi hugmyndin kviknað fyrir alvöru. Nú hafi sveitin tekið upp átján, nítján lög og smiðshöggið verði slegið um næstu helgi á tólf laga safn. Hvaða tónlist þetta sé? Hann svarar seint og kallar þetta einhvers konar bítl: „Við hlaupum ekki frá okkar áhrifavöldum. Þarna er allt sungið og mikið raddað,“ segir Gunnar. Diskurinn kemur út eftir örfáar vikur.

Annars stefnir Gunnar vestur á Ísafjörð þar sem hann spilar einleikskonsert í Edinborg kl. 20.30 föstudaginn 11. september. **- pbb**

Annie nærri gjaldþrotinu

Á þriðjudag rann út frestur bandaríska ljósmyndarans Annie Leibovitz til að greiða upp skuldir sínar en hún tók stórt lán í bólunni til að greiða hala af lausaskuldum. Lánið stóð í 24 milljónum dala og hafði ekkert verið greitt af því þegar lánandinn, Art Capital Group, hótaði að ganga að veðum: heimilum hennar í Greenwich Village og Rinebeck, og það sem meira er, öllu myndasafni hennar. Leibovitz er einn þekktasti ljósmyndari okkar tíma og vann fyrst fyrir Rolling Stone. Fyrsta verkefni hennar voru víðfrægar myndir af John Lennon í New York 1971. Síðar vann hún fyrir Vanity Fair, en skuldir hennar eru taldar stafa af miklum íburði við tökur á frægustu andlitum heims. Hún hefur nokkrum sinnum komið til Íslands. Annie var um langt skeið sambýliskona Susan Sontag og er mikilsvirtur hluti af aðli New York. Nú eru stórar líkur á að hún missi allt: líka höfundarrétt á milljónum ljósmynda sinna. **- pbb**

MENNING Annie Leibovitz ljósmyndari.

Metsölubókin
Berlínaraspirnar
loksins fáanleg á ný!

Dásamlega klikkuð fjölskyldusaga um alvöru fólk, ljúfsár og fyndin í senn.

Við bjóðum skáldkonuna Anne B. Ragde velkomna á Bókmenntahátíð í Reykjavík.

„Áhrifamikil, vel skrifuð og geysilega heillandi skáldsaga.“
Aftenposten

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Örfáar aukasýningar í september
10.sept kl.21 fimmtudagur
11.sept kl.21 föstudagur
18.sept kl.21 föstudagur
19.sept kl.21 laugardagur
Aðeins þessar sýningar

★★★★★
PBB, Fréttablaðið
9 grímutilnefningar

húmanímal
Hafnarfjarðarleikhúsinu
Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

ÚTSÖLULOK
síðasta helgin

Um helgina verður 60% afsláttur í herra og dömu versluninni og 70% afsláttur í outlet, vintage & one off. Útsölunni lýkur svo á laugardaginn.

Í næstu viku gerist síðan margt spennandi hjá Andersen & Lauth..

Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1934

Herraverzlun, Laugavegi 7
Kvenverzlun, Laugavegi 86-94
Outlet, Vintage & One Off, Laugavegi 7
www.andersenlauth.com

> HALLE Í HASARMYND

Halle Berry er í viðræðum um að leika aðalhlutverkið í hasarmyndinni Dark Tide, sem fjallar um köfunarleiðbeinanda sem snýr aftur í djúpið eftir að hafa næstum dáið í viðskiptum við hvítan hákarl. Tökur hefjast í Suður-Afríku síðar á þessu ári. Framleiðendurnir verða þeir sömu og sendu frá sér hina vinsælu Twilight.

bíó

bio@frettabladid.is

Lagaflækja Hobbitans á enda

Tökur á kvikmynd byggðri á Hobbitanum eftir JRR Tolkien geta nú hafist af fullum krafti eftir að framleiðendurnir komust að samkomulagi við erfingja rithöfundarins. Erfingjarnir höfðuðu mál gegn New Line Cinema í fyrra og kröfðust tæplega þrjátíu milljarða króna í skaðabætur vegna samningsbrots og svika. Voru framleiðendurnir sakaðir um að hafa ekki greitt þeim höfundagjöld vegna Lord of the Rings-þríleiksins sem var einnig byggður á bókum Tolkiens. Erfingjarnir töldu sig eiga rétt á 7,5 prósentum allra tekna sem hlýst af myndum sem gerðar eru eftir bókum Tolkiens.

Núna hefur samkomulag náðst og rennur mestur peningurinn til góðgerðasamtakanna The Tolkien Trust sem styðja ýmis málefni víðs vegar um heiminn. Leikstjórinn Guillermo del Toro getur nú hafist handa við kvikmyndirnar tvær sem gera á eftir Hobbitanum. Fyrri myndin er væntanleg í bíó 2011 og bíða hennar margir með mikilli eftirvæntingu. Bókin, sem kom út 1937, fjallar um ævintýri Bilbó Bagga sem hefur í fórum sínum hringinn sem var svo áberandi í Lord of the Rings.

HRINGURINN Ævintýrum Bilbo Baggins og hringsins verða gerð góð skil í Hobbitanum.

J.R.R. TOLKIEN Hobbitinn er byggður á samnefndri sögu Tolkiens frá árinu 1937.

Unglingar í vanda

Myndirnar Final Destination og Bandslam verða frumsýndar um helgina. Final Destination er fjórða myndin í seríunni. Í henni eru Nick og vinir hans að horfa á kappakstur þegar Nick fær fyrirboða um óhugnanlegt slys. Honum tekst að sannfæra tólf aðra um að yfirgefa svæðið í tæka tíð fyrir slysið. En Dauðinn lætur ekki svíkja sig um nýjar sálir og krakkarnir eru nú hundeltir af honum. Önnur unglingamynd, Bandslam, fjallar um lúðann Will Burton sem vingast við hina vinsælu Charlotte Banks. Hún leyfir honum að gerast meðlimur í hljómsveit hennar, en hún gerir það til að hefna sín á fyrrverandi kærasta sínum.

FINAL DESTINATION Fjórða Final Destination-myndin verður frumsýnd um helgina.

Með allt á hreinu sýnd

Ein vinsælasta bíómynd Íslandssögunnar, Stuðmannamyndin Með allt á hreinu eftir Ágúst Guðmundsson, verður bílabíómynd Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík í ár. Myndin, sem sýnd er í samstarfi við N1, sló öll aðsóknarmet hér á landi þegar hún var frumsýnd árið 1982. Hún segir fá tveimur hljómsveitum, Stuðmönnum og Gærunum, sem bítast um ballmarkaðinn. Sýningin fer fram á malarplaninu fyrir framan aðalbyggingu Háskóla Íslands í nágrenni við Norræna húsið 21. september kl. 21. Miðasala á kvikmyndahátíðina hefst í Eymundsson í Austurstræti 10. september.

MEÐ ALLT Á HREINU Eggert Þorleifsson fór á kostum í Með allt á hreinu.

ANTICHRIST Charlotte Gainsburg fer með aðalhlutverkið í sálfræðihrollvekjunni Antichrist eftir Lars von Trier.

Umdeildur sálfræðihrollur

Sálfræðihrollvekjan Antichrist eftir Lars von Trier verður frumsýnd annað kvöld. Hún er ein fimm mynda sem hafa verið tilnefndar til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs og sem Græna ljósið sýnir um helgina.

Antichrist fjallar um hjón sem lenda í miklum erfiðleikum og konan fær ofsaleg kvíðaköst. Með það að markmiði að græða brostin hjörtu og lagfæra hjónabandið fara þau til afskekkts bústaðar sem þau eiga úti í skógi. Dvölin verður undarlegri og hryllilegri en þau gætu nokkru sinni hafa ímyndað sér þegar náttúran tekur völdin og allt fer á versta veg. Atburðirnir reyna verulega á samband þeirra og þau neyðast til að takast á við sig sjálf og ótta sinn í leiðinni.

Antichrist var kynnt á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor og vakti hún skelfingu hjá áhorfendum og varð umtalaðasta myndin á hátíðinni. Sumir kölluðu hana meistaraverk á meðan aðrir gagnrýndu hana fyrir að vera meðvitað ögrandi og að hún gengi allt of langt í blöndu sinni af hryllingi og erótík. Kvikmyndin hlaut ein verðlaun, Charlotte Gainsbourg var valin besta leikkonan. Með hlutverk eiginmannsins fer Willem Dafoe sem hefur áður leikið fyrir Trier í myndinni Manderlay. Leikstjórinn Lars von Trier er einn fremsti kvikmyndagerðarmaður Dana. Á ferilsskrá hans eru myndir á borð við Breaking the Waves, Idioterne, Dancer in the Dark og nú síðast Direktøren for det hele með Friðrik Þór Friðriksson og Benedikt Erlingsson á meðal leikara. Myndir hans vekja oftar en ekki mikið umtal og er Antichrist þar engin undantekning.

Auk Antichrist verða sýndar í Háskólabíói myndirnar Norður eftir Norðmanninn Rune Denstad Langlo, Sána eftir AJ Annilla frá Finnlandi og Queen Raquela eftir Ólaf Jóhannesson og Ljósár eftir Svíann Mikael Kristersson, sem verður viðstaddur sýningu myndarinnar kl. 18 á laugardaginn. Ein þessara fimm mynda hlýtur síðan Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs sem verða veitt í sjötta sinn 21. október.

Fimm mynda afsláttarpassar eru fáanlegir á 3.000 krónur. Allar myndirnar eru með enskum texta, nema Antichrist sem af einhverjum ástæðum verður með frönskum texta. Hún fer síðan í almennar sýningar 28. september.

HELSTU MYNDIR LARS VON TRIER

Antichrist (2009)
The Boss of It All (2006)
Manderlay (2005)
Dogville (2003)
Dancer in the Dark (2000)
Idioterne (1998)
Breaking the Waves (1996)

Íslensk hvalamorð á leið til Bretlands

Hið óháða breska kvikmyndafélag E1 hefur tryggt sér dreifingarréttinn í Bretlandi á hryllingsmynd Júlíusar Kemp, Reykjavík Whale Watching Massacre. E1 ætlar einnig að dreifa myndinni víðar um heiminn og standa vonir til að samningar um það náist á kvikmyndahátíðinni í Toronto.

„RWWW er ekta splattermynd," sagði Mike Downey hjá Film and Music Entertainment, sem samdi við E1. „Myndin er trú sínum kvikmyndageira og húmorinn gerist ekki svartari. Sem síð-kapítalísk saga passar myndin vel við nútímann. Menn breytast í skrímsli á sama tíma og góðmennska er veikleiki sem leiðir til ósigurs."

JÚLÍUS KEMP Reykjavík Whale Watching Massacre verður dreift um Bretlandseyjar á næstunni.

Forsýning á District 9

Geimverumyndin District 9, sem fór beint á toppinn vestanhafs, verður forsýnd annað kvöld í Sambíóunum við Álfabakka. Sýningin, sem Kvikmyndir.is stendur fyrir, hefst klukkan 22.10 og eru kvikmyndaunnendur hvattir til að mæta enda hefur myndin fengið mjög góða dóma. Hægt er að kaupa miða á síðunni eða í bíóinu sjálfu. Sjálfur Peter Jackson framleiðir District 9 sem fjallar um risastórt geimskip sem lendir í Suður-Afríku. Hópur fólks er sendur á svæðið og flytur geimverurnar um borð yfir á aflokað svæði sem nefnist District 9, með hrikalegum afleiðingum. Myndin verður frumsýnd hérlendis 18. september.

DIOR KYNNING Í HAGKAUP 9.-15. SEPTEMBER

Komdu á Dior daga í Hagkaup Holtagörðum, Smáralind, Kringlu og Skeifunni 9.-15. september.
Falleg gjöf fylgir kaupum*

* Meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> ÁSTVINIR SKIPTA ÖLLU

Rumer Willis, dóttir leikaranna Demi Moore og Bruce Willis, sagði í nýlegu viðtali að hún fyndi til með leikkonunni Mishu Barton. „Þegar maður verður frægur þá er það mjög spennandi. Ég var alin upp í þessu umhverfi og hef þurft að takast á við það og komist að því að það eina sem skiptir máli er fólkið sem maður elskar og styður við bakið á manni.“

fólk

folk@frettabladid.is

Steinunn á Kjarvalsstöðum

Sýning á verkum Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar verður opnuð á Kjarvalsstöðum hinn 21. nóvember. Sýningin mun bera heitið Steinunn og þar verða til sýnis flíkur úr smiðju Steinunnar sem margar hafa ekki verið sýndar hér á landi áður.

„Það er mikill heiður að fá að sýna á Listasafni Reykjavíkur og óneitanlega er það mikils virði að þessi sýning skuli eiga sér stað sama ár og ég er borgarlistamaður,“ segir Steinunn. Hún hefur áður haldið sambærilegar sýningar í hönnunarsöfnum og í listagalleríum erlendis en þetta er í fyrsta sinn sem hún sýnir á listasafni hér heima.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum verða til sýnis um þrjátíu heildstæðar fatasamsetningar og að sögn Steinunnar eru þetta flíkur sem hafa sögu að segja. „Þetta eru flíkur sem mér finnst segja mikið um mig sem hönnuð þó þetta sé ekki yfirlitssýning í hefðbundnum skilningi. Fyrir mér er tíska tímalaus og fallegustu flíkurnar eru þær sem maður getur dregið fram úr fataskápnum aftur og aftur. Ég hef ekki haldið tískusýningar á Íslandi og þar af leiðandi hefur fólk ekki fengið tækifæri til að sjá mikið af því sem ég hef verið að gera þar til nú,“ segir Steinunn að lokum.

- sm



SÝNIR Á KJARVALSSTÖÐUM Sýning á verkum Steinunnar Sigurðardóttur verður opnuð 21. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samdi fyrir Bolton

Söngkonan Lady Gaga hafði mjög gaman af því að semja lag fyrir Michael Bolton á nýjustu plötu hans. „Ég elska Michael Bolton og hef alltaf gert. Ég leit á þetta sem spennandi tækifæri,“ sagði Gaga. „Það var gaman að fá að vinna með eins vönduðum tónlistarmanni og Michael og semja ballöðu. Það var spennandi að gera eitthvað sem ég er góð í en fæ ekki tækifæri til að sýna oft.“ Gaga er um þessar mundir að taka upp ný lög sem verða á plötunni The Fame: Monster, sem er endurútgáfa af fyrstu plötu hennar The Fame.

LADY GAGA Söngkonan hafði mjög gaman af því að semja lag fyrir Michael Bolton.

Par í felum

Nýjustu heimildir herma að leikkonan Evan Rachel Wood og True Blood-leikarinn Alexander Skarsgård hafi verið að hittast á laun í nokkrar vikur. Þau munu hafa gert sitt besta til að halda sambandinu leyndu og gætt þess sjást ekki saman á vinsælum stöðum í borg englanna. Um helgina náðist þó mynd af þeim saman þar sem þau voru á gangi í miðbæ New Orleans, en Skarsgård er staddur þar þessa dagana við tökur á kvikmyndinni Straw Dogs.

- Alhliða fríðindakreditkort fyrir námsmenn
- Engin færslugjöld
- Fyrsta árgjaldið frítt
- Góðar tryggingar

Kaupþing námsmenn
- þegar námið skiptir höfuðmáli

NÝI KAUPÞING BANKI

ÍSLENSKA SÍA.IS KOU 46782 08/09

BRENNIBOLTAFÉLAG REYKJAVÍKUR Konurnar hittast einu sinni í viku og spila saman brennibolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tugir kvenna rifja upp gamla takta í brennibolta

Heiðrún Ólafsdóttir er ein fjörutíu kvenna sem hittast vikulega og spila brennibolta. Keppnisskapið er mikið í konunum og hefur þurft að setja reglur svo allar hagi sér vel.

„Við erum á bilinu þrjátíu til fjörutíu konur sem hittumst vikulega og spilum brennibolta. Þetta átti að vera ákveðið andsvar við fótboltaleiki karlmanna, okkur langaði að gera eitthvað svipað, hittast, hreyfa okkur og hafa það skemmtilegt saman,“ segir Heiðrún Ólafsdóttir, meðlimur í Brenniboltafélagi Reykjavíkur sem var stofnað í vor.

Heiðrún segir að brennibolti sé skemmtileg íþrótt sem allir geta haft gaman af. „Þetta er mjög dreifður hópur sem hittist og spilar. Dætur hafa tekið mæður sínar með á æfingar og öfugt, en við miðum við að leikmenn séu ekki yngri en átján ára því það getur gengið á ýmsu í leikjunum.“ Hún segir að mikill hiti sé í leikmönnum á meðan leikið sé og því hafi reynst nauðsynlegt að semja og skrá niður leikreglur. „Mín ósk var að öll ágreiningsmál yrðu leyst í góðu en keppnisskapið er svo mikið að við höfum þurft að þróa leikreglur til að fara eftir. En þó að keppnisskapið sé mikið er alltaf stutt í gleðina,“ segir Heiðrún.

KEPPNISSKAP Mikill hiti er í leikmönnum á meðan á leik stendur.

„Við höfum spilað vikulega á Miklatúni í sumar og á meðan veður helst gott og enn sæmilega bjart ætlum við að halda áfram að spila úti. Svo færum við okkur inn í sal í vetur.“

Brenniboltafélagið stendur nú í strengu við að skipuleggja Íslandsmeistaramót í brennibolta sem fer fram 26. september. Mótið er sérstaklega ætlað konum og að sögn Heiðrúnar verður skipt í nokkur fimm manna lið sem leika hvert á móti öðru. Hægt er að skrá sig á mótið með því að senda vefpóst á brennibolti@gmail.com. Skráningu lýkur í dag, 10. september.

sara@frettabladid.is

Óskar eftir reynslusögum í bók

„Ég fékk hugmyndina fyrir fjórum árum, þegar ég var ófrísk að eldri stelpunni minni, og er búin að vera með bókina í maganum síðan,“ segir Andrea Björgvinsdóttir. Hún vinnur nú að bók um getnað, meðgöngu og fæðingu sem er áætlað að komi út næsta vor.

„Ég komst í samband við Ragnheiði Helgu Reynisdóttur, nýútskrifaða ljósmóður, í gegnum vinkonu mína. Hún mun vinna alla staðreyndavinnuna í bókinni þar sem ég er ekki fagmaður, en ég skrifa svo textann í kringum það. Þetta á að vera tímalaust uppflettirit, en jafnframt skemmtileg og opinská bók sem svalar þorsta þeirra sem eru að verða eða eru ófrískar,“ útskýrir Andrea. Hún er nú búsett í Kaupmannahöfn þar sem hún stundar söngnám, en hún er nú í fæðingarorlofi eftir að hafa eignast aðra dóttur sína, Eldeyju.

„Bókin verður líka uppfull af reynslusögum kvenna og ég vil endilega fá sem mest af sögum frá konum á öllum aldri til að velja úr. Þetta mega líka vera góð ráð eða frásagnir af einhverju fyndnu sem fólk hefur lent í. Þetta þurfa ekki að vera neinar langlokur og ég er opin fyrir öllu. Það ríkir algjör trúnaður og ég hef bara samband við þær konur sem ég vel sögur frá, en þær þurfa ekki að koma fram undir nafni frekar en þær vilja,“ segir Andrea. Aðspurð segir hún að handritið verði tilbúið 1. nóvember og vonast eftir sem flestum reynslusögum á næstu tveimur mánuðum í gegnum andrea.bje@gmail.com.

- ag

SKRIFAR UM MEÐGÖNGU, FÆÐINGU OG GETNAÐ Andrea vonast eftir sem flestum reynslusögum fyrir bókina, sem kemur út næsta vor.

GUERLAIN

Kynning dagana 10.–12. september í verslunum Hygeu Kringlunni og Smáralind.

Sérfræðingar frá Guerlain verða í Hygeu og veita faglega ráðgjöf til viðskiptavina.

Komdu og kynntu þér Guerlain.

- GROUGE, falleg nýjung í varalitum frá GUERLAIN.
- Terracotta Línan 2009 viðheldur fersku útliti.
- Super Aqua kremlínan, rakabomban fyrir húðina.

Þessi glæsilega taska frá GUERLAIN fylgir með kaupum á tveimur hlutum þar af einu kremi eða farða frá GUERLAIN.

HYGEA
snyrtivöruverslun

Við bjóðum ykkur velkomin
Hygea Kringlunni s: 5334533 og Hygea
Smáralind s:5543960

Bróðir Óla Palla er í Skúrnum

Litli bróðir Óla Palla á Rás 2 heitir Gunnar Gunnarsson og sér um þáttinn Skúrinn ásamt Ragnari Gunnarssyni. Báðir starfa sem tæknimenn hjá Ríkisútvarpinu. „Í Skúrnum er verið að sinna grasrótinni," segir Gunnar. „Við fórum upphaflega í æfingahúsnæði á RÚV-bílnum og tókum upp hljómsveitir, en þar sem það reyndist dálítið mikið mál smölum við nú böndunum inn í stúdíó 12 og tökum þau upp þar."

Þrettán Skúrar hafa farið í loftið til þessa með 2-4 sveitum í hverjum þætti. „Það hafa alls konar hljómsveitir komið fram, bæði þekktar eins og Hoffmann, Weapons og Johnny & The Rest, og óþekktar eins og Ferlegheit og Blinking Number. Það eru 16-17 ára strákar sem líktust helst Þursaflokknum, fannst mér. Elsta bandið var svo Hempujarlar, sextugir karlar í hálfgerðum Megasar-fílingi. Það er allri tónlist gert jafnhátt undir höfði í Skúrnum," segir Gunnar.

Gunnar, sem er 25 ára, fimmtán árum yngri en Óli Palli, segir að stóri bróðir hafi ekki haft hönd í bagga með að koma þættinum á koppinn. „Sigrún Stefáns bað okkur nú bara um að sjá um svona þátt," segir hann. „Auðvitað lít ég upp til stóra bróður, en við erum á allt annarri línu í músíkinni. Á meðan hann hlustar á brit-pop er ég helst fyrir harðari músík, metal og thrash metal."

TAKA UPP GRASRÓTINA Gunnar Gunnarsson og Ragnar Gunnarsson eru alltaf í Skúrnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gunnar segir að Skúrinn verði á dagskrá eins lengi og einhver bönd vilja vera í honum, og biður áhugasama endilega að senda línu á skurinn@ruv.is. Skúrinn er á dagskrá öll fimmtudagskvöld á milli 23 og miðnættis á Rás 2.

- drg

Boðið í lúxusferð til Indlands

Ólafur Jóhannesson hefur í nógu að snúast vegna kvikmyndarinnar Queen Raquela. Hann er á leið á flotta hátíð á Indlandi.

„Alltaf gaman að hitta menntamálaráðherra sem er yngri en maður sjálfur," segir kvikmyndagerðarmaðurinn Ólafur Jóhannesson sem tók við formlegri viðurkenningu úr hendi Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra að mynd hans, The Amazing Truth About Queen Raquela, væri tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs. Afhendingin fór fram í húsakynnum menntamálaráðuneytisins í gær. Ólafur er nú á fullu við að klippa kvikmynd sína Laxdælu Lárusar Skjaldarsonar en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu verður þeim titli breytt þegar nær dregur frumsýningu.

En að drottningunni Raquelu og heimildarmyndinni um hana sem farið hefur sigurför um heiminn. Myndin verður sýnd á fyrstu samkynhneigðu kvikmyndahátíðinni í Serbíu sem nefnist Merlinka og verður haldin nú um helgina. Samkynhneigðir hafa átt erfitt uppdráttar í Serbíu og Gay Pride-gangan í Belgrad hefur yfirleitt leyst upp í slagsmál þegar öfgahópar hafa ráðist á gönguna. Frægt var þegar einn slíkur öfgahópur hótaði gestum Eurovision fyrir tveimur árum að allir þeir sem opinberuðu samkynhneigð sína yrðu ekki látnir óáreittir. „En nú er kominn tími til að víkka aðeins út sjóndeildarhringinn hjá þessu liði," segir Ólafur sem kemst því miður ekki til Serbíu til að vera viðstaddur hátíðina en var að vonum ánægður að myndin skyldi rata þarna inn.

FORMLEG VIÐURKENNING Ólafur tekur við viðurkenningu úr hendi menntamálaráðherrans Katrínar Jakobsdóttur. Heimildarmynd hans, The Amazing Truth About Queen Raquela, er tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

En Ólafur ætlar hins vegar að þiggja boð kvikmyndahátíðar í Bombay á Indlandi. „Já, þetta er einhver svakaleg lúxusferð í fimm daga, allt borgað. Og maður getur ekki sagt nei við slíku," segir Ólafur en hann var að vonum ánægður með þá miklu viðurkenningu sem Queen Raquela hefur fengið. „Þetta er ekki bara einhver ódýr afþreying heldur er þetta saga með fallegan boðskap. Og svo er það líka þannig, að maður er alveg óskaplega hamingjusamur yfir því að hafa rambað á þessa sögu. Krafturinn í Raquelu er svo óskaplega mikill að maður verður einhvern veginn bara fyrir henni."

freyrgigja@frettabladid.is

Leirlistamaður í rokkinu

Hljómsveitirnar DLX ATX, Bárujárn, Me the Slumbering Napoleon og Caterpillarmen leika á skemmtistaðnum Grand Rokk á laugardagskvöldið klukkan 22.00. Hljómsveitin DLX ATX hefur vakið nokkra athygli undanfarið og þykir mjög efnileg. Sveitin leikur háværa en á tímum viðkvæma tónlist sem á rætur í rokkinu. Bassaleikara hljómsveitarinnar, hinum írska Greg Barrett, er þó margt annað til lista lagt því hann vinnur einnig við keramík.

„Ég kynntist keramík þegar ég var að vinna við fornleifauppgröft heima á Írlandi þar sem verið var að grafa upp gamlan miðaldakastala nálægt heimili mínu. Í uppgreftrinum fann ég mikið af brotum af leirmunum og heillaðist af þessu eldgamla listformi. Eftir að hafa unnið við þetta í ár fór ég í skóla í Dublin og lærði keramík. Ég hefði svo sem getað endað í einhverju allt öðru, eins og prjónaskap, en mér fannst skemmtilegast að vinna í keramík því ég hef lúmskt gaman af því að bræða hluti," segir Greg Barrett, en hann flutti hingað til lands fyrir fjórum árum ásamt íslenskri kærustu sinni.

VINNUR MEÐ ÍSLENSKAN LEIR Greg Barrett segist vinna að mestu með íslensk hráefni í leirlistagerð sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Greg segist helst vinna með íslenskan leir búinn til úr náttúrulegum hráefnum. „Þegar ég kom hingað fyrst hafði ég heyrt ýmislegt neikvætt um íslenska leirinn. Ég ákvað samt að prófa sjálfur að vinna með hann og safnaði prufum af leir á ferðum mínum um landið og hef þróað mismunandi tegundir af leir til að vinna úr. Hönnunin mín lítur svolítið út eins og hún hafi dottið aftan af ruslabíl miðað við þessa hreinu og látlausu hönnun sem hefur verið svo vinsæl síðustu ár," segir Greg um leirhönnun sína.

Vilji fólk kynna sér hönnun Gregs frekar er þeim bent á síðuna www.myspace.com/errrth.

- sm

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 10. september

Tónleikar

17.30 Jónas Ingimundarson og Gunnar Guðbjörnsson flytja íslenskar einsöngsperlur á tónleikum í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

21.00 Hljómsveitin Gæðablóð heldur tónleika á Grand Rokk við Smiðjustíg. Enginn aðgangseyrir.

21.00 Hljómsveitin Melchior verður með tónleika á Græna hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri.

21.00 Hljómsveit Vadim Fjodorov heldur tónleika á Kaffi Rosenberg við Klapparstíg, þar sem leikin verða lög af fyrstu plötu tríósins „Papillions noirs" auk laga úr ýmsum áttum.

22.00 Megas og Senuþjófarnir flytja efni hljómplötunnar Millilending í heild sinni á tónleikum á Nasa við Austurvöll. Tónleikarnir eru í tengslum við tónleikaröðina „Manstu ekki eftir mér".

Sýningar

í Þjóðarbókhlöðunni við Arngrímsgötu standa yfir sýningarnar: Kreppan, kreppan mikla 1930-40 Íslenska konan eignaðist rödd, kvennablöð og kvennatímarit. Opið mán.-fim. kl. 8.15-22, fös. kl. 8.15-19, lau. kl. 10-17 og sun. 11-17.

Ólöf Björg Björnsdóttir hefur opnað sýninguna „Visas" á Café Karólínu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið mán.-fim. kl. 11.30-01, fös. og lau. kl. 11.30-03 og sun. kl. 14-01.

Sigurborg Stefánsdóttir myndlistarkona hefur opnað sýningu í kaffihúsi Gerðubergs (Gerðubergi 3-5). Opið virka daga kl. 10-16 og um helgar kl. 13-16.

Síðustu forvöð

Síðustu forvöð að sjá sýningu Kristjáns Steingríms Jónssonar „Staðir" í Menningarmiðstöðinni Skaftfelli við Austurveg á Seyðisfirði. Opið alla daga frá kl. 12 og fram eftir kvöldi.

Handverkskaffi

Kvenfélag Hafnarfjarðarkirkju heldur prjónakaffi í Vonarhöfn (gengið inn suðurmegin) í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju milli kl. 20 og 22. Kynnt verður námskeið í pjónatækni og prjónavörur. Allir velkomnir.

Námskeið

20.00 Sr. Þórhallur Heimisson byrjar í kvöld með námskeið um dulspeki og trúarbrögð í Hafnarfjarðarkirkju. Nánari upplýsingar á www.hafnarfjardarkirkja.is.

Fyrirlestrar

20.00 Í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu munu Daníel Björnsson myndlistarmaður og og Gunnar Karl Níelsson, MBA og kennari við HR, kynna starfsemi og hugmyndafræði Hugmyndahúss háskólanna. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

SHISEIDO

www.shiseido.com

SHISEIDO VIKA Í DEBENHAMS

Dagana 10.-16. sept býður Shiseido þér í Debenhams og upplifa sérhæfðar kremlínur Shiseido sem eru sérsniðnar að þörfum hvers og eins.

Glæsileg skjala/tölvutaska fylgir með ef þú kaupir krem.
Ef þú kaupir í förðunarlínunni þá fylgir snyrtibudda.

Einnig verða kynntir nýju haustlitirnir og nýr farði
Advanced Hydro-Liquid Compact.



DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Hártækja dagar

Öll hársnyrtitæki með góðum afslætti en aðeins í nokkra daga.

Sléttujárn, bylgjujárn, vöfflujárn, hárklippur, krullujárn, nefhárasnyrtar, blásarar, hitaburstar, rakvélar og margt fleira. Vörumerki á borð við **Remington** og **Babyliss**.

byggtogbúið
KRINGLUNNI Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is

> Pape enn á skotskónum fyrir U-19

Íslenska 19 ára landsliðið vann sinn annan sigur á jafnöldrum sínum frá Skotlandi á þremur dögum þegar íslensku strákarnir unnu vináttulandsleik þjóðanna 3-1 í gærdag. Pape Mamadou Faye skoraði fyrsta mark íslenska liðsins en hann skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri á mánudaginn. Mark Pape kom eftir aðeins 15 mínútna leik en Skotar jöfnuðu þremur mínútum síðar. Valsarinn Arnar Sveinn Geirsson skoraði annað mark íslenska liðsins á 36. mínútu en hann er sonur Geirs Sveinssonar, fyrrverandi fyrirliða íslenska landsliðsins í handbolta. Þriðja og síðasta markið skoraði síðan KA-maðurinn Andri Fannar Stefánsson úr vítaspyrnu á 86. mínútu leiksins.

sport
sport@frettabladid.is

ÖRVAR SÆR GÍSLASON: DÆMDI TOPPLEIK Í NORSKU B-DEILDINNI Í FYRRAKVÖLD

Gott að enginn virtist taka eftir mér

Örvar Sær Gíslason, A-dómari í knattspyrnu, dæmdi í fyrrakvöld toppslag Hönefoss og Kongsvinger í norsku B-deildinni í knattspyrnu. Leiknum lauk með 3-1 sigri Hönefoss, sem um leið skellti sér á topp deildarinnar.

Verkefnið er þáttur í norrænum dómaraskiptum sem er samstarfsverkefni knattspyrnusambanda Norðurlandanna og hefur verið við lýði undanfarin ár.

„Þetta gekk ótrúlega vel og ég er mjög sáttur," sagði Örvar í samtali við Fréttablaðið. „Ég fékk líka mjög jákvæð viðbrögð frá aðstoðardómurunum og eftirlitsmanninum. Þeir voru mjög ánægðir."

Örvar gaf fjórar áminningar í leiknum en dæmdi til að mynda enga vítaspyrnu. Hann segir þó að það hafi ekki verið þægilegt að dæma þennan leik.

„Þetta var mjög hraður leikur og það var nokkuð óþægilegt að dæma með mönnum sem ég hafði aldrei hitt áður. Ég hefði frekar viljað hafa mína menn með mér. En aðstoðardómararnir sem voru með mér voru mjög góðir. Þess fyrir utan lenti ég í engu veseni. Leikmenn og þjálfarar virtust vera nokkuð ánægðir með dómgæsluna og langflestir þökkuðu fyrir góðan leik að honum loknum."

Fjölmiðlar í Noregi fjölluðu mikið um leikinn en þó ekki um þátt Örvars. „Ég las stóra umfjöllun í einu dagblaðanna og þar var ekki minnst á dómarann. Þannig á það í raun að vera. Dómarinn á að vera í algjöru aukahlutverki og það er gott að enginn virtist taka eftir mér."

Örvar hefur áður dæmt leiki hjá yngri landsliðum, bæði hér á landi og á Norðurlandamóti U-17 landsliða. Hann á þó ekki von á því að gerast alþjóðlegur dómari, svokallaður FIFA-dómari. „Nei, ég á ekki von á því. Ég er orðinn 35 ára gamall og FIFA-dómarar mega aðeins dæma til 45 ára aldurs. Ég læt því ungu strákana um það."

SIGUR Færeyingar unnu í gærkvöld sinn fyrsta sigur í undankeppni HM 2010.
NORDIC PHOTOS/AFP

Undankeppni HM 2010:

Fyrsti sigur Færeyinga

FÓTBOLTI Færeyingar unnu nokkuð óvæntan 2-1 sigur gegn Litháen í 7. riðli undankeppni HM 2010 í Tóftum í gærkvöldi en þetta var fyrsti sigur Færeyinga í undankeppninni.

Suni Olsen kom Færeyingum yfir þegar um stundarfjórðungur var liðinn af leiknum en Thomas Danilevicius jafnaði leikinn fyrir Litháen stuttu síðar.

Það var svo Arnbjörn Hansen sem kom Færeyingum yfir á nýjan leik á 35. mínútu og það reyndist vera sigurmark leiksins.

Færeyingar voru fyrir leikinn í gærkvöld aðeins með eitt stig í riðlinum eftir jafntefli gegn Austurríki. - óþ

Englendingar með fullt hús stiga

Sigurganga Englendinga undir stjórn Fabio Capello hélt áfram í gær með 5-1 sigri gegn Króatíu í undankeppni HM 2010. Með sigrinum gulltryggðu Englendingar sér farseðilinn á lokakeppnina í Suður-Afríku.

FÓTBOLTI Englendingar bókuðu farseðilinn á lokakeppni HM 2010 með stæl í gærkvöldi með 5-1 sigri gegn Króatíu.

Englendingar fengu sannkallaða draumabyrjun gegn Króötum þegar Frank Lampard skoraði úr vítaspyrnu á 8. mínútu eftir að Aaron Lennon hafði fallið í teignum. Hinn eldsnöggi Lennon var aftur á ferðinni stuttu síðar þegar hann lagði upp skallamark fyrir Steven Gerrard og yfirburðir Englendinga voru algjörir á vellinum. Veislan hélt áfram hjá Englandi í síðari hálfleik þegar Lampard og Gerrard bættu báðir við marki áður en Eduardo klóraði í bakkann fyrir Króata. Það var svo Wayne Rooney sem innsiglaði glæsilegan 5-1 sigur Englands, sem hefur nú unnið alla átta leiki sína í 6. undanriðlinum. Króatar eiga aftur á móti í harðri baráttu við Úkraínumenn um annað sæti riðilsins.

Óvænt jafntefli hjá Dönum

Spennan er þó meiri í 1. undanriðlinum þar sem Norðurlandaþjóðirnar Svíþjóð og Danmörk berjast við Portúgal og Ungverjaland. Danir eru sem fyrr efstir í riðlinum þrátt fyrir óvænt jafntefli gegn Albaníu í gærkvöldi á meðan Svíar og Portúgalar unnu sína leiki.

FÖGNUÐUR Frank Lampard fagnar hér öðru marka sinna í gærkvöld. Yfirburðir Englendinga voru miklir í leiknum.
NORDIC PHOTOS/AFP

Portúgal vann mikilvægan 0-1 sigur gegn Ungverjum með marki Pepe á meðan Svíar rétt mörðu Möltu 0-1 með sjálfsmarki. Maltverjar eru eina þjóðin í undankeppninni sem hefur ekki skorað mark.

Frökkum mistókst að saxa á forskot Serba í 7. undanriðli þegar þjóðirnar skildu jafnar 1-1 en Frakkar léku stærstan hluta leiksins manni færri eftir að markvörðurinn Hugo Lloris hafði fengið rautt spjald snemma leiks. Nenad Milijas kom Serbum yfir með marki úr vítaspyrnu en Thierry Henry jafnaði fyrir Frakka þegar um hálftími var liðinn af leiknum.

Serbar eru áfram með fjögurra stiga forskot á Frakka þegar tveir leikir eru eftir í riðlinum.

Þá eru heimsmeistarar Ítala í ákjósanlegri stöðu í 8. riðli eftir 2-0 sigur gegn Búlgaríu.

Norðmenn enduðu í öðru

Í 9. riðli, sem Íslendingar léku í, náðu Norðmenn að skjótast upp í annað sætið eftir 2-1 sigur gegn Makedóníu á meðan Skotar töpuðu 0-1 fyrir Hollendingum, sem voru fyrir löngu síðan búnir að tryggja sig áfram og enduðu riðilinn með fullt hús stiga.

omar@frettabladid.is

Frábær fjögurra marka sigur á Norður-Írum:

Stærsti útisigurinn

FÓTBOLTI Íslenska U-21 landsliðið vann frábæran 6-2 sigur á Norður-Írlandi í fyrrakvöld í undankeppni EM 2011. Ísland var 4-0 yfir í hálfleik og komst svo í 5-0 áður en Norður-Írar náðu að klóra í bakkann. Rúrik Gíslason skoraði tvö mörk og þeir Bjarni Þór Viðarsson, Aron Einar Gunnarsson, Alfreð Finnbogason og Jóhann Berg Guðmundsson eitt hver.

Þetta er aðeins í annað skipti sem Ísland vinnur fjögurra marka sigur í undankeppni stórmóts. Hitt skiptið var frægur 4-0 sigur á Finnlandi á Akureyri árið 1989 þar sem Eyjólfur Sverrisson skoraði öll mörk Íslands. Eyjólfur er einmitt nú þjálfari U-21 landsliðsins.

Sigurinn á Norður-Írum er sá stærsti á útivelli frá upphafi. Ísland hefur tvívegis unnið þriggja marka sigur á útivelli, í Litháen árið 1998 (0-3) og í Svíþjóð árið 2005 (1-4) en Eyjólfur var einnig þjálfari liðsins í síðari leiknum.

Stærsti sigur Íslands þegar allir leikir eru meðtaldir var gegn Eistlandi árið 1995. Ísland tók þá þátt í æfingamóti á Kýpur og vann 7-0 sigur. Ísland vann ári síðar æfingaleik gegn Möltu hér heima, 6-0. Stærsta tapið kom hins vegar gegn Tékkóslóvakíu ytra árið 1990 en Ísland tapaði þá 7-0.

Íslenskt U-21 lið lék sinn fyrsta leik árið 1978 þegar það tapaði fyrir Noregi, 1-0, í vináttulandsleik. Ísland vann sinn fyrsta útisigur í Danmörku árið 1987 í undankeppni EM 1988. Lokatölur voru 3-1, Íslandi í vil. - esá

EYJÓLFUR SVERRISSON
Á ríkan þátt í hinum ýmsu metum íslenska U-21 landsliðsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/E. STEFÁN

HEIÐAR Er eftirsóttur þessa dagana ef marka má breska fjölmiðla.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Heiðar Helguson:

Orðaður við Boro og Watford

FÓTBOLTI Samkvæmt breskum fjölmiðlum í gær stendur nú yfir mikið kapphlaup á milli ensku b-deildarfélaganna Middlesbrough og Watford um landsliðsframherjann Heiðar Helguson sem er á mála hjá QPR í sömu deild.

Heiðar var einnig orðaður við áðurnefnd félög áður en félagaskiptaglugganum var lokað en nú er talað um þriggja mánaða lánssamning.

Heiðar lék sem kunnugt er hjá Watford á sínum tíma í fimm og hálft ár við góðan orðstír og skoraði 64 mörk fyrir félagið á þeim tíma en Boro hefur aftur á móti verið að leita að framherja eftir að félagið missti framherjana Tuncay Sanli og Afonso Alves á dögunum. - óþ

HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

GARÐAR Skoraði fyrsta mark Íslands í leiknum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Garðar Jóhannsson:

Þarf að vinna þessa leiki líka

FÓTBOLTI Garðar Jóhannsson var sáttur við sinn leik gegn Georgíu en hann skoraði sitt fyrsta landsliðsmark í leiknum.

„Ég hefði nú getað skorað annað en ég er þokkalega sáttur. Það hefði getað gengið betur en líka gengið verr," sagði Garðar.

„Við byrjuðum miklu betur, en svo var eins og menn væru hættir í smá stund. Í seinni hálfleik settum við aftur í gang. Þetta var ekki besta landslið sem við höfum mætt en það þarf að vinna þessa leiki líka." **- egm**

Indriði Sigurðsson:

Erum klárlega á réttri leið

FÓTBOLTI „Ég hef ekki spilað marga leiki með landsliðinu sem hafsent en ég fann mig vel," sagði Indriði Sigurðsson eftir leikinn. „Þetta er auðvitað mín óskastaða en ég hef skilning á því að við eigum marga góða hafsenta og ef þörf er á mér í bakverði þá spila ég þar."

Varðandi styrkleika georgíska liðsins sagði Indriði: „Þú ert ekki sterkari en andstæðingurinn leyfir. Við höfum oft lent í ströggli í svona leikjum en kláruðum þetta í dag og það er jákvætt þó að þið blaðamenn viljið oft snúa þessu upp í eitthvað neikvætt."

Indriði telur að íslenska landsliðið sé á réttri leið. „Það er samt synd hvað þetta er að koma seint en síðustu leikir hafa verið fínir. Við byrjuðum leikinn í kvöld mjög vel en slökuðum svo aðeins á og hleyptum þeim aðeins inn í leikinn," sagði Indriði. - egm

Nú nýttu Íslendingar færin

Ísland vann í gær 3-1 sigur á slöku varaliði Georgíu. Íslenska liðið var að stórum hluta skipað reynslulitlum leikmönnum sem flestir sýndu þó að þeir ættu erindi í liðið. Landsliðsþjálfarinn var afar sáttur við frammistöðu sinna manna.

FÓTBOLTI Ísland vann í gær 3-1 sigur á Georgíu í vináttulandsleik á Laugardalsvelli. Bæði lið mættu mikið breytt frá síðustu leikjum sínum en það virtist koma lítið að sök hjá íslenska liðinu að þessu sinni.

Íslendingar byrjuðu vel og léku glimrandi fína knattspyrnu fyrstu 25 mínútur leiksins. Garðar Jóhannsson og Ólafur Ingi Skúlason opnuðu báðir markareikninginn sinn fyrir íslenska landsliðið með flottum mörkum. Ólafur Ingi fékk svo reyndar stuttu síðar gott færi til að skora sitt annað mark en skallaði þá yfir markið.

Íslensku leikmennirnir héldu boltanum vel á þessum kafla og léku einfalda en árangursríka knattspyrnu. Þeir voru duglegir að sækja upp kantana og sköpuðu ágæt færi.

En eins og hendi væri veifað skiptu íslensku leikmennirnir algerlega um ham og fóru hreinlega að spila illa. Georgía uppskar ódýrt mark sem hefði auðveldlega verið hægt að forða og ógnaði þar að auki nokkrum sinnum í kjölfarið.

